Bændablaðið

17. tölublað 2025 • Fimmtudagur 25. september • Blað nr. 687 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Íslenskt hveiti þróað

Mikill kraftur hefur verið settur í rannsóknir á hveiti í gegnum plöntukynbótaverkefnið Völu.

4



Ýtt undir áburðarnýtni

Talsvert er litið til bænda-stéttarinnar í nýjum tillögum í loftslagsmálum.

6



Innflutt hráefni algeng í veitingarekstri

Veitingamenn sækja í jöfn og stöðug gæði, sama hvaðan þau koma.

20–21





Leitir gengu vel og fallegt fé skilaði sér í Reykjaréttir á Skeiðum laugardaginn 13. september. Áætlað er að rúmlega 4.500 fjár hafi verið í réttunum þennan dag, en talsverð fækkun hefur orðið á síðustu árum. Fyrir átta árum voru um 7.000 fjár í Reykjaréttum, en lengi hafa þær verið taldar meðal fjárflestu rétta á Suðurlandi. Margmenni er jafnan í Reykjaréttum.

Mynd / Hulda Finnsdóttir

Baráttan við Norðurál

Ragnheiður Þorgrímsdóttir, bóndi á Kúludalsá í Hvalfirði, hefur gefið út bók þar sem hún gerir upp langa baráttu við Norðurál, vegna meintrar flúormengunar sem hún telur að hafi valdið alvarlegum heilsubresti í sínum hrossum.

Í bókinni „Barist fyrir veik hross“ rekur Ragnheiður alla málavexti, allt frá því að hrossin hennar byrjuðu að veikjast eitt af öðru um vorið 2007.

Hún segist hafa frétt tveimur árum síðar af mengunarslysi hjá Norðuráli, sem er um fimm kílómetra austan við beitarhaga hrossanna.

Til staðfestingar á almennum áhrifum mengunarinnar á búfé í Hvalfirði, vísar Ragnheiður á rannsókn sem gerð var af Gyðu S. Björnsdóttur, umhverfisfræðingi og fyrrum íbúa í Kjós. Hún vann lokaverkefni sitt við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands árið 2014 sem bar heitið: Sýnir sauðfé við Hvalfjörð merki um líffræðilegt álag af völdum mengunar? „Rannsóknin leiddi í ljós marktækt minni frjósemi sauðfjár vestan við iðjuverin á Grundartanga miðað við önnur svæði í grennd við Norðurál, einnig að heilsa sauðfjár var verri og gæði ullar rýrari vestan við iðjuverin.

Nú hafa öll veiku hrossin sem veiktust á bænum verið felld, tuttugu og fimm talsins, en Ragnheiður er ákveðin í því að þessu máli sé ekki lokið. */smh*

– Sjá nánar á síðum 32–33

Bændur styrktir til að minnka losun

Í tillögum stjórnvalda um markmið til ársins 2035 í samfélagslosun gróðurhúsalofttegunda er í fyrsta sinn gert ráð fyrir beinum fjárstuðningi við landbúnaðinn til að ýta undir samdrátt.

Alls er stefnt að 50–55% samdrætti í samfélagslosun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2035. Hvað samfélagslosun varðar eru vegasamgöngur og landbúnaður sagðar vera með mestu losunina. Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar markist af því.

Nákvæmnisdreifing áburðar

„Áætlaður er markviss fjárfestinga-stuðningur í landbúnaði til að styrkja bændur, m.a. til að rannsaka þörf á áburði, svo rétt magn sé borið á, og styrkja kaup á tækjum til þess sem er kallað nákvæmnisdreifing áburðar, þar sem hver skiki lands fær nákvæmlega þann áburð sem þarf. Greining KPMG fyrr á árinu sýndi okkur að þarna má vænta gríðarlegs loftslagsávinnings. Þetta er líka fjölþættur ávinningur; minnkandi losun, reglulegur sparnaður fyrir bændur, betri meðferð á takmörkuðum auðlindum og minni vistkerfisröskun. Þetta snýst því ekki aðeins um loftslagið heldur líka um framleiðni, fæðuöryggi og verðmætasköpun,“ sagði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Jóhann Páll Jóhannsson, þegar hann kynnti á dögunum þau verkefni Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem koma eiga til framkvæmda á árunum 2025 og 2026.

Umræddur fjárfestingastuðningur stjórnvalda við bændur beinist að því að minnka áburðarnotkun, að gera rannsóknir á jarðvegi og mat á kölkunar- og áburðarþörf og styðja við bændur, samvinnu- og búnaðarfélög til að kaupa tæki til nákvæmnisdreifingar áburðar. Um er að ræða nýja nálgun af hálfu stjórnvalda en frekari útfærslu er að vænta og upphæðir liggja ekki fyrir.

Landbúnaður lykilverkfæri

„Það er fagnaðarefni að finna mikinn vilja hjá stjórnvöldum til að styðja bændur á þeirri vegferð að halda áfram á sömu braut góðra búskaparhátta,“ segir Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

„Við erum að upplifa vitundarvakningu um það að landbúnaðurinn er lykilverkfæri í þeirri vegferð samfélagsins að ná árangri í loftslagsmálum og að þétt samstarf sé leiðin fram á við. Orð ráðherra bera með sér að hann skilji stöðuna eins og við sem erum í forsvari fyrir bændur, á þann veg að fjárhagslegur stuðningur og ábati þurfi að vera til staðar fyrir alla aðila til að ná því stökki sem þarf í árangri aðgerða, þannig að metnaðarfullum markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum verði náð,“ segir Trausti.

Hann bendir jafnframt á mikilvægi Loftslagsvegvísis bænda og þann árangur sem þeir hafi náð í loftslagsmálum með t.d. öflugu kynbótastarfi og betri nýtingu aðfanga. */sá*

– Sjá nánar á síðu 6



Bændablaðið

17. tölublað 2025 • Fimmtudagur 25. september • Blað nr. 687 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Íslenskt hveiti þróað

Mikill kraftur hefur verið settur í rannsóknir á hveiti í gegnum plöntukynbótaverkefnið Völu.

4



Ýtt undir áburðarnýtni

Talsvert er litið til bænda-stéttarinnar í nýjum tillögum í loftslagsmálum.

6



Innflutt hráefni algeng í veitingarekstri

Veitingamenn sækja í jöfn og stöðug gæði, sama hvaðan þau koma.

20–21





Leitir gengu vel og fallegt fé skilaði sér í Reykjaréttir á Skeiðum laugardaginn 13. september. Áætlað er að rúmlega 4.500 fjár hafi verið í réttunum þennan dag, en talsverð fækkun hefur orðið á síðustu árum. Fyrir átta árum voru um 7.000 fjár í Reykjaréttum, en lengi hafa þær verið taldar meðal fjárflestu rétta á Suðurlandi. Margmenni er jafnan í Reykjaréttum.

Mynd / Hulda Finnsdóttir

Baráttan við Norðurál

Ragnheiður Þorgrímsdóttir, bóndi á Kúludalsá í Hvalfirði, hefur gefið út bók þar sem hún gerir upp langa baráttu við Norðurál, vegna meintrar flúormengunar sem hún telur að hafi valdið alvarlegum heilsubresti í sínum hrossum.

Í bókinni „Barist fyrir veik hross“ rekur Ragnheiður alla málavexti, allt frá því að hrossin hennar byrjuðu að veikjast eitt af öðru um vorið 2007.

Hún segist hafa frétt tveimur árum síðar af mengunarslysi hjá Norðuráli, sem er um fimm kílómetra austan við beitarhaga hrossanna.

Til staðfestingar á almennum áhrifum mengunarinnar á búfé í Hvalfirði, vísar Ragnheiður á rannsókn sem gerð var af Gyðu S. Björnsdóttur, umhverfisfræðingi og fyrrum íbúa í Kjós. Hún vann lokaverkefni sitt við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands árið 2014 sem bar heitið: Sýnir sauðfé við Hvalfjörð merki um líffræðilegt álag af völdum mengunar? „Rannsóknin leiddi í ljós marktækt minni frjósemi sauðfjár vestan við iðjuverin á Grundartanga miðað við önnur svæði í grennd við Norðurál, einnig að heilsa sauðfjár var verri og gæði ullar rýrari vestan við iðjuverin.

Nú hafa öll veiku hrossin sem veiktust á bænum verið felld, tuttugu og fimm talsins, en Ragnheiður er ákveðin í því að þessu máli sé ekki lokið. */smh*

– Sjá nánar á síðum 32–33

Bændur styrktir til að minnka losun

Í tillögum stjórnvalda um markmið til ársins 2035 í samfélagslosun gróðurhúsalofttegunda er í fyrsta sinn gert ráð fyrir beinum fjárstuðningi við landbúnaðinn til að ýta undir samdrátt.

Alls er stefnt að 50–55% samdrætti í samfélagslosun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2035. Hvað samfélagslosun varðar eru vegasamgöngur og landbúnaður sagðar vera með mestu losunina. Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar markist af því.

Nákvæmnisdreifing áburðar

„Áætlaður er markviss fjárfestinga-stuðningur í landbúnaði til að styrkja bændur, m.a. til að rannsaka þörf á áburði, svo rétt magn sé borið á, og styrkja kaup á tækjum til þess sem er kallað nákvæmnisdreifing áburðar, þar sem hver skiki lands fær nákvæmlega þann áburð sem þarf. Greining KPMG fyrr á árinu sýndi okkur að þarna má vænta gríðarlegs loftslagsávinnings. Þetta er líka fjölþættur ávinningur; minnkandi losun, reglulegur sparnaður fyrir bændur, betri meðferð á takmörkuðum auðlindum og minni vistkerfisröskun. Þetta snýst því ekki aðeins um loftslagið heldur líka um framleiðni, fæðuöryggi og verðmætasköpun,“ sagði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Jóhann Páll Jóhannsson, þegar hann kynnti á dögunum þau verkefni Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem koma eiga til framkvæmda á árunum 2025 og 2026.

Umræddur fjárfestingastuðningur stjórnvalda við bændur beinist að því að minnka áburðarnotkun, að gera rannsóknir á jarðvegi og mat á kölkunar- og áburðarþörf og styðja við bændur, samvinnu- og búnaðarfélög til að kaupa tæki til nákvæmnisdreifingar áburðar. Um er að ræða nýja nálgun af hálfu stjórnvalda en frekari útfærslu er að vænta og upphæðir liggja ekki fyrir.

Landbúnaður lykilverkfæri

„Það er fagnaðarefni að finna mikinn vilja hjá stjórnvöldum til að styðja bændur á þeirri vegferð að halda áfram á sömu braut góðra búskaparhátta,“ segir Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

„Við erum að upplifa vitundarvakningu um það að landbúnaðurinn er lykilverkfæri í þeirri vegferð samfélagsins að ná árangri í loftslagsmálum og að þétt samstarf sé leiðin fram á við. Orð ráðherra bera með sér að hann skilji stöðuna eins og við sem erum í forsvari fyrir bændur, á þann veg að fjárhagslegur stuðningur og ábati þurfi að vera til staðar fyrir alla aðila til að ná því stökki sem þarf í árangri aðgerða, þannig að metnaðarfullum markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum verði náð,“ segir Trausti.

Hann bendir jafnframt á mikilvægi Loftslagsvegvísis bænda og þann árangur sem þeir hafi náð í loftslagsmálum með t.d. öflugu kynbótastarfi og betri nýtingu aðfanga. */sá*

– Sjá nánar á síðu 6



Grímsstaðir:

Mikil eftirspurn eftir slátrun

– Komin með nýtt starfsleyfi fyrir aukin afköst

Á Grímsstöðum í Reykholtsdal í Borgarfirði hefur verið rekið lítið sláturhús heima á bænum frá því að slík heimild fékkst með útgáfu reglugerðar árið 2021. Nú hafa bændurnir fengið nýtt starfsleyfi sem rúmar meiri afköst á dag, en mikil eftirspurn er eftir sláturþjónustu á Grímsstöðum, frá sauðfjárbændum sem selja afurðir sínar beint frá býli.

„Við vorum að fá nýja starfsleyfið sem gefur okkur kost á að slátra fleiri gripum á dag og við byrjuðum að slátra 22. september," segir bóndinn Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir, sem markaðssetur sauðfjárafurðir sínar undir vörumerkinu Grímsstaðakjet.



Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir á Grímsstöðum í Reykholtsdal í upphafi sláturtíðar á bænum.

Vonast til að ná 120 gripum á viku

Þau hafa frá byrjun viljað slátra fleiri gripum á dag og sóttu um undanþágu sem fékkst ekki samþykkt. „Miðað við fyrra leyfið var takmörkun við 30 gripi á dag – eða 150 á viku. Í lok ágúst fengum við svar úr ráðuneytinu um að þessu yrði ekki breytt. Við erum í raun ekki nema tvo og hálfan tíma að klára þessa 30 gripi og þá er allur dagurinn eftir. Í fyrra slátruðum við þrjá daga vikunnar, með tilheyrandi aukakostnaði sem hlýst að því hversu vinnudagurinn er stuttur.

Þessi aukakostnaður leggst ekki eingöngu á mig, heldur líka á ríkið sem greiðir kostnað fyrir eftirlitsdýralækni sem er alltaf viðstaddur slátrun. Með því að uppfæra sláturleyfið get ég lengt vinnudaginn hjá starfsmönnunum og nú er planið að slátra tvo daga í viku. Þannig græðum við aukadag í vinnslunni, þar sem við erum að saga og úrbeina – og getum þá afgreitt pantanir hraðar en við náðum í fyrra. Við erum nú að vonast til að ná 120 gripum á viku. Á móti kemur að nú þarf ég að standa straum af kostnaði við dýralækni."



Með því að slátra tvo daga vikunnar græðir Jóhanna aukadag í vinnslunni og getur þá afgreitt pantanir hraðar en í fyrra. Myndir / Aðsendar

Ásókn beint frá býli bænda

„Samkvæmt Excel-skjalinu á þetta að enda réttum megin við núllið. En það er bara vegna þess að ásókn beint frá býli bænda um að koma með fé í slátrun til mín hefur aukist gríðarlega núna eftir að sláturhúsið á Blönduósi var lagt niður. Við tökum við gripum í slátrun úr Vesturlandshólfi.

Það er búið að ríkja mikil óvissa hjá beint frá býli-bændum í sumar, því nú er ekkert af stóru sláturhúsunum sem býður upp á að skrokkar fái að hanga í meira en þrjá sólarhringa eftir slátrun.

Eftir að samtökin Beint frá býli og samtök smáframleiðenda funduðu með KS hafa þeir komið með úrbætur fyrir beint frá býli-bændur og bjóða þeim að slátra hjá sér á föstudögum, og þá fá skrokkarnir að hanga til mánudags, sem er strax miklu betra en ekkert," segir Jóhanna enn fremur. */smh*



Gabríel Olav Auðunsson úti á blómkálsakrinum. Myndir / Aðsendar

Útiræktun grænmetis:

Stefnir í metuppskeru

Ein umfangsmesta útiræktun grænmetis á landinu er á Böðmóðsstöðum 4 í Bláskógabyggð og þar stefnir í metuppskeru eftir ótrúlega hagstætt ræktunarsumar.

Auðunn Arnason og Maria Wang búa þar – og sonurinn Gabríel hefur látið æ meira til sín taka við ræktunina á undanförnum árum og hyggst taka alfarið við rekstrinum á næstu misserum.



Uppskeru- og sölutími blómkálsins er frekar stuttur á Íslandi.

50 tonn af blómkáli

Þeirra stærstu tegundir í ræktun eru blómkál og kínakál. Auðunn segir það misjafnt eftir grænmetistegundum hvenær hægt sé að byrja að uppskera og hversu lengi fram á haust ráðlagt sé að bíða. „Við erum að skera blómkál núna til dæmis og það verður að klára það áður en frostið kemur. Þannig að við vonumst eftir að haustið verði gott svo við náum allri uppskerunni.

Annars er óvenjugóð uppskera í öllum tegundum hjá okkur – og þar sem svo langt er liðið á ræktunartímabilið þá held ég að mér sé óhætt að fullyrða að það verði mesta uppskera hjá okkur frá upphafi. Við höfum verið með kannski í kringum 35 tonn af blómkáli í meðalári, en núna stefnir í um 50 tonn af blómkáli en reyndar var aðeins meira plantað út. Svo eru hausarnir ívið stærri en vanalega. Það á reyndar við um allt grænmetið og er kannski einu neikvæðu hliðaráhrifin af þessu tíðarfari, en markaðurinn vill síður hausa í stærri kantinum eins og á blóm- og hvítkáli. Þetta er reyndar ekki vandamál í rauðkálinu því þar verða hausarnir aldrei í yfirstærð.

Rauð- og hvítkál í október

Samkvæmt venju gangi markaðstími íslenska blómkálsins hratt yfir, því það sé viðkvæmt í geymslu og spretti fljótt úr sér á ökrunum. „Ég vona bara að við íslensku ræktendurnir fáum frið fyrir innflutningnum á meðan. „Reyndar sé ég í verslunum að það er enn verið að flytja inn kínakál í samkeppni við okkur og ég verð að segja að mér finnst það alveg ótrúlegt."

Í kínakálinu stefnir uppskeran í um 40 tonn sem er nokkuð meira en vanalega á Böðmóðsstöðum. „Þetta er raunar svo mikið magn að ég á ekki von á því að það seljist allt," segir Auðunn.

Hann bætir við að ef veðurskilyrði verði áfram góð sé beðið með uppskeru í rauð- og hvítkáli þangað til í október – og reyndar blöðrukálinu líka.

Þessar káltegundir þoli mun meiri kulda en blóm- og kínakál til dæmis.

Ætla að auka framleiðsluna enn frekar

Á undanförnum fimm árum hefur aukning í framleiðslu verið um 20 prósent á hverju ári á Böðmóðsstöðum, mest í blómkáli, og áætlar Auðunn að um helmingur alls blómkáls á íslenskum markaði sé frá þeim.

Ætlar Gabríel að auka heildarframleiðsluna enn meira á næstu árum og prófa fleiri tegundir. */smh*



Matvælaframleiðsla:

Innflutningur falinn í veitingarekstri

Mikill innflutningur á matvælum fer fram hjá neytendum þar sem framleiðendur miða að því að uppfylla þarfir smásölunnar. Á meðan sitja veitingamenn og matvælaframleiðendur á hakanum og nýta sér erlend hráefni.

Veitingamenn kvarta margir undan því að ekki sé hægt að reiða sig á jöfn og stöðug gæði á innlendu hráefni. Því er afar algengt að matreitt sé úr innfluttum aðföngum á veitingahúsum. Fer það gjarnan fram hjá neytendum, því að ekki þarf að taka fram uppruna hráefna á veitingastöðum nema viðskiptavinirnir óski eftir því sérstaklega. Í verslunum er hins vegar hægt að lesa á umbúðum eða verðmerkingum hver uppruninn er.

Í fréttaskýringu aftar í blaðinu er rætt við nokkra veitingamenn sem segja ýmsar hindranir koma í veg fyrir að veitingahús geti reitt sig á innlent hráefni. Í því samhengi skiptir verð hráefnisins ekki alltaf mestu máli, heldur er það jafnt aðgengi að gæðavöru í því magni sem veitingahúsin þurfa. Þar er sérstaklega talað um nautakjöt, en sumir veitingamenn reiða sig alfarið á innflutning. Lambakjöt er enn þá ráðandi í veitingarekstri, en hjá heildsölum má sjá að hægt er að kaupa lamb að utan. Því má ætla að einhver markaður sé fyrir því hráefni. Fiskur á veitingastöðum er meira og minna íslenskur, fyrir utan sjaldgæfari tegundir eins og túnfisk, humar, krabba og annað í þeim dúr. Mismunandi er hvort grænmeti sé íslenskt, en einn veitingamaður sem rætt var við sagði fjórðung koma frá íslenskum bændum núna. Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall breytist utan uppskerutíma.

Veitingamenn sem vilja bjóða alfarið upp á íslenskt hráefni eru að setja sér þröngan ramma, því að aðgengi að efnivið getur tekið miklum breytingum. Þeir þurfa því að leggja á sig aukna vinnu við að útvega hráefni í gegnum marga aðila í staðinn fyrir að fá allt í gegnum eina heildsölu. Þá þarf að verja tíma í að þjálfa starfsfólk til að vinna með síbreytilegan matseðil. Vegna sterks gengis krónunnar er lítill efnahagslegur hvati til þess að leita uppi íslensk aðföng. *– Sjá nánar á síðum 20–21.*

/ál

NÝR TOYOTA **COROLLA CROSS** HYBRID AWD-i

CROSS FYRIR FJÖLSKYLDUNA

Vertu klár í ævintýrin með nýjum Toyota **Corolla Cross** Hybrid AWD-i
- rúmgóður og fjórhjóladrifinn sportjeppi fyrir fjölskylduna.

TOYOTA **COROLLA CROSS** HYBRID AWD-i
VERÐ FRÁ **8.050.000 KR.**

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilegar það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur. Sjá nánar á www.toyota.is



Nýjum hveititilraunum var sáð um miðjan ágúst og er það allt farið að spretta. Næsta sumar heldur vöxturinn áfram og verður uppskera að hausti 2026.
Mynd / Aðsend

Íslenskt hveiti þróað

Mikill kraftur hefur verið settur í rannsóknir á hveiti í gegnum plöntukynbótaverkefnið Völu. Nú er unnið að þróun hveitiyrkja sem henta íslenskum aðstæðum.

Egill Gunnarsson er umsjónarmaður hveititilrauna fyrir plöntukynbótaverkefnið. Hann var ráðinn þangað fyrr á þessu ári og tók við tilraunum sem voru lagðar út í fyrra. Unnið er með svokölluð vetraryrki sem eru skorin upp að hausti rúmu ári eftir sáningu. Af þeim 1.200 tilraunareitum sem sáð var í voru 300 reitir með tíu prósent eða meiri lifun. Þannig sé hægt að sigta út það sem þrífst ekki.

Forfeður íslensks yrkis

„Hver reitur er í kringum þriðjung úr fermetra. Við förum reglulega og svipgerðadæmum ýmsa eiginleika, eins og lifun, þrótt og hæð að hausti. Svo förum við um miðjan vetur og leggjum mat á hvort hveitið lifi veturinn af. Að vori dæmum við aftur lifun og þrótt, mælum hæð og öx, skráum skriðdagsetningar, þroskadagsetningar, skoðum legu og brot. Kornkynbætur eru að miklu leyti eins og að dæma lömbin á haustin," segir Egill.

„Við erum að dæma hvað við getum notað áfram sem kynbótaefnivið. Þessar kynbótalínur eru ekki eitthvað sem við ætlum að nota til að rækta hveiti á Íslandi í náinni eða fjarlægðri framtíð, heldur verða þetta forfeður íslensks yrkis," segir Egill. Aðspurður segist hann hafa mikla trú á að kynbótaverkefnið muni efla hveitirækt til muna og að eftir nokkur ár geti Íslendingar farið að rækta hveiti á markvissari hátt. Erlend yrki hafa verið notuð hérlendis og hefur það sýnt sig að hægt er að fá góða uppskeru.

Erum mjög háð hveiti

„Við getum sagt sem svo að ég sé á sama stað með þetta verkefni og Klemens á Sámsstöðum var í kringum 1960 og Jónatan Hermannsson um 1980, en þá var ekki til neinn innlendur efniviður í byggrækt. Mitt úrlausnarefni er að búa til grunn að íslenskri hveitirækt og núna höfum við miklu meiri þekkingu og tækni en þessir frábæru menn höfðu á sínum tíma. Þeir höfðu ekki DNA-greiningar, erfðamengisúrval eða nútíma tölfræðiforrit og tölvur. Stefnan er að eftir tvö til þrjú ár verðum við komin með íslenskar kynbótalínur í hveiti," segir Egill, sem dáist að hyggjuviti forvera sinna sem náðu miklum árangri með þeirri tækni sem stóð þeim til boða.



Egill Gunnarsson, umsjónarmaður hveititilrauna.
Mynd / ál

Egill bendir á að Íslendingar flytji inn hveiti í miklu magni, bæði til manneldis og sem dýrafóður. Því sé til mikils að vinna að auka hlutfall innlendrar framleiðslu til þess að Íslendingar þurfi ekki að reiða sig alfarið á innflutning. „Við erum algjörlega háð því sem gerist í öðrum löndum og erum ekki með hveitibirgðir svo nokkru nemur. Því erum við viðkvæm fyrir rofi á aðfangakeðjum og öðrum áföllum." Þá þýði aukin neysla á hvítu kjöti, hvort sem er á kjúklingi eða svínakjöti, enn meiri þörf á hveiti, því það sé uppstaðan í fóðri þeirra dýra. */ál*



Hreindýraveiðar:

Kvótinn fullnýttur þetta haustið

– Dýrin vel á sig komin og væn

Veitt var upp í allan útgefinn hreindýraveiðikvóta haustsins, utan einnar hreinkýr, alls 664 dýr.

Hreindýraveiðitímabilinu er lokið. Veiða mátti 665 hreindýr í ár, 400 tveggja vetra og eldri tarfa og 265 kýr.

Jóhann G. Gunnarsson, sérfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði Náttúruverndarstofnunar, segir að veiðar hafi gengið vel á tímabilinu. „Veður var með eindæmum gott til 20. ágúst en eftir það, til loka veiðitímans 20. september, skiptust á skin og skúrir. Þá var þokusælt á mörgum svæðum og miklar rigningar. Dýrin voru undantekningarlítið vel á sig komin og væn," segir hann.

Tuttugu dýr í nóvemberveiði

Náðist að fella öll dýr sem fella átti nú í haust utan eins kýrleyfis á veiðisvæði 7, sá veiðimaður skilaði sér ekki til veiða né skilaði inn sínu leyfi til endurúthlutunar. Að sögn Jóhanns voru 20 leyfi fyrir kýr sem veiða má á veiðisvæði 9 á Mýrum og Suðursveit gefin út sem nóvemberleyfi og þau ber að veiða á tímabilinu frá 1. til 20 . nóvember.

„Nýútskrifaðir leiðsögumenn fóru nokkrar veiðiferðir með sína veiðimenn á þessu tímabili og gekk þeim yfirleitt vel," segir Jóhann enn fremur.

Varfærni í veiðikvóta

Náttúrustofa Austurlands lagði til að veiðikvóti ársins 2025 væri 665 hreindýr; 265 kýr og 400 tarfar sem var 131 dýri færra en í fyrra. Skv. ársskýrslu NA frá í fyrra var miðað við að fjöldi dýra fyrir burð 2025 yrði um 3.300 dýr og veiðiálag yrði lágt, eða um 20%, vegna óvissu um breytingu á útbreiðslu dýra, skekktra kynjahlutfalla og nýliðunarbrests á ákveðnum svæðum. Ef miðað hefði verið við forsendur fyrri ára um 25–27% veiðiálag hefði kvótinn átt að vera 825 dýr. Eins og fyrr var lagt til að kálfar og veturgamlir tarfar yrðu friðaðir. Varfærni í tillögum um kvóta ársins kom m.a. til vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur um fjölda dýra og breytta hagagöngu undanfarin ár.

/sá



Af 665 dýra hreindýraveiðikvóta veiddust í haust 664 dýr. Þessi kýr var felld á Fellaheiði.
Mynd / sá

Hreindýraveiðar 2025

	Kvóti		Lokastaða 20. sept. 2025	
Svæði	Kýr	Tarfar	Kýr	Tarfar
1	45	75	45	75
2	30	30	30	30
3	30	40	30	40
4	10	15	10	15
5	10	30	10	30
6	35	50	35	50
7	65	70	64	70
8	0	50	0	50
9	40(20)	40	20	40
samt:	**265(20)**	**400**	**244**	**400**
	Heild.	**665(20)**		**644**

Tölur í sviga eru nóvemberleyfi af heild.

Landvernd:

Kallað eftir betri vinnubrögðum í umfjöllun um umhverfismál

Landvernd skorar á fjölmiðla landsins að vanda vel til verka í umfjöllunum um umhverfismál, sem sé mikilvægasti málaflokkur samtímans og framtíðarinnar. Íslensk náttúra eigi sér fáa málsvara í stjórnmálum og því sé hlutverk fjölmiðla brýnna en nokkru sinni.



Ragnhildur Katla Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi Landverndar.

Í tilkynningu Landverndar segir að áþreifanlegt bakslag í náttúruvernd og loftslagsmálum stafi ekki af áhugaleysi og sé ekki á ábyrgð almennings, heldur sterkra hagsmunaaðila sem hafa hag af því að halda umræðu um málaflokkinn niðri. Umfjöllun um náttúruvernd og loftslagsvernd hafi lotið í lægra haldi fyrir ákafri umræðu um auðlindanýtingu, þar sem hagvöxtur sé æðsta markmiðið.

Kallað er eftir rannsóknarfréttamennsku í umhverfismálum eins og tíðkist erlendis á fjölmiðlum í almannaþágu. Á Íslandi sé lítið um slíkt og fari minnkandi. Umhverfisverðlaun sem stjórnarráðið hefur veitt fjölmiðlafólki árlega hafi síðast verið veitt fyrir fimm árum.

Er sérstaklega skorað á Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaeigu, og aðra íslenska fjölmiðla að axla ábyrgð í náttúru- og loftslagsmálum og standa fyrir víðtækri, upplýstri og gagnrýnni umfjöllun á sviði umhverfismála.

Miklu meiri og dýpri umfjöllun

Ragnhildur Katla Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi Landverndar, segir tilefnið fyrir áskorunina núna vera að umfjöllun um umhverfismál hafi dalað mikið. „Málaflokkurinn vex og umræðan um málið verður alltaf flóknari og flóknari. Landvernd myndi óska þess að miklu meiri og dýpri umfjöllun væri um þetta stærsta mál samtímans. Óskastaða væri að umræðuefnið fengi meira pláss og bætt rými til skoðanaskipta úr öllum áttum, þar með talið fyrir náttúruverndarsamtök og önnur samtök almennings.

Mikil þörf er á öflugri rannsóknarblaðamennsku í kringum umhverfismálin en á tímum þar sem grænþvottur verður æ algengari eru fjölmiðlar mjög mikilvægir í að halda almenningi upplýstum."

Auðlindamálin brýnust

„Við viljum sjá sterka fjölmiðla sem geta kafað ofan í málaflokkinn og sagt fréttir af umhverfismálum sem endurspegla allan skala umhverfismála. Hingað til hefur umfjöllunin verið nokkuð atvinnulífsmiðuð," heldur Ragnhildur áfram. „Umhverfismál geta tengst áhættu í fjárfestingum, tryggingum, líffræðilegri fjölbreytni, loftslagsmálum, mengun, erfðaauðlindamálum, heilsu og margt fleira.

Brýnustu umfjöllunarefnin á Íslandi í dag eru auðlindamál á víðum skala. Auðlindir Íslands eru takmarkaðar eins og aðrar í heiminum og ráðstöfun þeirra má ekki stjórnast eingöngu af markaðslögmálum heldur verður að gæta þess að ráðstöfunin sé í sátt við fólk og náttúru." */smh*

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Efst 8 ár í röð

Tryggjum ánægðustu viðskiptavinina

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga
í Íslensku ánægjuvoginni 8 ár í röð



Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Ómar Örn Sigurðsson – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Fæðuöryggi byggir ekki bara á fiski

Fæðuöryggi sýnist mörgum tryggt á Íslandi enda flytjum við meira út af matvælum en við flytjum inn. Ástæðan er sterk staða sjávarútvegs og lagareldis. En fæðuöryggi snýst um annað og meira en fisk enda getum við ekki lifað á honum einum saman. Það snýst til dæmis um að við höfum nóg af öðrum matvælum, svo sem kjöti, grænmeti, mjólkurvörum, korni og svo framvegis, en einnig að tryggt sé aðgengi að áburði, fóðri, orkugjöfum af öllu því tagi sem þarf til matvælaframleiðslu og áfram mætti telja. Allir þessir þættir ásamt tryggum birgðakeðjum, skýru birgðahaldi og öruggum flutningsleiðum þurfa að vera til staðar svo við getum haldið því fram að hér sé fæðuöryggi fullnægt ef til ytri áfalla kæmi svo sem stríðsátaka eða af völdum loftslagsbreytinga.

Í frétt í síðasta blaði um nýja skýrslu um stöðu fæðuöryggis á Íslandi sem atvinnuvegaráðuneytið hefur birt kemur fram að staða þessara mála hér á landi sé ekki eins og best verður á kosið. Ísland sé viðkvæmt fyrir ytri áföllum hvað fæðuöryggi varðar. Íslensk búvöruframleiðsla sé nálægt því að uppfylla innanlandsþörf en hún sé mjög háð innfluttum aðföngum. Þannig sé takmörkuð kornframleiðsla og litlar olíubirgðir kerfisbundnir veikleikar í innlendri matvælaframleiðslu. Meira en 95 prósent af kornvörum, ávöxtum og jurtaolíum séu innflutt, auk verulegs hluta grænmetis.

Hið síðastnefnda vekur sérstaka athygli en á undanförnum tíu árum hefur hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu dregist saman um tíu prósent. Það er öfugþróun, enda kemur fram í skýrslunni að vannýtt tækifæri séu í garðyrkjuframleiðslu á landinu. Bent er á að full ástæða sé til þess að kanna möguleika á að beita stuðningskerfi landbúnaðarins til að styðja frekar við grænmetisframleiðslu innanlands.

Sömuleiðis er ástæða til þess að líta til þess að hér hefur sauðfé fækkað um nær 30% á síðasta áratug. Ástæðurnar eru auðvitað ýmsar en sú veigamesta vafalaust sú að rekstraraðstæður sauðfjárbænda hafa farið hratt versnandi á þessu tímabili. Sú þróun helst í hendur við veikari markaðsstöðu lambakjöts, en eins og fjallað hefur verið um hér á síðum blaðsins að undanförnu eru þar ýmis sóknarfæri sem verður að nýta.

Í skýrslunni kemur enn fremur fram að kornbirgðir í landinu endist einungis í fjórar til sex vikur og birgðir af annarri matvöru séu takmarkaðar. Olíubirgðir séu auk þess mældar í vikum, ólíkt því sem gerist í samanburðarlöndum. Íslensk búfjárframleiðsla byggi sömuleiðis um of á innfluttu fóðri og öðrum aðföngum. Allt eru þetta hlutir sem þarf að huga að til þess að fæðuöryggi sé tryggt í landinu.

Sjálfbær áburðarframleiðsla

Landeldi hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförnum árum hér á landi og ljóst að á næstu árum getur uppbygging þessarar atvinnugreinar orðið gríðarleg. Áskoranir eru þó ýmsar í þessum rekstri. Ein þeirra er sú að mikill úrgangur verður til við framleiðsluna. Tilraunaverkefnið Terraforming LIFE miðar að því að þróa nýja aðferð til að framleiða áburð og lífgas úr þeim lífræna úrgangi sem fellur til við fiskeldi á landi og úr landbúnaði. Stefnt er að því að reisa verksmiðju við Þorlákshöfn árið 2028 sem fullbúin gæti framleitt allt að 100.000 tonn af áburði en innflutningur á áburði nemur sem stendur um 55.000 tonnum. Þetta þýðir að íslenskur landbúnaður gæti orðið sjálfum sér nægur um áburð.

Þetta eru gríðarlega góðar fréttir og gott dæmi um þá framsækni sem einkennir íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu. Það mikilvæga skref var svo stigið í síðustu viku að undirrituð var viljayfirlýsing fjögurra landeldisfyrirtækja á Íslandi um formlegt samstarf sem miðar að sjálfbærri meðhöndlun úrgangsstrauma frá landeldi. Þessu ber að fagna.

Þröstur Helgason



Hágæða steinefna-blöndur í miklu úrvali
Heilbrigð dýr - Allra hagur
Bústólpi

Loftslagsaðgerðir:

Ýtt undir áburðarnýtni í landbúnaðinum

– Sóknarfæri í losunarsamdrætti



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Talsvert er litið til bænda-stéttarinnar og landbúnaðarins í nýjum tillögum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um aðgerðir í loftslagsmálum.

Samkvæmt nýkynntum tillögum Jóhanns Páls Jóhannssonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að framkvæmdum í Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, á m.a. að fara af krafti í endurheimt votlendis og vistkerfa sem sé einhver hagkvæmasta loftslagsaðgerð sem unnt er að framkvæma á Íslandi. Slíkt styðji við líffræðilega fjölbreytni og aðlögun að loftslagsbreytingum. Til að ná því eigi meðal annars að ráðast í markvisst átak til að endurheimta votlendi á ríkisjörðum. Ryðja þurfi þó ýmsum hindrunum úr vegi og einfalda regluverk og leyfisferla til að svo megi verða. Einnig þurfi að virkja einkafjármagn, bændur og sveitarfélög.

Ein stærsta forgangsaðgerðin sé að efla bændur með fjárfestingastuðningi til að minnka áburðarnotkun, að gera rannsóknir á jarðvegi og mat á kölkunar- og áburðarþörf og styðja við bændur, samvinnu- og búnaðarfélög til að kaupa tæki til nákvæmnisdreifingar áburðar.

Vegasamgöngur og landbúnaður eru með mesta samfélagslosun og stefnt að 50–55% samdrætti hennar fyrir árið 2035 m.v. mælingar frá 2005, einkum með rafbílavæðingu íslenska bílaleigumarkaðarins og orkuskiptum í samgöngum, auk fyrrnefndra aðgerða í landbúnaði.

Eftirvænting hjá bændum

Verkefni sem lúta að endurheimt votlendis og vistkerfa, landgræðslu og skógrækt, heyra undir losun frá landi, þ.e. landnotkunarhluta loftslagsbókhaldsins. Þar er og fyrirhugað að gera átak. Sagði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við kynningu tillagnanna að m.a. bændur gegndu þar lykilhlutverki.

„Ég er mjög ánægður að finna vissa eftirvæntingu hjá bændum sem ég hef talað við og hjá samtökum bænda, fyrir þessum verkefnum. En samstarf við bændur mun ekki síður lúta að því að minnka losun sem heyrir undir samfélagslosunarflokkinn. Frá búunum sjálfum og frá búrekstrinum, þeim tækjum sem eru nýtt í landbúnaði, áburðarnotkun o.s.fr. (...) Það er hægt að skila mjög miklum samdrætti í losun með því að draga úr áburðarnotkun, án þess að það hafi beinlínis áhrif á magn framleiðslunnar. Sóknarfærin í landbúnaði eru gríðarleg. Þarna er hægt að ná alls konar loftslagsávinningi hratt. Góðu fréttirnar eru þær að sá ávinningur felur oft um leið í sér beinan fjárhagslegan ávinning fyrir bændastéttina," sagði ráðherra.

Órafjarri markmiðunum

Ráðherra sagði tíma til kominn á tiltekt í málaflokknum og hafi undanfarið verið unnið að því í ráðuneytinu að greina stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi í loftslagsmálum svo auka megi gagnsæi í stjórnsýslu loftslagsmála.



Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra kynnir tillögur um aðgerðir í loftslagsmálum. Hann sagði tímabært að taka til í málaflokknum. M.a. bændur muni gegna lykilhlutverki. Mynd / Stjr.

„Í dag erum við órafjarri því að ná þeim markmiðum sem sett voru í loftslagsmálum fyrir nokkrum árum. Umgjörð loftslagsstjórnsýslu á Íslandi hefur verið veik, markmið Íslands hafa verið óskýr og aðgerðir ómarkvissar. Það hefur ríkt upplýsingaóreiða í málaflokknum og vantað pólitíska forystu í loftslagsmálum. Orðið hefur ákveðið rof á milli markmiða og yfirlýsinga annars vegar og svo framkvæmdarinnar og aðgerða hins vegar," sagði ráðherra.

Ísland mun skv. tillögunum í fyrsta sinn leggja fram sjálfstætt landsákvarðað framlag í samræmi við Parísarsamninginn. Slík framlög eru sett af aðildarríkjum samningsins á fimm ára fresti, til tíu ára. Af hverju Ísland hefur ekki gert slíkt áður helgast af því að talið var að gera þyrfti losun Íslands sameiginlega upp með losun ESB og Noregs en í fyrra kom í ljós að svo er ekki.

Nái yfir allt hagkerfið

Tillögurnar voru í samráðsgátt stjórnvalda nú í september. Sagði þar að samsetning losunar Íslands væri sérstök og þáttur losunar frá aðilum innan ETS-kerfisins hlutfallslega miklu meiri en annars staðar og eins þáttur losunar vegna landnotkunar. Í tillögunni væri í fyrsta skipti lagt til tölulegt markmið um samdrátt í losun vegna landnotkunar, þ.e. 400–500 kt CO2 íg. fyrir 2035 miðað við árið í ár.

Í öðru lagi er sem fyrr segir lagt til að setja markmið um 50–55% samdrátt í samfélagslosun árið 2035 miðað við 2005; í vegasamgöngum, orkuvinnslu, sjávarútvegi, landbúnaði og úrgangsstjórnun. Þá er útfært efnislegt markmið fyrir losun innan viðskiptakerfis ESB um samdrátt í losun frá staðbundnum iðnaði sem fellur undir ETS-kerfið, með stuðningi við tæknilausnir til föngunar, hagnýtingar og niðurdælingar.

Með þessum aðgerðum er landsframlag Íslands sagt ná yfir allt hagkerfið, þar sem þessar þrjár meginstoðir loftslagssamstarfs við ESB (ESR, LULUCF, ETS) taki til losunar allra geira og gróðurhúsalofttegunda.

„Í Evrópusamstarfinu fáum við úthlutað 41% samdráttarmarkmiði í samfélagslosun til 2030 m.v. árið 2025. Staðan er hins vegar sú að miðað við bráðabirgðatölur ársins 2024 þá erum við bara búin að ná 7,9% samdrætti frá árinu 2025. Við eigum því langt í land og losun úr öllum bókhaldsflokkum jókst í fyrra. Að óbreyttu stefnir í að við þurfum að kaupa losunarheimildir fyrir að minnsta kosti 11 milljarða króna vegna tímabilsins 2021 til 2030, skv. útreikningum Umhverfis- og orkustofnunar," sagði ráðherra jafnframt.

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 17.500 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 13.900 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Friðrik Ármann Guðmundsson, eigandi Sælkerafélagsins á matarmarkaði Kolaportsins, stendur hér með tvö reykt hrossabjúgu. Í hans verslun er hægt að fá fjölbreytt íslensk matvæli, hvort sem það er fiskur, kjöt, bakkelsi eða grænmeti sem getur verið erfitt að nálgast í helstu matvörubúðum. Friðrik segir Sælkerafélagið vera ákveðið gæluverkefni, en áður var hann einn eigenda Melabúðarinnar.

Mynd og texti / ál

Upprunamerkingar – Lykillinn að valfrelsi neytenda

Vinkill | **Margrét Ágústa Sigurðardóttir**
margret@bondi.is

Í sífellt flóknari heimi matvælaframleiðslu og alþjóðaviðskipta, þar sem matvæli ferðast oft langar leiðir frá framleiðslustað til neytenda, hefur upprunamerking matvæla sjaldan verið mikilvægari. Upprunamerkingar snúast ekki einungis um að vita hvaðan varan sem við neytum kemur, heldur ekki síður um valfrelsi neytenda. Merkingar sem gefa til kynna hvar matvara er framleidd, unnin eða ræktuð gegna þannig lykilhlutverki í neytendavernd ásamt því að styðja við innlenda landbúnaðarframleiðslu og viðhalda trausti milli framleiðenda og neytenda.

Grundvallarréttur okkar allra sem neytenda felst eðlilega í því að vita hvað við erum að kaupa. Upprunamerkingar gera okkur kleift að taka upplýstar ákvarðanir enda geta gæði og framleiðsluaðferðir verið mismunandi milli landa og jafnvel svæða innan landa. Þessi vitneskja gerir neytendum kleift að velja vörur sem samræmast þeirra gildum, hvort sem hún felist í stuðningi við innlenda framleiðslu, umhverfisvænni framleiðsluhætti, vörur sem uppfylla ákveðna staðla um dýravelferð eða annað.

Í mörgum tilfellum eru framleiðsluaðferðir og kröfur til matvælaframleiðslu ólíkar milli landa. Á Íslandi gilda oft strangari kröfur varðandi umhverfisvernd, dýravelferð og matvælaöryggi en annars staðar. Þessar auknu kröfur leiða til hærri framleiðslukostnaðar en á sama tíma tryggja þær einnig hágæða matvæli, öryggi þeirra og hreinleika afurða. Þess vegna er mikilvægt að neytendur geti greint á milli íslenskra og innfluttra vara og valið íslensk matvæli kjósi þeir svo.

Alltof algengt er að neytendum sé gert erfiðara um vik að greina á milli íslenskra og innfluttra vara. Frjálsleg notkun á til að mynda íslenska fánanum, táknum eða heiti varanna getur verið villandi og jafnvel blekkjandi. Þetta á jafnt við um kjöt og grænmeti en einnig aðrar vörur. Skýr aðgreining á íslenskum matvælum annars vegar og innfluttum hins vegar er því nauðsynleg til að tryggja valfrelsi neytenda ásamt að vera liður í því að tryggja sanngjarna samkeppni.

Upprunamerkingar geta einnig stuðlað að sjálfbærari matvælaframleiðslu. Með því að styðja við innlenda framleiðslu geta neytendur dregið úr umhverfisáhrifum flutninga (kolefnisfótsporsins) og stuðlað að frekari varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Innlend matvælaframleiðsla styrkir enn fremur tengslin milli bænda og neytenda og stuðlar að frekari ábyrgð og gagnsæi í innlendri matvælaframleiðslu.

Við höfum hér á landi upprunamerkið „Íslenskt staðfest“ en merkið tryggir að neytendur fái íslenskt þegar þeir velja íslenskt. Merkið auðveldar þannig neytendum að velja íslenskt, en til að mega nota merkið þurfa framleiðendur að ábyrgjast að hráefnið sé raunverulega íslenskt og að framleiðsla hafi farið fram á Íslandi. Merkið er áreiðanlegt og auðskiljanlegt og gerir þannig neytendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir.

Bændur og neytendur eru í sama liði og hafa sameiginlegan hag af því að innlend matvælaframleiðsla sé sjálfbær, ábyrg og gagnsæ. Þess vegna er óæskilegt ef reynt er að leggja stein í götu beggja aðila með villandi merkingum eða öðrum hætti.

Mikilvægt er að halda áfram að vinna að því að bæta upplýsingagjöf til neytenda og tryggja að upprunamerkingar séu skýrar, áreiðanlegar og auðskiljanlegar. Með því að stuðla að gagnsæi og trausti á markaðnum tryggjum við um leið valfrelsi neytenda. Þá geta neytendur valið íslenskt – vilji þeir velja íslenskt.

Höfundur er framkvæmdastjóri Bændasamtakanna

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Vafalaust hrista margir lesendur höfuðið þegar þeir heyra enn einu sinni fréttir um hið svokallaða jurtaostamál og lái þeim hver sem vill. Málið virðist við fyrstu sýn ekki stórvægilegt. En hvað er í raun í húfi? Og hvers vegna er verið að karpa um innflutning á ostum?

Svarið við seinni spurningunni er í raun afar einfalt. Það er karpað vegna þess að hagsmunasamtök heildsala í landinu halda úti harðri baráttu fyrir því að þeir geti tollfrjálst flutt inn til landsins rifinn ost með viðbættri jurtaolíu (stundum kallaður pitsuostur) sem var lengi ranglega fluttur inn undir merkjum jurtaosts en er í dag fluttur inn og flokkaður eins og annar mjólkurostur. Eins og Herdís Magna Gunnarsdóttir, varaformaður Bændasamtaka Íslands, benti á í grein á Vísi nýlega myndi tollfrjáls innflutningur á slíkum osti geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir mjólkurbændur og þar með mjólkurframleiðslu í landinu því að „11% af allri mjólk sem er framleidd í landinu fer bara í að búa til rifinn ost (pitsuost) sem neytt er í landinu, eða um 17 þúsund tonn af mjólk. Það er mjólkurframleiðsla um 46 meðalkúabúa á ári.“

Þetta er í raun og veru kennslubókardæmi um mikilvægi tollverndar fyrir íslenskan landbúnað. Verði rifinn erlendur mjólkurostur fluttur inn til landsins án tolla snýr sú ákvörðun að 11% íslenskrar mjólkurframleiðslu eða framleiðslu um 46 fjölskyldubúa hér á landi. Sú ákvörðun myndi aftur á móti verja sérhagsmuni örfárra heildsala á suðvesturhorninu. Og enn fremur myndi þessi ákvörðun hagnast mjög erlendum mjólkurbændum sem yrði falið að framleiða mjólkurvörur fyrir okkur í stað íslenskra bænda.

Í húfi eru sem sagt hátt í fimmtíu íslensk kúabú svo það sé endurtekið enn og aftur.

Þetta er því ekkert smá mál. Það skiptir gríðarlega miklu máli að íslensk stjórnvöld átti sig á því og taki upplýstar og ábyrgar ákvarðanir. Það er í engum skilningi skynsamlegt að grafa undan íslenskum bændum eða innlendri matvælaframleiðslu yfirleitt. Þar er of mikið í húfi, ekki bara fyrir bændur heldur einnig alla þá sem gegna afleiddum störfum í íslenskum landbúnaði og ekki síst neytendur sem á endanum gætu þurft að súpa seyðið af misráðinni hagsmunagæslu fyrir heildsalana.

Íslensk stjórnvöld virðast þó engu að síður eiga erfitt með að greina hismið frá kjarnanum í þessu máli og upplýstu í síðasta blaði að ætlunin væri að heimila innflutning á umræddum osti tollfrjálst. Sú ákvörðun er ekki tekin á grundvelli þess að þau þurfi að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar. Það er í raun ekkert í regluverkinu sem kallar á þessa ákvörðun. Hún er að því er virðist einungis tekin til þess að þjóna sérhagsmunum heildsala. Og það er að auki gert án þess að boðað samráð við samtök bænda yrði haft um málið.

Óhætt er að taka undir það með Herdísi Mögnu að þetta er blaut tuska í andlit bænda.

Pistill formanns | **Trausti Hjálmarsson**
trausti@bondi.is

Gætum að geðheilsunni

Starf bóndans er frábrugðið flestum öðrum störfum að mjög mörgu leyti. Ég á sjálfur erfitt með að ímynda mér starf sem er jafngefandi og starf mitt á býli okkar hjóna. Vinnan okkar snýst um lífið sjálft, hvort sem afurðir okkar eru úr dýra- eða jurtaríkinu, og við fáum að njóta þess að sjá afrakstur vinnu okkar á landinu sem við yrkjum og samfélaginu sem við erum hluti af.

En starf bóndans er líka erfitt. Þrátt fyrir gríðarlegar tækniframfarir, öflugri dráttarvélar, mjaltaþjóna og velvædd gróðurhús er vinnudagur bóndans langur og hann tekur á andlega og líkamlega. Afkoma býlisins og heimilisins er háð utanaðkomandi þáttum sem við ráðum litlu eða jafnvel engu um.

> Hver heimsókn, hvert heimboð og hvert símtal er þráður sem tengir okkur saman og með því að sinna hvert öðru erum við líklegri til að að grípa þau okkar sem hjálp þurfa áður en það er of seint

Ofan á þetta bætist svo sú staðreynd að okkur bændum fer enn fækkandi og í sumum sveitum er kannski búrekstur á örfáum bæjum og langt á milli þeirra. En jafnvel í fjölmennari sveitum getur fjarlægð milli bæja orðið til þess að fólk einangrist á sínu heimili.

Allt er þetta langur inngangur að umfjöllunarefni pistilsins, sem er geðheilsa bænda. Í september á hverju ári fer í gang sérstakt átak í því að auka meðvitund fólks um geðrækt og sjálfsvígsforvarnir undir merkinu „Gulur september“.

Bændur þurfa að glíma við mikið líkamlegt og andlegt álag, jafnvel þegar vel gengur. Þegar einmanaleikinn leggst þar ofan á er auðvelt að sjá hvernig fólk getur bognað. Sem betur fer á fólk auðveldara en áður með að tala um andlega líðan sína, en engu að síður getur verið erfitt að opna sig um sálarlífið. Mörgum þykir auðveldara að byrgja allt inni, þrýsta kassanum út og reyna að fara lífið á hörkunni.

Í sumum tilfellum tekst það, en í öðrum tekst það ekki. Afleiðingarnar geta verið skelfilegar, en jafnvel í þeim tilfellum þar sem ekki fer allt á versta veg þá tel ég hægt að fullyrða að alltaf hefði verið betra fyrir viðkomandi að leita sér hjálpar.

Hjálpin getur verið í formi aðstoðar frá sálfræðingi, lækni eða öðrum sérfræðingum. Hjá heilsugæslunni, Rauða krossinum, Geðhjálp, Píeta samtökunum og Þjóðkirkjunni starfar fólk sem tekur vel á móti öllum sem til þeirra leita. Fleiri stoðir mætti nefna, en ég læt mér nægja að vísa fólki á vefsíðuna gulurseptember.is, þar sem finna má frekari upplýsingar.

Þá vil ég minna á Bændageð, en á sérstöku svæði á vefsíðu Bændasamtakanna er að finna sögur bænda sem gengið hafa í gegnum erfiðleika af ýmsu tagi, en vonin er sú að bændur tengi við sögur annarra og finni kraft til að leita sér aðstoðar. Þar má einnig finna bjargráð frá Regínu Ólafsdóttur sálfræðingi, sem við hvetjum fólk til að nýta sér.

En ég vil líka hvetja lesendur til að taka ábyrgð á nágrönnum sínum og vinum. Hver heimsókn, hvert heimboð og hvert símtal er þráður sem tengir okkur saman og með því að sinna hvert öðru erum við líklegri til að að grípa þau okkar sem hjálp þurfa áður en það er of seint.

Trausti Hjálmarson er formaður Bændasamtaka Íslands.

Náttúruverndarviðurkenning:

Minnt á hnattræna sérstöðu Íslands

– Arfleifð Odds á sviði náttúruverndar ótvíræð

Á nýafstöðnu Umhverfisþingi hlaut Oddur Sigurðsson jarð- og jöklafræðingur Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti. Var hún nú veitt í 16. sinn.

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sagði í ávarpi sínu við afhendingu viðurkenningarinnar að Oddur hefði helgað líf sitt rannsóknum og fræðslu varðandi íslenska jökla og breytingar á þeim vegna hlýnandi loftslags. „Með óþreytandi vinnu sinni í yfir fimm áratugi hefur Oddur Sigurðsson stuðlað að aukinni vitund um mikilvægi jökla og náttúruverndar. Arfleifð hans á sviði náttúruverndar er ótvíræð, sama hvort litið er til ræðu, rits eða ljósmyndunar," sagði ráðherra.

Oddur hafi hnitað útlínur margra jökla, myndað jökla, kennt og frætt, skrifað skýrslur, bækur og útbúið kort þar sem m.a. sé haldið til haga nöfnum allra jökla á Íslandi. Þá hafi hann setið í stjórn Jöklarannsóknafélagsins um alllangt skeið og sé heiðursfélagi þess. Hann hafi um áratugaskeið haft umsjón með jökulsporðamælingum félagsins, sem sjálfboðaliðar Jöklarannsóknafélags hafa sinnt í nærri 100 ár.



Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra veitti Oddi Sigurðssyni jarð- og jöklafræðingi Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti á nýafstöðu Umhverfisþingi. *Mynd / sá*

Ísland alveg einstakt

„Ég hef lengi haft mikið dálæti á þessu viðfangsefni mínu, og annarra, sem heitir Ísland," sagði Oddur í ávarpi við móttöku Náttúruverndarviðurkenningarinnar.

Ísland sé einstakt á veraldarvísu að allri gerð. „Fyrir duttlunga náttúruaflanna er hér að sjá stærsta flekk sjávarbotnsins sem nær upp fyrir sjávarmál. Sautján eyjar eru til stærri en Ísland en þær eru allar að meira eða minna leyti úr meginlandsskorpu sem er ólík úthafsskorpunni á Íslandi að áferð og styrk. Engin önnur eyja úr úthafsbergi kemst nálægt Íslandi að stærð.

Svo veikt er basaltið í Íslandi að það veðrast allt að hundraðfalt hraðar en bergið í meginlöndunum. Lætur nærri að framburður íslenskra vatnsfalla sé allt að því fjórðungur þess sem allar ár Afríku bera fram. Það ásamt ýmsum öðrum eiginleikum, svo sem eldvirkni, jarðhræringum, jöklum og ofsafengnum úthafsöldum, sem berja veikbyggða sjávarhamra landsins, veldur því að Ísland breytist örar en nokkurt annað land hér á jörðu," hélt hann áfram.

Hér sé að finna stærstu hraunflóð sem runnið hafa á jörðinni á sögulegum tíma og alltaf öðru hverju renni hér stærsta vatnsfall jarðar til sjávar, Kötluhlaup, og myndi þá aurburðartanga út í sjóinn svo kílómetrum skipti.

„Nú er máttur mannkynsins orðinn slíkur að athafna mannsins sér stað langt utan úr geimi. Stórfljótum er veitt á akra eða þau stöðvuð með risavöxnum stíflum þannig að þau gufa upp og ná ekki að ósi. Nýir tangar eru byggðir út í sjóinn og á þá hlaðið mannvirkjum. Náttúrulegur gróður fer mjög halloka fyrir græðgi okkar. Menn eru sífellt að laga umhverfið að sínum geðþótta en er ærið mislagðar hendur við þá athöfn. Hugsum okkur ekki aðeins tvisvar um með nýjar framkvæmdir, heldur tíu sinnum.

Kunnum við að varðveita okkar einstaka land eða verður það innan skamms fyrst og fremst orðið með svipmóti framkvæmdagleði mannsins? Það sækir mjög í það horf og við þurfum að hugsa djúpt," sagði Oddur jafnframt.

Ættum að geta betur

Oddur sagði Íslendinga geta gert enn betur í verndun náttúrunnar en raun beri vitni. Hann tók virkjanaframkvæmdir sem dæmi og benti á að engin þjóð í veröldinni hefði virkjað eins mikið til raforku og Íslendingar. Gengið hafi verið mjög á náttúruna í þeim efnum og miklu fórnað af umhverfi og náttúru á þann stall. */sá*



Umhverfisþing:

Málin rædd á jafningjagrundvelli

– Forsetinn efast um gagnsemi COP-ráðstefna

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, í samtali við Ingibjörgu Þórðardóttur um loftslagsmál á nýafstöðnu Umhverfisþingi. Myndir / Sigurjón Ragnarsson



Fjölmennt var á Umhverfisþingi og þótti vel hafa tekist til.

Nýafstaðið Umhverfisþing varð frjór jarðvegur samtals og hugmynda þar sem rætt var um heilsu hafsins, líffræðilega fjölbreytni og loftslagmál.

Á nýliðnu umhverfisþingi voru fyrstu skrefin tekin með hringborðsumræðum til að móta og undirbyggja loftslagsstefnu fyrir Ísland. Meginþemu þingsins voru hafið, líffræðileg fjölbreytni og loftslagsmál og umfjöllun ýmist í formi vinnustofa, fyrirlestra eða pallborðsumræðna. Þingið var vel sótt og beinir þátttakendur fjölmargir.

„Ég er mjög hrifinn af því formi sem Umhverfisþingið er sem er blanda af fræðslu, almennri umræðu og síðan vettvangur þar sem öllum aðilum er gefinn kostur á að ræða málin á jafningjagrundvelli í hópavinnu," segir Hilmar Vilberg Gylfason, sérfræðingur í sjálfbærni hjá Bændasamtökum Íslands. Aldrei verði of mikil áhersla lögð á mikilvægi þess að allt það góða fólk sem vinnur að umhverfis- og loftslagsmálum, hvort sem er hjá stjórnvöldum, hagsmunasamtökum eða í öðru störfum, fái vettvang til að ræða saman.

„Það eyðir tortryggni og eykur skilning á ólíkum sjónarmiðum. Á þessu Umhverfisþingi upplifði ég mikla jákvæðni í garð íslensks landbúnaðar. Bæði gagnvart því mikla starfi sem bændur hafa unnið í málaflokknum síðustu áratugi en ekki síður þeirri vegferð sem bændur hafa sjálfir ákveðið til framtíðar, sem er að vinna áfram með það einfalda en góða markmið að halda áfram að ná góðum árangri. Grunnstefið á þeirri vegferð er raunhæfar og skynsamlegar aðgerðir. Ég hvet síðan alla sem áhuga hafa til að kynna sér Loftslagsvegvísi bænda en þar hefur félagskerfi bænda lagt grunn að þeirri vinnu sem er fram undan í loftslagsmálum," segir Hilmar jafnframt.

Stórfyrirtæki og ríkisstjórnir

Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, sagði í samtali við Ingibjörgu Þórðardóttur á Umhverfisþingi að stórfyrirtæki og ríkisstjórnir gegni stærsta hlutverki í að leysa loftslagsvána, vernda heilsu hafsins og stuðla að umhverfisvernd almennt. Einstaklingar geti í sjálfu sér lítið gert ef stjórnvöld og stórfyrirtæki axli ekki sína ábyrgð.

Hún minntist einnig á að nýtt breytingaafl hefði nú komið inn á sviðið, úr nokkuð óvæntri átt. Endurskoðendur víða um heim hafi á sínum tíma sameinast um að samræma hvernig fyrirtæki gera upp fjárhagsupplýsingar sínar, til að efla gagnsæi og samræmi þvert á landamæri. Nú hafi þeir gert gangskör að því að stækka skilgreiningu á árangri og samræma hvernig fyrirtæki á alþjóðavísu gefi upplýsingar með gegnsæjum hætti um áhrif sín á umhverfi og samfélag, undir skammstöfuninni ISSB. Langflestar þjóðir skoði nú, eða hafi byrjað að innleiða lög og reglur um að fyrirtæki, í það minnsta yfir ákveðinni stærð, þurfi að setja þetta inn í upplýsingagjöf sína. Sagði Halla þetta eiga eftir að hafa gríðarleg áhrif til hins betra.

COP-ráðstefnur missa marks

Hún nefndi einnig nokkuð sem er farið að verða áberandi í umræðunni, en það er hvort m.a. hinar stóru loftslagsráðstefnur missi orðið marks.

„Ég hef farið á margar COP-ráðstefnur og held að við þurfum að ræða af einhverri alvöru hvort þetta þjóni tilgangi sínum og við að ná árangri með þeim aðferðum sem við notum til þess að skila þessum alþjóðlegu skuldbindingum til næstu kynslóða.

Mín upplifun af COP er að stjórnvöld hittast á einum stað, dálítið fyrir aftan svört tjöld, það veit enginn almennilega hvað er að gerast þar, mikið er tekist á um eitt og eitt orð í samkomulaginu og það fer oft ótrúlegur tími á lokasprettinum í að ræða jafnvel bara tvö eða þrjú orð. Atvinnulífið er með bása á vörusýningu að segja hvað þau eru að gera frábæra hluti og ungt fólk, aktífistar, umhverfissinnar og aðrir eru á götum úti með mótmælaspjöld. Ég hef ekki mikla trú á að þetta sé að skila þeim árangri sem þarf.

Ég vil að við reynum að ræða um hvernig við eigum þetta samtal: stjórnvöld, atvinnulíf og þriðji geirinn, og þar á unga fólkið að eiga sín sæti við borðið, ekki til sýnis heldur sem alvöru þátttakendur. Ég held að slík nálgun myndi skila okkur miklu meiru," sagði Halla enn fremur.

Stefnt í aldauðaatburð

Thomas Halliday, fornlíffræðingur, steingervingafræðingur og höfundur bókarinnar Otherlands: A World in the Making, vakti mikla athygli með erindi sínu þar sem hann bar saman stóra aldauðaatburði (e. mass extinction) í jarðsögunni við þau hnattrænu ferli sem komin eru í gang nú vegna hlýnunar jarðar. Hann sagði það sem væri að gerast nú á margan hátt líkjast stórum aldauðaatburðum fyrri tíma, ekki síst fyrir 250 milljónum ára þegar aldauði varð í lok Perm-tímabilsins, síðasta skeiðs fornlífsaldar, vegna gríðarmikillar eldvirkni á svæðinu þar sem nú er Síbería. Þá var svokallaður heitur reitur, möttulstrókur, undir því svæði og kvika vall beint úr möttli jarðar í víðtækum og langvinnum eldgosum. Auk sjö milljóna rúmkílómetra hraunrennslis losnaði þá gífurlegt magn af gróðurhúsalofttegundum, súlfati og kvikasilfri út í andrúmsloftið. Hafi þetta haft viðlíka áhrif og mannkynið valdi nú á Jörðinni og að það gangi jafnframt hraðar fyrir sig.

Eldsumbrotin í Síberíu losuðu að meðaltali fimm gígatonn af koldíoxíði á ári í 40 þúsund ár, að sögn Hallidays. Í fyrra hafi mannkyn á heimsvísu losað 37,8 gígatonn af koldíoxíði. Það sé sjö- til áttfalt meira en í umræddum aldauðaviðburði.

„Aldauði er vistkerfishrun, allt annað í heiminum myndi deyja út og eitthvað annað koma í staðinn. Líf heldur áfram en líf eins og það er í dag hyrfi. Milljónir ára tekur að endurheimta líf," sagði Halliday. Öll gögn sýni að haldi áfram sem horfi stefni mannkyn í átt að útrýmingu allra lífvera jarðar, sjötta aldauðann, og þeir sem haldi öðru fram segi annaðhvort ósatt eða skorti einfaldlega þekkingu.

Eina leiðin til að bjarga því sem bjargað verði sé að draga stórkostlega úr losun gróðurhúsalofttegunda og vernda land- og hafgæði. Vísindin hafi lagt fram þekkinguna á því sem sé að gerast en það sé á ábyrgð ríkisstjórna og fólksins sem þær starfa fyrir hvernig aðgerðir verði útfærðar. */sá*

“Kýrnar geta ekki verið án rafmagns!”

...segir **Halldór Örn Árnason,** en hann valdi **BLUETTI vara-orkukerfi** til að tryggja rekstraröryggi mjaltakerfa búsins. Í endurteknum rafmagnstruflunum tekur Bluetti-kerfið við á sekúndubroti og heldur rekstri mjaltakerfisins hnökralaust gangandi, þangað til rafmagn frá landskerfinu kemur á aftur.



Halldór Örn Árnason
Bústjóri Grund I og II - Eyjafirði

Við borgum fyrir tengingu!

Bluetti vara-orkukerfið er viðhaldsfrítt og mjög einfalt í uppsetningu.
Við greiðum kostnað vegna tenginga á kerfum sem eru pöntuð fyrir áramót*

Vertu viðbúinn rafmagnstruflunum í vetur, fáðu góð ráð og tilboð í Bluetti vara-orkukerfi fyrir þitt bú!

Halldór Örn valdi BLUETTI EP2000, þriggja fasa kerfi fyrir Grund í Eyjafirði.

Allt að **155** kWs

Viltu spara með sólarsellum?

Ekkert mál! Öll Bluetti orkukerfi eru tilbúin og hönnuð til að taka á móti orku frá sólarsellum. Engin viðbótar kostnaður. Kynntu þér málið!

Kynntu þér möguleika á styrkjum frá Orkusjóði við uppsetningu á Bluetti kerfum

BLUETTI

Hrein og örugg íslensk orka

• Miðast við tengingu í fyrirliggjandi töflu á notkunarstað. Miðast við 10 klukkutíma vinnu.

Bluetti á Íslandi - Orkuland - 680 6000 - www.bluetti.is - jax@jax.is



„Eiríksskáli“ í Svínárnesi á afrétti Hrunamanna, sem var nýlega vígður og þar með formlega tekinn í notkun. Myndir / Aldís Hafsteinsdóttir

Nýr og glæsilegur fjallaskáli Hrunamanna vígður

Nýr og glæsilegur fjallaskáli á afrétti Hrunamanna var vígður í byrjun mánaðarins að viðstöddum fjallmönnum og fleiri góðum gestum en skálinn er í Svínárnesi.

Mikil vinna og mikið átak fjölmargra gerði það að verkum að skálinn var vígður á mettíma en húseiningunum í skálann var skipað upp í Reykjavíkurhöfn um 20. ágúst og brunað var með þær á afréttinn þar sem þær voru settar saman. „Þessi framkvæmdahraði er sennilega einsdæmi. Við fögnuðum þessum áfanga í skálanum með öllum fjallmönnunum okkar og dágóðum fjölda annarra gesta. Skálinn mun heita „Eiríksskáli“, nefndur eftir Eiríki Kristóferssyni á Grafarbakka. sem lést af slysförum síðastliðið vor. Eiríkur var einn reyndasti fjallmaður Hrunamanna og sleppti aldrei fjallferð. Hann elskaði Hrunamannaafrétt og öræfin eins og fólk flest gerir hér um slóðir,“ segir



Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri og séra Óskar Hafsteinn Óskarsson, prestur í Hruna, sem sá um vígslu skálans.

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, alsæl og glöð með nýja skálann. */mhh*



Hér var verið að afhjúpa skiltið inni í skálanum við mikinn fögnuð viðstaddra.





Nokkrir nemendur með brakandi ferskt grænmeti úr útigörðum garðyrkjubænda í Uppsveitum Árnessýslu. Myndir / Aðsendar

Matreiðslunemendur og garðyrkjubændur

Nýlega fóru 30 matreiðslunemendur við Menntaskólann í Kópavogi (MK) og tveir kennarar þeirra í skemmtilega heimsókn til nokkurra garðyrkjubænda í Uppsveitum Arnessýslu.

Sölufélag garðyrkjumanna skipulagði ferðina en í henni fengu nemendur að upplifa ferskleika íslenska grænmetisins frá fyrstu hendi. Ragnheiður og Friðrik á garðyrkjustöðinni Flúðajörfa tóku hópinn út á akrana þar sem þau fengu að uppskera brakandi ferskar gulrætur, blóm- og spergilkál við mikla hrifningu.

Flúðasveppir og Friðheimar

Ævar tók á móti hópnum í Flúðasveppum og kynnti allt svepparæktunarferlið, sem nemendum þótti mjög fróðlegt. Nemendur fengu sér síðan ljúffenga sveppasúpu ásamt ljúffengu meðlæti á Farmers Bistro hjá Flúðasveppum.

Knútur Ármann á Friðheimum í Reykholti leiddi þau um gróðurhúsin, sagði frá allri þeirra starfsemi og sýndi þeim inn í eldhúsið og kynnti einnig Vínstofu Friðheima.

Kryddtegundir Ártanga

Hópurinn kom einnig við á garðyrkjustöðinni Kinn í Hveragerði og Ártangi í Grímsnesi var líka heimsóttur þar sem kynntar voru



Nemendur með nýjar, ferskar gulrætur, sem þeir fengu að taka upp.



Ferðin var skipulögð af Sölufélagi garðyrkjumanna og tókst einstaklega vel.

þær fjölmörgu kryddtegundir, sem ræktaðar eru í garðyrkjustöðinni.

„Það er mikill heiður fyrir Sölufélagið og garðyrkjubændur að fá tækifæri til að fræða kokkanema um eiginleika og gæði íslenska grænmetisins. Okkur er það mikilvægt að nemendur fái að kynnast ræktuninni frá fyrstu hendi, smakka grænmetið beint úr gróðurhúsunum og akrinum og geta fengið að spyrja spurninga sem brennur á þeim að fá svör við.

Samstarfið við MK hefur staðið í nokkur ár og höfum við farið tvær ferðir á ári, eina að vori og svo hina að hausti. Nemendur eru ákaflega áhugasamir og er sú upplifun og fróðleikur sem þau fá úr ferðinni tvinnuð saman við námsefnið,“ segir Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélagsins. */mhh*

Hreyfing:

Evrópsk íþróttavika um land allt

– Íslendingar með í gegnum ÍSÍ og Erasmus+

Um allt land standa yfir íþróttatengdir viðburðir fyrir landsmenn í tilefni evrópskrar íþróttaviku.

Íþróttavika Evrópu (e. European Week of Sport) er haldin 23.–30. september ár hvert í yfir 30 Evrópulöndum. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Erasmus+ styrkjakerfið til verkefna sem tengjast vikunni.

Er dagskrá um land allt í tilefni íþróttavikunnar, á vegum m.a. íþrótta- og héraðssambanda, þar sem almenningi er boðið að koma og iðka skemmtilega og holla hreyfingu.

Markmiðið með Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla álfuna og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Viðburðurinn er ætlaður öllum, óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi.



Evrópska íþróttavikan stendur til mánaðamóta og er fjöldi viðburða skipulagður um allt land. Mynd / #BeActive

Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive (Verum virk) og hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi.

Í fyrra tóku nærri 15 milljónir manna þátt í yfir 50.000 viðburðum íþróttavikunnar um alla Evrópu.

Fagnað verður tíu ára afmæli Íþróttaviku Evrópu innan vébanda ÍSÍ í Elliðaárstöð í Reykjavík laugardaginn 27. september. Sjá nánari dagskrá um allt land á vef og samfélagsmiðlum ÍSÍ. */sá*

can-am®

EIGUM SEXHJÓL KLÁR TIL AFGREIÐSLU STRAX



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

Hefur hækkað verð á nautakjöti skilað sér til bænda?


Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur verð á nautakjöti hækkað langt umfram vísitölu neysluverðs. En hefur þessi verðhækkun skilað sér í afurðaverði til bænda?

Ef horft er til verðþróunar síðustu sex ára, eða tímabilsins frá júlí 2019 til júlí 2025, má sjá að vísitala nautakjöts hefur hækkað um 63,7% á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 40,5% og vísitala fyrir mat og drykk hefur hækkað um 44,6%. Frá miðju ári 2019 og fram á mitt ár 2022 voru verðhækkanir á nautakjöti minni en þróun verðlags almennt. En síðan má greina hækkanir á nautakjöti á árinu 2022 og eins í upphafi ársins 2025 sem eru langt umfram vísitölu neysluverðs.

Það er því eðlilegt að spyrja hvort afurðaverð til nautakjötsbænda hafi hækkað að sama skapi.

Bændasamtökin / Landssamband kúabænda hefur tekið saman þróun á meðalafurðaverði nautakjöts út frá þeim verðskrám sem gilda hjá sláturleyfishöfum. Það er því nærtækt að bera þau verð saman við verð á nautakjöti til neytenda eða úr búð.

Á heimasíðu Neytandans, www.neytandinn.is, er safnað gögnum um verðlag á dagvöru úr búð á Íslandi. Þannig má m.a. nálgast þróun á verðlagi fyrir ýmsar afurðir á kjöti, svo sem nautahakki og nauta Ribeye.

Þá sjáum við að kílóverð á nauta Ribeye úr búð var 7.384 kr. í júlí 2025 á meðan afurðaverð til bænda var 1.081 kr. fyrir hvert kíló að meðaltali. Í júlí 2019 var meðalafurðaverð á nautakjöti til bænda 704 kr. fyrir hvert kíló en á sama tíma var kílóverð á nauta Ribeye úr búð 4.595 kr.

Þetta samsvarar að meðalafurðaverð á nautakjöti til bænda hækkaði um 377 kr. fyrir hvert kíló, eða 53,5% frá júlí 2019 til júlí 2025, á meðan kílóverð á nauta Ribeye úr búð hækkaði um 2.789 kr., eða 60,7%.

Ef við skoðum svo verðbreytingar á nautahakki yfir þetta sex ára tímabil, þá kostaði kílóverð á nautahakki 3.278 kr. úr búð í júlí 2025 og hafði hækkað um 64,2%, eða 1.282 kr., frá júlí 2019 þegar verðið var 1.996 kr. fyrir hvert kíló.

Verulega hallað á nautgripabændur

Það er því ekki að ástæðulausu að nautgripabændur telja verulega á sig hallað hvað varðar afkomu og starfsöryggi í greininni. Þá hefur stöðugt lakari tollvernd leitt til þess að hlutfall innflutts nautakjöts af heildarneyslu hefur aukist enn frekar. Þannig jókst innflutningur á nautakjöti fyrstu sjö mánuði ársins 2025 um 30% miðað við fyrstu sjö mánuði árið áður, en þá hafði verið flutt inn ríflega eitt tonn af nautakjöti það sem af var árinu 2025, að mestu leyti úrbeinað kjöt.

Til samanburðar voru flutt inn tæplega 1,4 tonn af nautakjöti fyrir allt árið 2024.

> Frá miðju ári 2019 og fram á mitt ár 2022 voru verðhækkanir á nautakjöti minni en þróun verðlags almennt. En síðan má greina hækkanir á nautakjöti á árinu 2022 og eins í upphafi ársins 2025 sem eru langt umfram vísitölu neysluverðs.

Langur framleiðsluferill

Hafa þarf í huga að framleiðsluferill á nautakjöti er langur og því mikilvægt að skapa eðlilegan hvata fyrir nautgripabændur til að stunda búskap. Gildir það bæði um hlutdeild bænda af smásöluverði á kjöti sem og stuðning stjórnvalda við greinina. Bændur þurfa að hafa ákveðinn fyrirsjáanleika í sínum rekstri og geta meðal annars sinnt nauðsynlegri endurnýjun fjárfestinga. Það ætti því að vera ákveðið áhyggjuefni að frá fyrrihluta árs 2017 til fyrrihluta árs 2025 hefur íslenskum nautgripum fækkað um 12%, eða 2700 gripi, þrátt fyrir að íbúafjöldi á Íslandi hafi aukist á sama tíma sem og fjölgun ferðamanna sem eru í mat.

Af þessari samantekt verður tæpast séð að stöðugt hækkandi verð á nautakjöti úr búð skili sér í sama mæli í vasa nautgripabænda og þá hlýtur einnig að þurfa að staldra við og spyrja þeirrar spurningar hvort mæta eigi aukinni eftirspurnarþörf á nautakjöti með innfluttu nautakjöti þar sem mögulega eru gerðar mun minni gæðakröfur en til innlendrar framleiðslu.


Stöðug fækkun lifandi nauta hefur verið á undanförnum árum. Mynd / smh



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Bændasamtök Íslands og neytandinn.is



Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



AFMÆLISTILBOÐ

VIÐ EIGUM 2 ÁRA AFMÆLI OG Í TILEFNI ÞESS VERÐA FRÁBÆR TILBOÐ ALLAN SEPTEMBER

LITLAR GRÖFUR Á 1.000.- KÍLÓIÐ! +vsk
(ALLT AÐ 2 TONN)

HT10



TIL Á LAGER

Þyngd: 1000kg
Vél: Eins cylendra Koop Loftkældur
Afl: 7,6kw/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40cm tennt skófla.

Tilboðsverð
1.000.000.– +vsk

HT10 Bleik



UPPBOÐ!

BLEIKA SLAUFAN
Til að þakka fyrir viðtökurnar seinustu 2 ár ætlum við selja bleiku HT10 gröfuna á uppboði og mun öll upphæðin renna til styrktar bleiku slaufunnar.

HT16



Þyngd: 1600kg
Vél: Tveggja cylendra Koop loftkældur með forhitara
Afl: 16,5kw/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm tennt skófla og glussastýrður þumall.

Tilboðsverð
1.600.000.– +vsk

HT20



Þyngd: 2000kg
Vél: Kubota D902
Afl: 20,4hp/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm skófla, glussastýrður þumall, hitari í húsi.

Tilboðsverð
2.000.000.– +vsk

HT180



Þyngd: 2030kg
Vél: Kubota D1105
Burðargeta: 800–1.000 kg
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Skotbóma – allt að 3,6 m lyftihæð, Mjög lipur – liðamót sem snúa allt að 45°, Þétt og nett stærð – kemst auðveldlega inn í þröng svæði, Öflug vökvakerfi með 40L tanki.

Tilboðsverð
2.690.000.– +vsk

ÞAÐ ER BETRA AÐ EIGA EN AÐ LEIGJA!

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við sölumann **arnar@ljardalur.is**
Forpöntunartilboð: Greitt er 50% við staðfestingu og rest við afhendingu.
Afhendingar eru áætlaðar í mars 2026.
Kynntu þér fleiri frábær tilboð á vélum og aukahlutum á **www.ljardalur.is**

LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS



Verðlaunakýrin, Særós, sem þykir fegurst allra kúa á Íslandi. Eins og sjá má er hún hyrnd og mjög falleg á litinn.

Mynd / Guðbergur Egill Eyjólfsson

Hyrndar kýr eru innan við 1% af stofninum

Mikil aðsókn hefur verið í dýragarðinn Daladýrð í Brúnagerði við Vaglaskóg í sumar.

„Ég er enn formaður Búkollu, sem barðist á móti innflutningi norska kúakynsins, og nú erum við komin með fjórar hyrndar kýr því við ætlum að leggja okkar af mörkum við að bjarga hyrndu kúnni en hún er orðin innan við 1% af stofninum. Við eigum fjórar hyrndar kýr, sem við erum mjög stolt af," segir Hrefna Björk Sigurðardóttir, en hún og maður hennar, Guðbergur Egill Eyjólfsson, eru með dýragarðinn Daladýrð í Brúnagerði við Vaglaskóg í Fnjóskadal með kýrnar sínar og annan búpening, sem vekur alltaf mikla athygli gesta.

Skrautlegasta kýrin

Þá má geta þess að kýrin Særós, sem er sægrá og hyrnd, var nýlega útnefnd skrautlegasta kýrin í myndasamkeppni hjá „Slow Food" samtökunum.

„Dýragarðurinn gengur mjög vel og það verður opið hjá okkur í allan vetur eins og alltaf, eða frá klukkan 11.00 til 18.00 alla daga vikunnar," segir Hrefna Björk. */mhh*



Bændurnir og eigendur dýragarðsins Daladýrðar í Brúnagerði við Vaglaskóg í Fnjóskadal, þau Hrefna Björk og Guðbergur Egill. Mynd / Aðsend





Nýi sveppurinn í Lýðveldislundinum á Tumastöðum í Fljótshlíð. Tegundin er oft laxableikari í raun. (Úr kynningu á Fagráðstefnu skógræktar).

Myndir / Bjarni Diðrik Sigurðsson.

Náttúra:

Nýr hlaupsveppur fundinn

– Hlýtur nafnið laxageljungur

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Guepinia halvelloides (DC) Fr. af eyrasveppsbálki, Auriculariales. Aldinin eru gelkennd og stíf viðkomu. (Úr kynningu á Fagráðstefnu skógræktar).

Nýr sveppur, laxableikur að lit, fannst í landi Tumastaða í Fljótshlíð í fyrrasumar og var það fyrsti fundur tegundarinnar hérlendis.

Á Fagráðstefnu skógræktar sem haldin var í vor í Hallormsstað vakti athygli kynning Bjarna Diðriks Sigurðssonar, prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands, á fundi hans og konu hans, Önnu Jónsdóttur, á sveppategund sem ekki hafði áður sést á Íslandi. Um er að ræða laxageljung (Guepinia helvelloides).

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, telur sveppinn mjög sérstakan og skrifar í nýbirt Ársrit Náttúrufræðistofnunar um hann:

„Um 55 mm hár laxableikur hlaupsveppur, tungulaga til næstum trektlaga. Efri hluti að innanverðu er með óreglulegum fellingum. Tegundin er rotsveppur sem vex aðallega á niðurgröfnum barrviði, sagi og viðarkurli. Hún er sögð vera tiltölulega fjallsækin en er fremur fátíð í Evrópu. Eintak af sveppnum fannst í greniskógi á Tumastöðum í Fljótshlíð um miðjan ágúst 2024. Gró voru ljós og sléttveggja, sporbaugótt til digurhólklaga með nokkuð þvera en ávala enda, 12–15 × 7,0 µm að stærð. Þetta er fyrsti skráði fundur tegundarinnar hérlendis."

Biður sveppnum griða

Í kynningu Bjarna Diðriks kom fram að þau hjónin hafi fundið „nýja sveppategund fyrir landið í ágúst 2024 í áttatíu ára gömlum mosagrónum sitkagreniskógi í Fljótshlíð.

„Í Evrópu allri finnst bara þessi eina tegund af þessari ættkvísl. Af einhverjum ástæðum virðist hún vera að dreifast víðar í Evrópu á seinni árum, en hún er enn talin fremur fátíð í Skandinavíu. Hún finnst til dæmis bara á nokkrum afmörkuðum svæðum í Svíþjóð, Noregi og Danmörku þar sem jarðvegur er með óvenju hátt sýrustig, þ.e. ekki súr. En íslenskur eldfjallajarðvegur er einmitt með óvenju hátt sýrustig.

Þessi tegund er einbeittur niðurbrotssveppur á fúnandi trjáviði og myndar hvorki svepprætur með trjám né öðrum plöntum. Í Svíþjóð vex tegundin einmitt í skógarbotni gamalla mosaríkra greniskóga eða blandskóga, á fúnandi viði (stubbum eða dauðum rótum) eða þá á viðarkurli eða sagi, til dæmis þar sem slíkt efni er notað á skógarstíga," segir í kynningunni.

Bjarni Diðrik sagði tegundina teljast til matsveppa, þótt hún sé ekki mjög bragðmikil og henti því betur í sveppablöndur en ein sér. „Ég mælist þó til að fólk tíni hana ekki til átu hérlendis þar sem hún er (enn) væntanlega ákaflega sjaldgæf hér. Þetta er spennandi viðbót í matsveppafunguna sem nú þegar telur um 120 tegundir hérlendis. Við skulum samt öll gefa henni grið fyrst um sinn svo að hún breiðist sem hraðast út í íslenskum greniskógum," sagði hann.

Fram kom jafnframt að þetta væri í annað sinn sem þau hjónin finna nýja sveppategund fyrir landið í sama skógarlundinum, Lýðveldislundinum á Tumastöðum í Fljótshlíð. Var fyrri tegundin svokölluð gabbkantarella (Hygrophoropsis aurantiaca) sem hefur nú fundist víðar hérlendis.

Hvað á sveppurinn að heita?

Þegar nýir sveppir finnast hérlendis þurfa þeir að fá íslenskt nafn sem bæði þarf að eiga vel við sveppinn og vera þjált þannig að hægt sé að beygja það vandræðalaust, fyrri parturinn fyrir tegundina og endingin sameiginleg fyrir tegundir ættkvíslarinnar. Stundum þarf reyndar fleiri en eina tilraun áður en gott nafn finnst. Eftir að Guðríður Gyða hafði sagt laxageljungur nokkrum sinnum upphátt þá fór henni bara að lítast vel á það nafn sem Bjarni Diðrik hafði valið sveppnum.

„Það var sænskur sveppafræðingur sem heitir Ellen Larsson sem þekkti sveppinn en hún var stödd á skrifstofu minni þegar ég tók fram pakkann frá Bjarna Diðriki," segir Guðríður Gyða. „Svo er misjafnt hvort sveppurinn heitir Tremiscus helvelloides (CD.) Donk eða Guepinia halvelloides (DC) Fr. en hér er fylgt þeim sem nota síðara nafnið en sama hvort nafnið er notað þá er sveppurinn af eyrasveppsbálki, Auriculariales. Erlendum vefsíðum um sveppanöfn ber þó ekki saman um það hvort sé samheiti hins," segir hún enn fremur.

/sá

YLJUM OKKUR

MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýsprottið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is



Arnheiður María með þá Brownies og Snjó. Mynd / UMFÍ

Hlaupið og hoppað

Hobbíhestaæðið hefur náð til Íslands en keppt var í greininni í fyrsta sinn á Landsmóti UMFÍ um verslunarmannahelgina. Hobbíhestar hafa vakið mikla athygli á samfélagsmiðlum undanfarin ár og eru vinsældir þeirra alltaf að aukast og eru íslensk börn þar ekki undanskilin.

Það sem heillar við hobbíhestana, eða prikhestana, er að allir geta verið með. Í keppni fara þátttakendur í gegnum ýmsar hindranir og þrautir á hobbíhesti en til eru alþjóðlegar keppnisreglur um framkvæmd mótanna.

Mæðgurnar Guðný María Waage og Arnheiður María Hermannsdóttir Waage stóðu fyrir fyrsta viðburðinum með hobbíhesta á Íslandi á Húsavík í mars á þessu ári.

„Ég var búin að fylgjast með dóttur minni og vinkonum hennar á þessum prikhestum í alls konar æfingum og leikjum. Ég ákvað því að spyrja hagsmunasamtök barna á Húsavík um að fá að halda mót og til að hópa krakkana saman. Það heppnaðist mjög vel en um 30 börn tóku þátt og var hlaupið og hoppað í tvo klukkutíma," segir Guðný María, en hún fann fyrir ótrúlegum stuðningi frá samfélaginu.

„Hagmunasamtökin bjuggu til 30 hesta fyrir okkur, okkur að kostnaðarlausu, með stuðningi frá Trésmiðjunni Rein hér á Húsavík. Krakkarnir fengu síðan að mála og skreyta þá á laugardeginum og á sunnudeginum kepptu þau á þeim á mótinu. Þetta er ótrúlega skemmtileg íþrótt sem sameinar hreyfingu og sköpun en þarna fær ímyndunaraflið að ráða för."



Þær Arnheiður María og Dóra kynntust í gegnum Hobbíhestana en Arnheiður býr á Húsavík og Dóra í Hafnarfirði. Hér eru þær saman á unglingalandsmóti UMFÍ, Arnheiður á Brownies og Dóra á Gauk.

Hafa margir síðan bæst við í hópinn með þeim mæðgum en hún stofnaði hóp á Facebook, Hobby horse á Íslandi, sem áhugasamir geta gengið í. Síðasti viðburður hobbíhesta á Íslandi var nú á hobbíhestamóti á Landsmóti UMFÍ sem fór fram á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. */hf*





Við skólann starfar 21 starfsmaður en skólinn er stór vinnustaður í héraðinu. Félagslíf nemenda er mjög gott og hafa verið sett upp mjög vinsæl leikrit í skólanum síðustu ár. Mynd / Aðsend

Metaðsókn er að Menntaskóla Borgarfjarðar

„Við skólann eru núna 220 nemendur og þar af eru 140 nemendur í staðnámi," segir Bragi Þór Svavarsson, skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar, aðspurður um fjölda nemenda við skólann í vetur.

„Talsverð fjölgun nemenda hefur verið síðustu ár og má alveg tengja það við að skólinn hefur haldið á lofti mikilli skólaþróun, sem veitt hefur verið mikil athygli, en einmitt árið 2022 fékk skólinn hvatningarverðlaun íslensku menntaverðlaunanna fyrir framsækna endurskoðun á námskrá. Við alla skólaþróun hefur verið litið til þess að vera leiðandi og hugmyndir sóttar til nemenda um hvað megi bæta og fara betur við nám og kennslu," bætir Bragi Þór við.

Flestir úr Borgarfirði

Meginþorri nemenda skólans kemur úr Borgarfirði en þó hefur vaxandi fjöldi komið af svæðum sem næst liggja, má nefna Dalabyggð, Húnaþing, Akranes og Hvalfjarðarsveit. „Nemendur sem eiga lengra að geta fengið vist á nemendagörðum skólans en þangað hafa sótt fleiri en fá inni. Það er því frábær lyftistöng að í byggingu eru nýir fullkomnir nemendagarðar og verður frábært að geta boðið fleirum vist fyrir vikið," segir Bragi Þór.



Bragi Þór Svavarsson, skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar, sem er að sjálfsögðu mjög kátur og ánægður með þessa miklu og vaxandi aðsókn að skólanum. Skólinn var formlega stofnaður 4. maí 2006. Mynd / Aðsend

Náttúrufræðibraut – búfræðisvið

Skólinn býður upp á almennt bóknám til stúdentsprófs en Bragi segir að alltaf sé nokkur fjöldi sem skráir sig á Náttúrufræðibraut – búfræðisvið. „Já, við og Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri stöndum saman að námsbraut þar sem nemendur hafa kost á að útskrifast með stúdentspróf frá MB og búfræðipróf frá LbhÍ. Náttúrufræðibraut með búfræðisviði er ætlað að veita nemendum undirbúning undir háskólanám í náttúru- og búvísindum og tekur það að jafnaði 4 ár. Nemendur taka tvö fyrstu árin (4 annir) í Menntaskóla Borgarfjarðar þar sem megináherslan er á kjarnagreinar til stúdentsprófs og valdar greinar á sviði raungreina. Í brautarkjarna er einnig lögð áhersla á samþættingu vísinda, tækni, verkfræði, lista, hagnýtrar stærðfræði og stafrænnar miðlunar. Seinni tvö árin taka nemendur við búfræðibraut Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Nemendur brautskrást með stúdentspróf frá Menntaskóla Borgarfjarðar og búfræðipróf frá Landbúnaðarháskóla Íslands," segir Bragi Þór. */mhh*

Baskasetur:

Saga Baska sem veiddu við Íslandsstrendur varðveitt

– Hýst í gömlum síldartönkum í Djúpavík

Baskasetur Íslands var opnað í Djúpavík 20. september. Það varðveitir m.a. sögu baskneskra hvalveiðimanna á Íslandi.

Baskasetrið mun halda úti varanlegri sýningu sem miðlar sameiginlegum menningararfi Baska og Íslendinga. Jafnframt er setrinu ætlað að halda utan um fjölþjóðlega og nýstárlega menningar- og rannsóknartengda starfsemi og verkstæði sem byggja á þessum menningararfi, í þeim tilgangi að minnast sameiginlegrar sögu Íslendinga og hvalveiðimanna frá Baskalandi. Þá er ætlunin að vekja athygli á sjálfbærni tengdri hafinu og litlum afskekktum samfélögum sem byggt hafa afkomu sína á fiskveiðum.

Bera fór á Böskum við Íslandsstrendur í upphafi 17. aldar og stunduðu þeir einkum hvalveiðar á árunum 1613 til 1615. Segir m.a. í Skarðsannál frá spænskum hvalskutlurum sem lágu allt umhverfis landið á tæpum tveimur tugum skipa. Baskarnir voru frá Gipuzkoa- og Laburdi-héruðunum sem eru beggja megin landamæra Spánar og Frakklands.

Baskar keyptu kindur og nautgripi af bændum, sér til matar, og seldu í staðinn m.a. ýmsa járnvöru, t.d. öngla, potta, hnífa og önnur bitjárn. Gekk á ýmsu í samskiptum Baskanna og heimamanna eins og kunnugt er og kom til mannvíga, svonefndra Spánverjavíga, sumarið 1615.

Baskasetrið er afrakstur Evrópusambandsverkefnis sem hófst árið 2023. Hugmyndin að setrinu er þó eldri, eða frá 2020. Þá kom fram hugmynd í átakinu Áfram Árneshreppur, um Baskasetur í Djúpavík. Héðinn Ásbjörnsson er formaður Baskaseturs. */sá*



Baskasetur Íslands var á dögunum opnað í tönkum gömlu síldarverksmiðjunnar í Djúpuvík á Ströndum. Þar er m.a. sýning sem fjallar um sögu baskneskra hvalveiðimanna á Íslandi. Myndin er tekin við opnun setursins. Mynd / Aðsend

Hausttilboð

Steinar úr graníti.

Sjá má liti og stærðir á heimasíðu.
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.
Frí sending um allt land.
Geymum steina ef óskað er.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
steinsmidjaakureyrar.is



Tilboð 1 (steinn 101) - 545.000



Tilboð 2 (steinn 103) - 498.000



Tilboð 3 (steinn 105) - 498.000



öfn

Tilboð 4 (steinn 252) - 395.000
Hægt að setja 2 nöfn



Tilboð 4 (hjarta) - 260.000
Passar líka á duftleiði



Svartur



Paradiso



Blár



Grár

TIlboð 6 (Demantur) - 170.000 - 220.000 með lukt
Passar líka á duftleiði

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is
Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri

Króatía:

Þjóðgarður og vatnsaflsvirkjanir í eina sæng

– Šibenik var fyrsti götulýsti bær heims með fjölfasa riðstraumskerfi

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Í Krka-þjóðgarðinum í Króatíu er að finna aðra elstu vatnsaflsvirkjun í heimi, sem raunar er aðeins 48 klukkustundum yngri en sú elsta, í Niagara-fossunum. Báðar voru hannaðar af Nikola Tesla.

Jaruga-vatnsaflsvirkjunin stendur við hlið Skradinski Buk-fossanna í Krka og var fyrsta samþætta riðstraums-raforkukerfi Króatíu. Skradinski Buk samanstendur af 17 fossum sem mynda stórt kalksteinsfossakerfi með 45,7 metra heildarhæð.

Jaruga var upphaflega hönnuð til að knýja götuljósin í Dalmatíu-bænum Šibenik. Vegna þess er Šibenik nú þekkt sem fyrsti bærinn í heiminum þar sem götuljósin voru knúin af fjölfasa riðstraumskerfi. Á tímum þar sem helstu höfuðborgir, eins og París og London, voru enn knúnar af einfasa straumi, var Šibenik þegar langt á undan.

Nikola Tesla var af serbneskum ættum og fæddist í smábænum Smiljan í Austurríki-Ungverjalandi (nú hluti af Króatíu) árið 1856. Tesla var uppfinningamaður, eðlisfræðingur, véla- og rafmagnsverkfræðingur. Uppfinningar hans og kennileg verk eru undirstaða riðstraumskerfa. Á meðal uppfinninga hans eru útvarpið, fjölfasaafldreifikerfið og riðstraumsmótorar sem stuðluðu að iðnbyltingunni síðari. SI-mælieining segulstyrks, tesla, er nefnd í höfuðið á honum.

Merkur þjóðgarður

Bygging Jaruga-virkjunar hófst árið 1894 og stóð í rúmt ár. Upprunalega virkjunin var þó byggð á öðrum stað, við Roški Slap-fossana í Krka, en sú endanlega byggð á núverandi stað við Skradinski Buk árið 1903. Þriggja kV flutningslínan frá Jaruga til Šibenik var 11 kílómetrar að lengd, strengd milli tréstaura, og spennistöðvar sex talsins.



Í Krka-þjóðgarðinum er fjögur hundruð ára gamalt mórberjatré. Ummál trjástofnsins í bringuhæð mælist nú tæpir fimm metrar. Gestir skreyta tréð með hekluðum stykkjum.

Vatnsveita virkjunarinnar er drjúg. Krka-áin er um 56 kílómetra löng, frá upptökum að ósum í Adríahafi. Heildarvatnasvið árinnar nær yfir 2.427 ferkílómetra, þar af eru um 5% innan landamæra Krka-þjóðgarðsins, eins vinsælasta þjóðgarðs Króatíu.

Hann var stofnaður árið 1985 og nær yfir um 109 ferkílómetra svæði sem einkennist af stórum dalbotni árinnar og bröttum hæðum umhverfis. Gróskan er gríðarleg og ganga gestir um fjölbreytta stíga og göngubrýr í dalbotninum þar sem árvatnið er hvarvetna nálægt, ýmist kyrrlátt eða fossandi. Þjóðgarðurinn er heimkynni yfir 860 tegunda plantna og 222 fuglategunda. Þar eru einnig t.d. rústir frá rómverskum tíma, herstöð, klaustur frá 15. öld á eynni Visovac og vatnsmyllur sem notaðar voru til að mala korn, auk ævagamalla mannvistarleifa.

Frá júní til september má sjá fjölda fólks baða sig í Krka-ánni og í hyljum undir Skradinski Buk- og Roški Slap-fossunum en starfandi vatnsaflsvirkjanir eru við bæði fossakerfin. Virkjanirnar hafa gert kleift að framleiða rafmagn sem styður við bæði iðnað og heimili í Króatíu, en rafmagnið frá þeim er einnig nýtt fyrir áveitu- og vatnsveitukerfi.



Jaruga-vatnsaflsvirkjunin í króatíska Krka-þjóðgarðinum stendur við hlið Skradinski Buk-fossanna og var fyrsta samþætta riðstraums-raforkukerfi Króatíu. Jaruga var upphaflega hönnuð til að knýja götuljósin í Dalmatíu-borginni Šibenik og var það fyrsta borgin þar sem götulýsing var almenn. Myndir / sá



Nikola Tesla.



Nikola Tesla gerði sér grein fyrir orku Krka-árinnar og fossa hennar og hannaði Jaruga-virkjunina, sem er önnur elsta vatnsaflsvirkjun í heimi.

Heklað utan á mórberjatré

Í dalbotni í Krka-þjóðgarðsins vex afar sérstætt 400 ára gamalt mórberjatré (Morus alba L.) sem er í sérstöku dálæti meðal gesta. Svo miklu raunar að fólk kemur með lítil hekluð stykki og bætir í ört vaxandi manngerða skreytingu á trjástofninum. Ummál trésins í bringuhæð mælist 475 cm.

Hvíta mórberjatréð er lauftré af Moraceae-ætt. Það barst upphaflega frá norðurhluta Kína en hefur fest sig í sessi í hlýrri hlutum Evrópu og Mið-Asíu. Blöðin innihalda mjólkurkenndan safa sem nærir silkiorma og þaðan er heitið mórberjasilki komið. Mórberjatréð blómstrar í apríl og maí og ætur ávöxturinn er hvítur, bleikur eða dökkrauður og þroskast í júní og júlí.

Virkjun og verndun

Krka-þjóðgarðurinn er verndaður með löggjöf og reglugerðum sem eiga að takmarka áhrif vatnsaflsvirkjananna á vistkerfið. Þetta eru meðal annars takmarkanir á hámarksnotkun vatns og samkomulag við raforkufyrirtæki um hvernig virkjununum er stýrt til að vernda náttúruna. Stjórn Krka-þjóðgarðsins er sögð vinna í nánu samstarfi við stjórnvöld og vísindamenn til að tryggja sem eðlilegast náttúrulegt ferli árinnar þrátt fyrir virkjanirnar. Í dag er þó umtalsverður þrýstingur frá umhverfisverndarsamtökum og alþjóðasamfélaginu um að endurheimta náttúrulegt flæði Krka-fljótsins. */sá*







VIÐ ERUM ÖLL ÚR SÖMU SVEIT

Landbúnaður er ekki bara mikilvæg atvinnugrein heldur hluti af lífinu okkar hér á Íslandi. Hann sér okkur fyrir mat, sumum okkar fyrir störfum, og flestum okkar fyrir tilfinningunni um samhug.

Hvort sem fólk býr í Vesturbænum eða austur á fjörðum þá liggja hagsmunir okkar saman í sveitinni.

Ræktum landbúnaðinn okkar.

Matvælaframleiðsla:

Innflutt hráefni algeng í veitingarekstri

– Veitingamenn sækja í jöfn og stöðug gæði, sama hvaðan þau koma



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Í íslenskum veitingarekstri er algengt að notast sé við innflutt hráefni. Ástæðurnar fyrir því eru margar, en helst er hægt að nefna skert aðgengi að innlendu hráefni af jöfnum gæðum. Veitingamenn sem stefna að mikilli notkun íslensks hráefnis geta þurft að leggjast í meiri vinnu við innkaup og þjálfun starfsfólks til þess að bregðast við breytilegu framboði.

Hér fyrir neðan er rætt við þrjá aðila sem þekkja vel starfsumhverfi veitingamanna á Íslandi. Allir segja þeir Íslendinga framleiða gott hráefni sem veitingamenn vilji nýta sér, og er fiskur og lambakjöt sérstaklega nefnt í því samhengi. Enn fremur segja þeir að unnið sé brautryðjendastarf í framleiðslu matvara eins og styrjuhrogna og fersks lambakjöts sem jafnast á við það besta sem gerist úti í heimi. Þá vanti nokkuð upp á að innlend nautakjötsframleiðsla nái að vera til jafns við erlenda þegar kemur að magni og gæðum.

Neytendur sjá ekki hráefnisskort

Ægir Friðriksson, matreiðslukennari við Menntaskólann í Kópavogi, hefur starfað í veitingageiranum frá aldamótum. Hann var meðal annars yfirkokkur á Reykjavík Natura og aðstoðaryfirkokkur á Grillinu á Hótel Sögu, ásamt því sem hann var með eigin veitingarekstur á tímabili.

Ægir segir að í matreiðslunáminu við Menntaskólann í Kópavogi sé reynt að stuðla að aukinni notkun á innlendu hráefni með því að vekja áhuga nemenda á því sem er í boði. Ýmsar ástæður geti hins vegar búið að baki því að veitingamenn noti erlent hráefni umfram innlent. „Í fyrsta lagi felast ákveðin þægindi í því að leita ekkert sérstaklega eftir innlendu, því það þýðir færri birgjar," segir Ægir.

Hann bendir á að neytendur verði oft ekki varir við að íslensk framleiðsla anni ekki eftirspurn þar sem framleiðendur miði að því að dekka þarfir smásölumarkaðarins. Á meðan geti veitingageirinn lent í öðru sæti og þurft að reiða sig á innflutning. Í þessu samhengi minnist hann á að eggjaskorturinn sem hefur verið til umræðu undanfarin misseri hafi farið fram hjá neytendum þar sem yfirleitt sé nóg til af íslenskum eggjum í búðum. Veitingamenn hafi hins vegar þurft að reiða sig á innflutt egg.

Erfitt að aðlagast breytilegu framboði

Ægir segir að ef veitingamenn vilji vera eingöngu með íslenskt hráefni á boðstólum þurfi þeir að breyta matseðlinum ört til að laga sig að síbreytilegu framboði. Það geti verið dýrt, því þeir þurfi þá stöðugt að þjálfa starfsfólkið upp á nýtt. Veitingahús sem eru með hátt hlutfall af menntuðu starfsfólki séu betur í stakk búin á meðan önnur geti þurft að gera sér að góðu það hráefni sem standi til boða hverju sinni, sama hvort það sé innlent eða erlent.

Lítill efnahagslegur hvati sé til þess að nýta þau hráefni sem séu í árstíð hverju sinni þar sem innflutta hráefnið sé í mörgum tilfellum ódýrara og aðgengilegt allt árið samhliða innlendri framleiðslu. Sterkt gengi krónunnar geri erlent hráefni enn samkeppnishæfara.

Mikil vídd í gæðum

Þó svo að íslensk nautgripaframleiðsla hafi aukist og gæðunum fleytt fram á undanförnum árum bendir Ægir á að innlend framleiðsla anni ekki eftirspurn og því þurfi veitingamenn að kaupa aðföng að utan. „Þeir sem nota innflutt nautakjöt þurfa að velja á milli ólíkra gæðaflokka og þar er oft breiðara verðbil. Á meðan er eiginlega bara eitt kílóverð fyrir íslenskar nautalundir, óháð gæðaflokki eða stærð." Þar sem nautgripir séu aldir við ólíkan aðbúnað og á mismunandi fóðri geti verið mikil vídd í gæðunum. Á sama tíma sé íslenskt lambakjöt almennt gott þar sem stærstur hluti sé alinn í úthaga og á fjöllum á sumrin.



Ægir Friðriksson hefur starfað í veitingageiranum í aldarfjórðung og er núna kennari í matreiðslu við Menntaskólann í Kópavogi. Þó svo að veitingamenn vilji, þá segir hann oft mikla áskorun að reiða sig á innlend hráefni. Mynd / ál

„Í sláturhúsinu eru gæðin á kjötinu metin og bændurnir fá borgað samkvæmt því. Úti í búð er kjöt ekki selt eftir flokkum og hafa neytendur því litla innsýn í kjötmatið. Annaðhvort er það heilt, úrbeinað, uppþítt eða frosið, en neytendur og veitingamenn geta ekki ákveðið að fá þriðja flokk til að nota í gúllas eða fá fyrsta flokks lambalæri í sunnudagssteikina."

Einfalt að versla allt á einum stað

Ægir bendir á að veitingamenn úti á landi þurfi oft að versla af heildsölum fyrir tiltekna lágmarksupphæð til þess að fá hagstæðari flutning. „Þar af leiðandi getur verið gott að gera samning við einn góðan birgja sem selur fjölbreytt úrval af vörum – grænmeti, fisk, kjöt, þurrvörur og fleira. Þá er móttakan þægilegri og þegar allt er pantað frá einum aðila koma aðföngin á sama tíma," segir Ægir.

Heildsölurnar sinni bæði innflutningi og séu milliliðir í dreifingu á innlendri framleiðslu. Þegar skortur sé á innlendu hráefni fylli birgjarnir upp í götin með innflutningi og hafa veitingamenn oft lítið val. „Því getur verið hvetjandi fyrir veitingasölur úti á landi að leita að framleiðslu úr sínu nærumhverfi. Aðstæðurnar eru hins vegar misjafnar og með meiri samþjöppun getur verið erfitt að nálgast hráefnið, þó svo að það sé ræktað í nágrenninu," segir Ægir.

Sama hvaðan gott kemur

Agnar Sverrisson, veitingamaður á Moss í Bláa lóninu, leggur mikið upp úr því að nota hráefni af bestu mögulegu gæðum, hvort sem það er íslenskt eða innflutt, og er veitingahúsið hans með eina Michelin-stjörnu. Agnar starfaði í tuttugu ár erlendis þar sem hann rak meðal annars veitingastaðinn Texture í London sem var með eina Michelin-stjörnu. Þar áður var hann yfirkokkur hjá tveggja Michelin-stjörnuveitingastaðnum Belmond Le Manoir aux Quat' Saisons skammt frá Oxford, sem er í eigu heimsþekkta kokksins Raymond Blanc.

„Ég held að ég sé einn af þeim fáu sem nota ferskt íslenskt lambakjöt allt árið um kring," segir Agnar, en hann fær það allt í gegnum Sláturhús Vesturlands í Brákarey. „Ég vil meina að Eiríkur Blöndal og starfsmennirnir þar vinni brautryðjendastarf, því það er nánast ekki hægt að fá ferskt lambakjöt á Íslandi. Þeir hafa hlustað algjörlega á það sem ég sem viðskiptavinur hef viljað, eins og að láta skrokkana hanga í tvær vikur, hvernig ég vil að kjötið sé skorið og af hvaða stærð lambið er. Við erum búin að vera í samstarfi í tvö ár og ég finn að þetta er af allt öðrum gæðum en annað íslenskt lambakjöt. Fyrir mér hafa þeir tekið lambakjötsframleiðslu á Íslandi upp á hærra plan.

Ég hélt alltaf að íslenska lambið væri langbest, en ég bjó í Bretlandi í tuttugu ár og kynntist frábæru ensku og velsku lambi – svo ég tali nú ekki um lambið frá Pýreneafjöllunum. Það er alltaf hægt að fá það ferskt." Hann bætir við að varan sé að sjálfsögðu töluvert dýrari þegar hún er framleidd á þann hátt sem er gert í Brákarey og við það bætist kostnaður sem felst í að halda gimbrunum á fóðrum allan veturinn. „En það borgar sig út af gæðunum."

Lætur flytja inn það besta

„Íslenskt lambakjöt er í fremstu röð og við getum verið stolt af því, en því miður finnst mér nautakjötið ekki eiga roð í þetta erlenda, hvað þá þegar kemur að framleiðslu af jöfnum gæðum í miklu magni," segir Agnar. Á Moss sé boðið upp á





Agnar Sverrisson rekur Michelin-stjörnuveitingastaðinn Moss í Bláa lóninu. Hann leggur mikið á sig til að fá besta mögulega hráefnið, bæði íslenskt og innflutt. Mynd / Bláa lónið



Nuno Alexandre Bentim Servo er stórtækur veitingamaður í Reykjavík. Nánast allt nautakjöt á hans veitingastöðum kemur erlendis frá, því hann fær ekki innlent hráefni af því magni og gæðum sem hann sækist eftir. Mynd / ál

Wagyu-nautalundir í gæðaflokki A5 frá Kagoshima í Japan. „Ég er með mest allan minn fisk frá Íslandi og nota íslenskan landeldislax.

Þá er einn meistari á Ólafsfirði sem heitir Eyþór Eyjólfsson sem byrjaði að framleiða íslensk styrjuhrogn og það er hráefni af glimrandi gæðum og jafnast á við það besta sem gerist úti," segir Agnar. Þar sé framleiddur ossetra-, síberískur og hvítstyrjukavíar og er verkunin ein af örfáum á heimsvísu þar sem styrjurnar eru ekki drepnar til að nálgast hrognin.

Þegar Agnar flutti aftur til landsins árið 2020 samdi hann við heildsölu um að hafa milligöngu um innflutning á hráefni frá Rungis-matarmarkaðnum í París. „Þangað koma daglega öll bestu hráefni heimsins á einn markað," segir Agnar. Samkvæmt hans bestu vitund sé enginn annar veitingamaður hérlendis sem sæki hráefnið sitt þaðan. „Ég nota franska kirsuberja- og hunangstómata og stundum tómata frá Sikiley sem eru af einstökum gæðum. Ég er ekki að segja að íslenskir tómatar séu vondir, en ég á enn þá eftir að smakka tómata frá Íslandi sem eru geggjaðir," segir Agnar. Enn fremur fær hann lifandi humar og kóngakrabba senda frá Noregi einu sinni í viku.

Þarf að geta reitt sig á framboðið

Hann segir að matseðillinn á Moss taki breytingum í samræmi við árstíðir. „Yfir vetrartímann er mikið lagt upp úr rótargrænmeti. Þegar fer að vora býð ég upp á grænan aspas sem ég fæ í Bretlandi og Frakklandi. Síðan koma grænar ertur og bóndabaunir um sumarið og allt er þetta eitthvað sem er ekki til á Íslandi. Ég er vanur þessum hráefnum erlendis frá og vil halda mig við það. Ég veit að það eru til veitingamenn sem reyna að nota bara íslenskt hráefni, en því fylgja miklar skorður að mínu mati."

Aðspurður hvað þyrfti til þess að veitingamaður á borð við hann nýtti sér meira af íslensku hráefni svarar Agnar: „Gæðin þyrftu að vera miklu jafnari." Hann bætir við að ekki sé alltaf hægt að reiða sig á framboðið sem hafi í för með sér óþarfa vesen fyrir veitingamanninn.

Dýrt hágæðakjöt að utan

Nuno Alexandre Bentim Servo rekur níu veitingastaði í Reykjavík, eins og Apotek Restaurant, Sushi Social, Sæta svínið, Tapas-barinn, Fjallkonuna, Tres Locos og fleiri. Hann segir almennt séð ekkert mál að nota íslenskt hráefni í veitingarekstri, en í sumum tilfellum sé betra að nota erlent. Hann tekur sem dæmi að á Apotek Restaurant séu seld tvö tonn af nautalundum á hverju ári og erfitt sé að fá svo mikið magn af íslensku kjöti í þeim gæðaflokkum sem hann sækist eftir.

„Níutíu prósent af okkar nautakjöti eru lundir frá Danish Crown, sem eru af mjög miklum gæðum," segir Nuno. „Svo verslum við aðeins frá Bandaríkjunum, eins og rib eye, tomahawk og t-bone, sem eru allt hágæða vörur og dýrar í innkaupum."

Eingöngu íslenskt lambakjöt

Hann tekur sem dæmi að þegar hann panti lundir frá Danish Crown (í gegnum íslenska heildsölu) geti hann valið úr mismunandi gæðaflokkum og innan hvers flokks séu ólíkar stærðir. „Þetta er allt mjög vandað og vel gert, enda er Danish Crown fyrirtæki sem er búið að gera þetta í meira en hundrað ár og með hundruð þúsunda tonna framleiðslugetu. Ég held að aðalvandamálið hérna á Íslandi sé að framleiðslugetan er svo lítil." Aðspurður segist hann ekki muna nákvæmlega hver verðsamanburðurinn á íslenska og erlenda kjötinu sé, enda séu það helst gæðin sem ráði því að hann kaupi erlent. Hann notar eingöngu íslenskt lambakjöt, sem hann segir besta kjötið á Íslandi og framleiðsla þess eitthvað sem hann vilji ýta undir.

Grænmetið versli Nuno af stórri heildsölu og samkvæmt upplýsingum frá þeim sé 25 prósent af því sem hann fái núna íslenskt. Á þessum árstíma sé allt blómkál, brokkolí, paprikur, tómatar og kartöflur frá Íslandi. Salat sé jafnframt að miklu leyti innlent, en að öðru leyti sé grænmetið innflutt.

Vill geta boðið upp á íslenskt

Þá er Nuno oft með á boðstólum kýrkjöt sem hann lætur hanga í tvo til þrjá mánuði. „Ég fæ stundum símtal frá Sláturhúsinu á Hellu þar sem þeir segjast hafa fengið góða belju. Ég tek þá skrokkinn og geymi í sextíu til níutíu daga," segir hann. Þá viti hann frá hvaða bæ viðkomandi kýr kemur og sé gaman að láta þá sögu fylgja með.

Stór hluti viðskiptavinanna eru erlendir ferðamenn og Nuno segir þá oft sýna uppruna hráefnisins áhuga. „Maður þarf að vera hreinskilinn en fyrst og fremst vill viðskiptavinurinn fá góðan mat," segir hann. Honum finnist gaman að geta boðið viðskiptavinunum upp á mat úr íslensku hráefni, en þeir verði ekkert síður ánægðir með útkomuna þegar hráefnið er erlent.

Á matseðlinum á Apotek Restaurant er úrval rétta sem gefi erlendum ferðamönnum færi á að prófa íslenskt hráefni, eins og hrossakjöt, lunda og fleira. Nánast allur fiskur, fyrir utan túnfisk, risarækjur og humar, sé íslenskur, allur lax úr landeldi Samherja og eins og áður segir er allt lambakjöt íslenskt. „Íslenskt já takk!" segir Nuno að lokum, sem telur mikilvægt að gera íslenskum vörum hátt undir höfði.





Alinush og Rudy standa að Bændagistingunni La Collina Verde í Levanto.

Lífrænt ítalskt og uppskriftir ömmu

Margt er líkt með Ítalíu og Íslandi, svo sem hrekkjótt eldfjöll, grófskorin strandlengja og landslag sem er mótað af hefðum íbúanna. Ítalía er þrisvar sinnum stærri en Ísland og hefur 150 þúsund sinnum fleiri íbúa, eða 60 milljónir. Á Ítalíu er hlýrra og betri ræktunarskilyrði.

Ítalska Rívíeran er stórfengleg. Auk fjölda lítilla strandbæja í Ligúría-fylki, sem Rívíeran tilheyrir, eru fimm bæir, að austanverðu, sem eru hvað þekktastir. Þeir eru nefndir einu nafni Cinque Terre og eru þjóðgarður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).



Hlynur Gauti Sigurðsson.

UNESCO-nafnbótin breytti öllu fyrir svæðið. Mannlíf jókst með ferðaþjónustu, aðgengi um náttúru svæðisins varð greiðfærara og lífsins lystisemdir spretta nú sem aldrei fyrr um allar hlíðar. Bændur innan þjóðgarðsins eru styrktir fjárhagslega þegar gamalkunnir búskaparhættir eru viðhafðir, svo sem á ólífum og víni.

Í aðliggjandi bæ, rétt norðan við Cinque Terre, er bærinn Levanto. Þar reka Rudy og Alinush litla bændagistingu, Agriturismo La Collina Verde. Á þremur hekturum í brekkunum í kring, rækta þau ólífur og vínvið. Auk þess rækta þau alls konar ávexti eins og kirsuber, kíví og auðvitað alls kyns sítrusávexti. Að gista innan um slíkar allsnægtir er munaður.

Á La Collina Verde eru fimm herbergi, tveggja manna hvert. Rudy hefur unun að matargerð. Hvern morgun framreiðir hann örugglega tuttugu nýjar krásir úr hráefni sem þau rækta sjálf. Margar af krásunum eiga uppruna sinn í stóra handskrifaða uppskriftabók sem amma Rudy skildi eftir sig.

Öll heimaræktunin er lífræn. Vottunarstofa tekur út aðstæður vikulega. Ræktunin í brekkunum hefur verið í fjölskyldu Rudy yfir langan aldur. Foreldrar hans búa á jörðinni og aðstoða eftir mætti.

Í upphafi árs hefst undirbúningur við ræktunina. Þegar vorar fara Rudy og Alinush að dytta að húsakosti ferðaþjónustunnar. Gistiheimilið tekur drjúgan tíma á sumrin. Þegar haustar hefst uppskera á vínviði og vinir og félagar koma til að aðstoða. Hver og einn bóndi í sveitinni býr til sín eigin vín og skipta bændur gjarnan þrúgum á milli sín til að gera hina fullkomnu vínblöndu. Í upphafi vetrar hefst svo uppskeran á ólífunum. Í lok árs leyfa þau sér stundum að fara í ferðalög, en samt aldrei lengur en tvær vikur.

Það er eitt og annað sem við Íslendingar getum lært af lífsglöðum Ítölunum. Vinna mætti meira með íslenskar landnotkunarheiðir í nafni menningarlandslags. Það gæti glætt ferðaþjónustuna og styrkt nærsamfélög. Ef við vildum efla útirækt mætti auka skógrækt, án þess að það kæmi endilega niður á annarri landnotkun.

Heimsóknin til La Collina Verde var dásamleg í alla staði og vert að mæla með. Rudy og Alinush höfðu frá mörgu að segja, sér í lagi þegar umræðan barst að matrækt og matseld. Hver veit nema þau komist yfir Bændablaðið og lesi það yfir nýlöguðu macchiato á meðan þau gæða sér á krásum úr uppskriftabók ömmu.

Höfundur starfar hjá Skógræktarfélagi Íslands.

Vetrarbúnaður
Hilltip

Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar

Wendel



Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is



Kári Kárason vill komast í sambandi við landeigendur og bændur vegna mögulegra nytja á íslenskum náttúrujurtum.

Íslenskar náttúrujurtir:

Leitar eftir samstarfi við bændur og landeigendur

Fyrirtækið Hafrún hefur frá árinu 2013 unnið fjallagrös og selt meðal annars til íslenskra vín- og fæðubótarframleiðenda. Fyrirtækið hyggur nú á útrás í sölu hvannarlaufa og leitar samstarfs við bændur og landeigendur um aðgengi að nytjalöndum þeirra.



Kári Kárason.

Horft út fyrir landsteina í markaðssetningu

Kári Kárason rekur Hafrúnu, sem hann segist hafa tekið við af föður sínum árið 2004 en þá var það sjávarútvegsfyrirtæki. Hann segir að undanfarin þrjú ár hafi orðið sú breyting á starfseminni að meira sé horft út fyrir landsteinana með markaðssetningu á íslensku jurtunum. „Í sumar hef ég verið á ferð um Norðurlandið til að kanna og reyna að leggja mat á hve mikið sé hægt að tína.

Þá verður þetta um tilraun að ræða til útflutnings á íslenskum náttúrujurtum. Ég hef nú þegar flutt út nokkur hundruð kíló af hvannarlaufum og langar að athuga með samstarf við bændur og landeigendur um möguleika þess að selja fjallagrös á erlenda markaði.“

Möluð fjallagrös

„Í dag er ég að selja þurrkuð hvannarlauf á Kínamarkað en langar að athuga með útflutning á möluðum fjallagrösum. Á sama tíma erum við opnir fyrir öðrum möguleikum. Ég tel að vinna þurfi verkefnið hægt en örugglega, finna kaupendur fyrst og síðan finna samstarfsaðila til að tína jurtirnar, sem og að koma upp góðri aðstöðu fyrir mölun og pökkun,“ heldur Kári áfram.

Hafrún fékk styrk úr Matvælasjóði til að kanna og kynna grasatínslu sem atvinnugrein, kanna heilnæmi varanna, meðal annars magn gerla og fleira.

Hvannarlauf á Kínamarkað

„Í dag er verkefnið einskorðað við hvönn og fjallagrös en í leiðinni leitað leiða til að útvíkka þetta verkefni og kanna með möguleika á öðrum jurtum og þá erum við að tala um þurrkaðar vörur og muldar.

Hvannarlaufin hafa verið að fara á Kínamarkað en vitað er um áhuga á fjallagrösum í Evrópu, til dæmis til ópalgerðar,“ segir Kári.

Beðið er með frekara markaðsstarf þar til búið er að kanna betur grundvöllinn fyrir öflun á jurtunum. Samstarfið við bændur og landeigendur verður í raun um aðgengi að löndum, að sögn Kára, en vonandi líka um tínslu og hráefnisöflun.

Stefnt er að því að halda kynningarfundi í haust á Norðurlandi en áhugasamir geta haft samband við Kára í gegnum netfangið hafrunehf@gmail.com.

/smh

Bændablaðið kemur næst út 9. október

Bílabúð Benna

Í fimmtíu ár

100% Dísel

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.

Bíll á mynd er með
35” breytingarpakka

Gengið styrkist...
... Bílabúð Benna lækkar verð!

KGM Musso Grand

Þessi rúmgóði og ríkulega búni vinnuþjarkur er dæmi um nýjan KGM bíl á enn betra verði.

- Öflug dísel vél
- Hátt og lágt drif
- Byggður á grind
- Læsanlegur millikassi
- 5 punkta gormafjöðrun að aftan
- Tvær pallalengdir í boði
- Allt að 3.500 kg dráttargeta
- Allt að 1.025 kg burðargeta

Lækkað verð nú 6.990.000 kr. með vsk.

Langtímaleiga Sixt í 36 mánuði - 214.900 kr. með vsk. á mánuði.

Breytingarpakkar í boði: 33” | 35” | 37”

Skannaðu QR kóðann fyrir nánari upplýsingar um Musso.

Nú er tækifærið til að tryggja sér nýjan bíl hjá Benna á enn betra verði.

Kolefnisjafnaður

4x4

benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
S: 590 2000

KGM
Gæði á sterkum grunni



Sigurður Haraldsson, eigandi Pylsumeistarans, hefur einsett sér að nota alfarið íslenskt kjöt í sína framleiðslu. Hann hefur nokkrum sinnum hlotið titilinn Kjötmeistari Íslands og önnur verðlaun fyrir sínar vörur. Mynd / ál

Íslenskt nautakjöt illfáanlegt

Sigurður Haraldsson, eigandi Pylsumeistarans, hefur undanfarna mánuði átt erfitt með að fá nautakjöt þar sem hann hefur sett sér þá reglu að bjóða eingöngu upp á kjöt frá íslenskum bændum.

„Ef ég fæ ekki íslenskt kjöt þá er það ekki til í búðinni hjá mér," segir Sigurður. Hann segir að frekar myndi hann hætta starfsemi en að selja innflutt kjöt. Að auki við nautakjöt notar Sigurður mikið svína-, lamba- og ærkjöt. „Ég hef ekki átt til nautahakk, hamborgara og bollur af því að ég fékk ekki íslenskt nautakjöt – og þá er það bara svoleiðis!" segir hann. Sigurður rekur verslunina Pylsumeistarann að Laugalæk í Reykjavík og er með kjötvinnslu í Kópavogi. Hann framleiðir fjölbreytt úrval af pylsum og öðrum kjötvörum.

„Svo virðist vera sem að það séu svo fáir eftir sem að slátra nautakjöti eftir þessi nýju búvörulög að þeir einoka markaðinn. Eins og ég sé þetta taka þeir nautakjötið fyrir sig og selja sjálfir. Áður fékk ég alltaf nautakjöt án vandræða í gegnum B. Jensen, sem er núna orðið hluti af KS." Nýverið keypti Sigurður heilan nautgrip í gegnum Sláturhús Vesturlands í Brákarey, en vanalega kaupir hann úrbeinað kjöt frá stærri afurðastöðvum. „En ég fékk ekki hakkefni, þannig að ég þurfti að kaupa heilan grip," segir Sigurður.

„Við verðum að átta okkur á því að nautakjöt er lúxusvara. Bændur sem eru að rækta naut verða að fá borgað samkvæmt því. Það vill enginn vinna frítt og bændur eiga ekki að þurfa að gefast upp á að vera með búskap. Við verðum að passa bændurna okkar. Ef það kemur eitthvert ástand upp á í heiminum skipta Íslendingar engu máli. Að bændur skuli þurfa að vinna aðra vinnu með búskapnum til að lifa af er alveg hræðilegt." */ál*

Lambhagi:

Ekkert spínat að finna í vöru merktri „spínat"

Vara frá Lambhaga hefur ranglega verið merkt sem „spínat" á undanförnum vikum í verslunum.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) barst í sumar kvörtun frá neytanda um breyttar merkingar á vörunni „spínatkál" frá Lambhaga – þar sem vöruheitið „spínat" væri komið í staðinn með latneska heitinu „brassica rapa". Rétt latneskt heiti á spínati er hins vegar „spinacia oleracea".

HER gaf Lambhaga mánaðarfrest til endurmerkinga, eða til 1. ágúst. Í eftirlitsferðum í september var hins vegar staðfest að varan hefur enn ekki verið endurmerkt. Var í framhaldinu haft samband við fyrirtækið og ítrekað að endurmerkja skyldi vöruna. Í skýringum frá Lambhaga til HER kom fram að nýir miðar væru enn í prentun og staðfesting á nýju útliti miða hefur nú borist þar sem varan er skýrt merkt spínatkál. Anna Jóhannesdóttir, heilbrigðisfulltrúi HER, segir að málinu verði áfram fylgt eftir.

Sambærilegt mál Lambhaga frá 2016

Sambærilegt mál kom upp árið 2016, þegar Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur barst kvörtun frá Hollt og gott vegna merkinga á vöru frá Lambhaga, sem „Lambhagaspínat".

Við rannsókn og eftirlit HER á málinu kom í ljós að um var að ræða káltegundina „brassica rapa". Samkvæmt upplýsingum frá Lambhaga til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur var um að ræða Komatsuna-fræ sem nefnast „Japanese mustard spinach" á ensku.

Í framhaldinu var farið fram á að Lambhagi breytti um merkingar, enda talið villandi að merkja kál sem spínat. Niðurstaða Lambhaga var að merkja kálið sem spínatkál og leitaði HER staðfestingar MAST á því hvort að sú merking væri heimil.

Þar sem spínat er notað í samsettum orðum og þekkist í t.d. fjallaspínat taldi MAST að heitið uppfyllti skilyrðin og hefur Lambhagi merkt Brassica rapa með íslenska heitinu spínatkál síðan. Latneska heitið hefur verið látið fylgja en heilbrigðiseftirlitið telur að það sé þá enn skýrara fyrir neytendur að ekki sé um að ræða spínat, þ.e. spinacia oleracea. */smh*



Varan sem hér er merkt sem „spínat" inniheldur ekki spínat, sem hefur latneska heitið „spinacia oleracea", heldur spínatkál sem hefur latneska heitið „brassica rapa". Mynd / smh



Díoxínmenguð Landnámsegg

Matvælastofnun hefur varað við neyslu á eggjum frá Landnámseggjum ehf. í Hrísey, vegna þess að of mikið magn af eiturefninu díoxíni fannst í þeim við reglubundið eftirlit.

Um pakkningar með lotunúmersmerkingu „Best fyrir 7. október 2025" er að ræða og er sú framleiðslulota innkölluð.

Ekki vitað um uppruna mengunarinnar

Hænur Landnámseggja hafa verið fluttar inn í hús á meðan rannsókn stendur yfir, en ekki er vitað um uppruna mengunarinnar.

Díoxín er þrávirkt eiturefni sem getur myndast til að mynda frá alls konar iðnaði og við háan bruna. Efnið brotnar mjög hægt niður í náttúrunni og getur borist á milli dýrategunda.

Þetta er í annað skiptið sem díoxínmengun greinist yfir mörkum í Landnámseggjunum í Hrísey.

Eggin mismunandi að lögun, stærð og lit

Landnámsegg ehf. hóf starfsemi í byrjun árs 2020.



Íslensk landnámshæna. Mynd / smh

Varphænurnar eru landnámshænur sem hafa gengið úti frjálsar, en þær verpa heldur smærri eggjum en gerist á hefðbundnum eggjabúum og þau eru mismunandi að lögun, stærð og lit. */smh*

vfs.is

1997–2025

AFMÆLISTILBOÐ

25%

AF ÖLLUM VÖRUM

Það er 25% afsláttur af öllum vörum til 3. október í verslunum og á netinu

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • S: 560 8888 • **vfs.is**

Husqvarna®

MHG Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Forest & Garden á Íslandi

*Varahlutir og þjónustuverkstæði

Husqvarna K770 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm

Husqvarna 520IRX
Sláttuorf 36V

Husqvarna Traktor TC220
14,4kw

Husqvarna K970 Steinsög
Sögunardýpt 15,5 cm

Husqvarna Rider 320X AWDTraktor
10,5 kW

Husqvarna 522IHD60
60cm

Husqvarna LC253S Sláttuvél
2,8kW

Husqvarna 525BX Blásari
86 m/s

Husqvarna 535RX Sláttuorf
1,6kW

Husqvarna 580 EPOS
16.000m²

Husqvarna AM535AWD EPOS
3.500 m²

Husqvarna 450e Keðjusög
2,4kW

MHG VERSLUN

Husqvarna Forest & Garden Products

Garðverkfæri, slátturóbotar, steinsagir, steinsagarblöð, jarðvegsþjöppur, hopparar, kjarnaborvélar, garðsláttuvélar, golfslípivélar, sandarar, gröfur, golfbílar og margt fleira

MHG Verslun | Vikurhvarf 8
S. 544 4656
mhg@mhg.is

Íslensk skógrækt í alþjóðlegu samhengi

– Ferð Skóg-BÍ til Danmerkur

Dagana 9.–11. september fóru tveir fulltrúar Skógardeildar Bændasamtaka Íslands (Skóg-BÍ) til Danmerkur til að taka þátt í aðalfundi NSF – Nordic Family Forestry. NSF eru norræn samtök skógarbænda sem starfa undir evrópsku regnhlífarsamtökunum CEPF (Confederation of European Forest Owners). Skóg-BÍ sótti um aðild að NSF árið 2024 og fékk formlega inngöngu í júní á þessu ári. Með þessu er Ísland orðið hluti af öflugum norrænum vettvangi skógarbænda, þar sem Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk hafa áður verið aðilar að.



Sólrún Þórðardóttir.



Náttúrulega borðskreytingin.

Aggersvold – Herragarður og ráðstefnustaður

Fundurinn var haldinn á Aggersvold í klukkutíma fjarlægð frá Kaupmannahöfn, á glæsilegum herragarði sem á uppruna sinn frá 1581 en elsta núverandi bygging er frá árinu 1830. Aggersvold hefur verið uppgert með ráðstefnuhald og aðrar samkomur í huga. Aðstaðan var til fyrirmyndar, fundarsalirnir, veislusalurinn og gistiaðstaðan voru allt í upprunalegum byggingum, til að mynda gistum við í gömlum hesthúsum. Þrátt fyrir fallegt umhverfi tók alvaran strax við og fundað var um leið og hópurinn kom á staðinn.

Evrópuráðstafanir og tækifæri fyrir Ísland

Á fundinum var farið yfir nýjustu fréttir frá Brussel, þar sem reglugerðir og stefnumótun Evrópusambandsins í skógræktarmálum voru til umræðu. Þar kom fram að Norðurlöndin eru komin allt að 100 árum lengra í þróun skógræktar og nýtingu skóga en Ísland. Þessi reynsla og þekking okkar norrænu frænda getur reynst íslenskum skógarbændum dýrmæt.

Fulltrúa Skóg-BÍ var boðið að taka þátt í tveimur nefndum innan NSF – annars vegar í reglugerðarhópi (policy advisor) og hins vegar í stjórnunarnefnd. Þetta er mikilvægur áfangasigur fyrir íslenska skógrækt og mun styrkja tengsl og þekkingarflutning til Íslands.

Skógarferð og kolefnisbinding

Í ferðinni var m.a. farið í elsta ósnortna skóg Danmerkur. Þrátt fyrir rigningu var upplifunin einstök, fegurð skógarins og hljóð rigningardropanna á laufblöðunum skapaði sérstaka stemningu. Þar fengum við fræðslu um rannsóknir á kolefnisbindingu skóga og niðurstöður sem komu á óvart: eftir ákveðinn tíma minnkar kolefnisbinding verulega og í staðinn eykst útstreymi nítrats í jarðveg og vatn. Þetta undirstrikar mikilvægi nýskógræktar til að viðhalda virkri hringrás og kolefnisbindingu.



Aggersvold-herragarður þar sem aðalfundur NSF var haldinn. Myndir / SÞ

Íslensk skógrækt gegnir lykilhlutverki í loftslagsaðgerðum stjórnvalda og er eitt öflugasta verkfærið í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Því er svo mikilvægt að skógarbændur vinni saman að því að efla íslenska skógrækt og fái stjórnvöld með sér í lið. Mikilvægt er þó að huga vel að áætlunum um nýtingu skóga þegar þeir eru plantaðir með það í huga hver nýting þeirra er eftir grisjun, hvort sem það er til byggingarefnis, lífmassa eða annars.

Lífmassi – tækifæri fyrir Ísland?

Í Danmörku hefur verið unnið ötullega að nýtingu lífmassa úr skógrækt til orkumyndunar. Þar er lífmassi notaður til að framleiða rafmagn og hita, sem valkostur á móti kjarnorku. Þetta vekur spurningar um hvernig Ísland geti nýtt sinn lífmassa sem myndast við skógrækt, þar sem við höfum aðrar tegundir orkuöflunar en frændur okkar á Norðurlöndunum. Mögulegt væri að skoða útflutning á lífmassa eða þróa nýja innlenda notkun, t.d. í lífefnaframleiðslu, jarðvegsbætiefni eða byggingarefni.



Hin magnaða Víkingahöll.

Nýskógrækt – fjölbreytt nálgun

Eftir skógarferðina var haldið á nýskógræktarsvæði í einkaeigu. Eigendur svæðisins, sem reka kaffihús, ákváðu að ráðast í skógrækt sem mótvægi við rekstur sinn. Þeir fengu garðyrkjufræðing og skógfræðing til að skipuleggja svæðið. Voru þeir með ákveðna sýn á sitt svæði, lögðu þeir mikið upp úr að hafa fjölbreyttar tegundir og gróðursettu þeir tegundirnar allt í bland með engri ákveðinni reglu. Þetta var áhugaverð nálgun sem gæti hentað vel í ákveðnum verkefnum á Íslandi, sérstaklega þar sem markmiðið er aukin líffræðileg fjölbreytni.

Byggingar úr timbri – framtíðarsýn

Síðasta daginn heimsóttum við stærsta víkingahús Norðurlanda, sem er í Sagnlandet Lejre. Húsið var byggt alfarið úr eikartimbri frá Sjálandi, og var hvert tré valið sérstaklega fyrir staðsetningu í byggingunni. Reynt var að nýta allt efni svo að lítið sem ekkert færi til spillis. Þó að íslensk skógrækt sé enn ung og trén ekki orðin nógu stór til slíkra mannvirkja, er framtíðarsýnin skýr: með markvissri ræktun og nýtingu gæti íslenskt timbur orðið verðmætt byggingarefni í framtíðinni.

Samvera og tengslamyndun

Samveran með frændum okkar frá hinum Norðurlöndunum var yndisleg, áttum við góðan tíma í Aggersvold þar sem mikið var rætt bæði á fundum og sérstaklega við kvöldverðarborðið þar sem danskir frændur okkar báru fram yndislegar krásir; allt innlent og ræktað í garðinum. Borðskreytingarnar voru mjög áhugaverðar, en þeir voru með ýmiss konar grasker, smá epli og blóm úr garðinum hjá sér sem borðskraut, og var endingin mjög góð þar sem það stóð á borðum yfir alla dagana sem við vorum hjá þeim.

Við kvöddum Danmörku með bros á vör og fullt af nýjum hugmyndum og tengslum. Ferðin var ekki aðeins fræðandi heldur einnig hvetjandi og undirstrikar mikilvægi þess að Ísland sé virkur þátttakandi í alþjóðlegu skógræktarsamfélagi.

Sólrún Þórðardóttir er sérfræðingur á sviði skógræktar hjá Bændasamtökum Íslands.





Í takt við þinn rekstur



Freyja
Svunta olíuþolin



Ermahlífar
Einnota - 10 stk.



Dunlop Purofort stígvél
mjúkur og fjaðrandi botn



Snyrti og úrbeiningahnífur
millistífur - 13 cm.



Tork iðnaðarþurrkur
1faldur margbrotinn hvítur pappír



Handbursti
238 mm - stífur

Vefverslun N1 er opin allan sólarhringinn.
Í vefverslun okkar getur þú skoðað vöruúrval
og klárað kaupin þegar þér hentar.

Sími þjónustuvers: 440 1000
www.vefverslun.n1.is

N1

Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm



Husqvarna K4000 Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5

Bókarútgáfa:

Tamning hrossa og hestaferðir hafa verið hugsjón hans alla tíð

– Riðið í strauminn með Hermanni Árnasyni

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



Í lok október kemur út hjá bókaútgáfunni Hólum bók sem fjallar um Hermann Árnason, hestamann frá Vík og Hvolsvelli, þar sem fjallað er um hinar landsþekktu hestaferðir hans, hrossahald og hestamennsku.

Má þar nefna Stjörnureiðina um landið þvert og endilangt, og Vatnareiðina, þar sem Hermann og félagar riðu yfir allar ár sem á vegi þeirra urðu frá Höfn í Hornafirði og vestur á Selfoss.

Einnig Njálureiðina þar sem Hermann og tveir félagar hans riðu í fótspor Flosa og brennumanna frá Svínafelli í Öræfum að Bergþórshvoli til að sannreyna hvort frásögn Njálu stæðist. Einnig er sagt frá nokkrum ferjureiðum um langan veg þar sem Hermann var á stundum einn á ferð með allt að 30 hesta á eftir sér. Hjalti Jón Sveinsson skrifar bókina.



Hjalti Jón, sem skrifar bókina, og Soffía Lárusdóttir, eiginkona hans, en myndin var tekin í Landmannahelli í ferð með Hermanni og félögum í sumar. Mynd / Aðsend

Höfðu aldrei hist

„Þegar ég hætti störfum sem skólameistari haustið 2022 var þeirri hugmynd hvíslað að mér að gaman gæti verið að skrifa bók um Hermann Árnason og hestaferðir hans. Við höfðum aldrei hist en ég hafði fylgst með honum í gegnum árin. Ég vissi að hann hafði tekist á hendur stór verkefni á þessum vettvangi. Ég minntist þess sérstaklega hvað mér þótti það fráleitt þegar fréttir bárust af því vorið 2009 að Hermann, ásamt nokkrum félögum sínum, hygðust, sér til gamans og í minningu landpóstanna, ríða yfir allar ár sem á vegi þeirra yrðu á leiðinni frá Höfn og vestur á Selfoss,“ segir Hjalti Jón og bætir við:

„Úr varð að ég sendi Hermanni skilaboð á Facebook þar sem ég spurði hann hvernig honum litist á að við hittumst og hann rifjaði upp helstu ferðir sínar og segði mér frá hestamennsku sinni. Úr því gæti kannski orðið bók. Hann kvaðst líka hafa aðeins fylgst með mér á sínum tíma þegar ég ritstýrði tímaritum hestamanna, Eiðfaxa og Hestinum okkar.

Upp úr þessu sköpuðust góð kynni við þau Hermann og Sigríði Magnúsdóttur, eiginkonu hans. Eitt leiddi af öðru og þegar við sáum fram á að eitthvað gæti orðið úr þessu hafði ég samband við Guðjón Inga Eiríksson hjá bókaútgáfunni Hólum, sem ég þekkti frá gamalli tíð. Hann tók okkur vel. Í þessari bók birtist svo afraksturinn af samstarfi okkar,“ segir Hjalti Jón stoltur og ánægður með bókina.



Bókin um Hermann Árnason kemur út í lok október. Hjalti Jón vonar að bókin höfði til hestamanna en ekki síður til fólks, sem hefði yndi af að ferðast um þær fjölmörgu slóðir sem fjallað er um. Hermann á marga vini um allt land og ætti bókin að vera fengur fyrir þá. Hér er forsíðumynd bókarinnar þegar Hermann í broddi fylkingar ríður yfir Krossá á leið úr Þórsmörk. Mynd / Jóna Sigþórsdóttir

„Hestafræði Hermanns“

En fyrir þá sem þekkja ekki Hermann, hvað er merkilegast við hann og hvers konar maður er hann?

„Hann hefur stundað hestamennsku af kappi frá blautu barnsbeini; eða allar götur síðan hann fór fimm ára í sveit að Steinum undir Eyjafjöllum til þeirra Sigurbergs Magnússonar og Elínar Sigurjónsdóttur, sem var föðursystir hans. Tamning hrossa og hestaferðir hafa verið hugsjón hans alla tíð og með ólíkindum eru sum viðfangsefni hans á því sviði, eins og fyrrnefnd Vatnareið og Stjörnureiðin svokallaða, sem hann skipti í tvo 40 daga leiðangra árin 2016 og 2018 þvers og kruss yfir landið.

Hann vílar heldur ekki fyrir sér að ferðast einn um langan veg með kannski 30–40 hross sem hann hefur kennt að elta sig. Dæmi eru um að hann hafi ferðast allt að 3.000 kílómetra á einu sumri en oftast um 2.000 og venjan er að sömu hrossin fylgi honum allan tímann,“ segir Hjalti Jón og bætir við að ekkert hafi getað stoppað Hermann og að hann eigi mikið eftir enn. „Segja má að Hermann hafi verið fyrirmynd margra sem tekið hafa þátt í ferðum hans í gegnum árin og allir bera honum vel söguna. Þá kynnumst við líka þeirri hlið á hestamennsku Hermanns er lýtur að þjálfun hrossanna, umgengni hans við þau og hvers konar meðhöndlun. Kalla ég því einn kaflann „Hestafræði Hermanns“,“ segir Hjalti Jón.

Tveggja ára vinna

Hjalti Jón segir að bókin hafi verið tvö ár í vinnslu og að hún byggi mest á fundum þeirra Hermanns þar sem Hjalti spurði hann spjörunum úr. „Þar kemur Sigga, konan hans, líka við sögu og samferðafólk hans sem tekið hefur þátt í stærstu ferðunum. Einnig leitaði ég til fjögurra einstaklinga sem eiga jafnmarga kafla í bókinni þar sem þeir segja frá hestamennsku sinni og kynnum sínum af Hermanni. Þá er þess að geta að bókina tileinkar Hermann Gunnari Björnssyni, vini sínum, Gunna Björns, sem lést í lok hestaferðar hópsins, „Með frelsi í faxins hvin“, í ágúst á síðasta ári, og er fjallað sérstaklega um hann í einum af undirköflum bókarinnar,“ segir Hjalti Jón. Hægt er að skoða heimasíðu bókarinnar á www.hermannsbok.is.



Hermann á miðju Nautavaði í Þjórsá, en í bókinni er brugðið upp mynd af hestamanninum Hermanni, ekki einungis í tengslum við umræddar hestaferðir því að jafnframt er fjallað um hvernig hann elur upp og temur hross sín, heldur þau og þjálfar. Bókin verður til sölu hjá öllum helstu bókasölum landsins en þess má geta að um 230 mannanöfn koma fram í bókinni og birtar eru yfir 300 myndir, auk fallegra korta af ýmsum leiðum sem við sögu koma. Mynd / Jens Einarsson

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar
Wendel

Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is



690 kr.



490 kr.

BÓKA MARKAÐUR

Á FISKISLÓÐ 39

11. SEPT.- 6. OKT

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

OPIÐ 10-18 ALLA DAGA

NÓG AF STÆÐUM



1.290 kr.



490 kr.



3.490 kr.



990 kr.



2.490 kr.



1.490 kr.



6.990 kr.



MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS

GARÐYRKJA

AKRÝLDÚKUR - BAKKAR - POTTAR - MOLD

PLASTDÚKUR - UMBÚÐIR - KASSAR - FRÆ



Samhentir

Framhaldsskólinn á Laugum fagnar 100 ára afmæli 25. október:

Skólinn var stofnaður að undirlagi Jónasar frá Hriflu

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



Framhaldsskólinn á Laugum í Reykjadal fagnar 100 ára afmæli sínu miðvikudaginn 25. október næstkomandi, sem er fyrsti vetrardagur, en skólahald hefur verið samfleytt á Laugum í Reykjadal allt frá árinu 1925, eða frá því að Alþýðuskóli Þingeyinga hóf göngu sína.

Haldið verður upp á tímamótin með hátíðardagskrá í skólanum fyrsta vetrardag, sem er 25. október. Skólameistari skólans er dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson.



Falleg vetrarmynd af Framhaldsskólanum á Laugum í Reykjadal, sem fagnar 100 ára afmæli sínu 25. október en hann var einmitt settur fyrsta vetrardag 1925 í fyrsta sinn. Myndir / Aðsendar



Fallegt hjarta sem nemendur mynduðu við upphaf skólastarfsins í haust en mikil og góð vinátta ríkir á milli nemenda og starfsmanna skólans, enda allir í sama liðinu.



Skólinn á sitt eigið íþróttahús, sem er mjög mikið notað. Það er til dæmis mikið um íþróttakeppnir á milli heimavistanna eða félaga, sem eru stofnuð af vinum til þátttöku í „Laugadeildinni“, sem er keppni yfir veturinn í hinum ýmsu íþróttum. Skólinn hefur af og til sent lið til þátttöku í Íslandsmótum í blaki og körfuknattleik, auk þess sem margir nemendur æfa og keppa með Ungmennafélaginu Eflingu í Reykjadal, sem og með íþróttafélögunum á Húsavík og Akureyri. Og frjálsíþróttir eru að sjálfsögðu kenndar við skólann.



Sigurbjörn Árni er duglegur að fara í útreiðartúra, en mýið getur oft verið mikið á hans slóðum eins og sjá má á þessari skemmtilegu mynd.

Jónas frá Hriflu

„Laugaskóli var upphaflega héraðsskóli eða alþýðuskóli eins og þeir sem voru stofnaðir á fyrri hluta tuttugustu aldar, flestir að undirlagi Jónasar frá Hriflu.

Það var Samband þingeyskra ungmennafélaga (forveri Héraðssambands Suður-Þingeyinga og nú Héraðssamband Þingeyinga), sem byggði skólann í sjálfboðavinnu og afhenti sýslunni hann árið 1925 til þess að mennta þingeysk ungmenni. Vissulega nutu ungmenni mun víðar um landið skólans og hefur hann ávallt menntað fólk um allt land. Suður-Þingeyjarsýsla, eða sýslunefnd hennar, rak svo skólann allt til 1974 þegar hann var afhentur ríkinu sem hefur rekið hann síðan. Skólinn hefur gengið í gegnum mjög mörg rekstrarform enda fræðslulög og menntakerfi Íslendinga breyst oft og mikið í gegnum árin en alltaf hefur hann menntað ungt fólk. Árið 1988 runnu svo Héraðsskólinn á Laugum og Húsmæðraskólinn á Laugum (sem stofnaður var 1929 í sama tilgangi og Laugaskóli nema einungis til að mennta konur) saman í Framhaldsskólann á Laugum. Laugaskóli hefur því borið þrjú nöfn (Alþýðuskólinn á Laugum, Héraðsskólinn á Laugum og Framhaldsskólinn á Laugum) en er alltaf kallaður Laugaskóli þó svo að hann hafi aldrei formlega borið það nafn,“ segir Sigurbjörn Árni aðspurður um sögu skólans.

Einstakur skóli

Sigurbjörn Árni segir að skólanum hafi alltaf gengið vel þó stundum hafi líf hans hangið á bláþræði. Þetta sé eini „Jónasarskólinn“ sem honum vitanlega tókst að lifa af samfélagsbreytingar síðustu aldar og menntar enn ungmenni. „Það var vegna aðlögunarhæfni skólans, framsýni þeirra sem að honum stóðu og samstöðu þess fólks sem býr í hinum dreifðu sveitum Þingeyjarsýslu. Í dag er skólinn einstakur í framhaldsskólaflórunni á Íslandi og bestur á landinu í því sem hann er að gera,“ segir Sigurbjörn stoltur með skólann sinn.

Í dag eru um 115 nemendur í skólanum. 100 þeirra eru í dagskóla, sem þýðir að þau mæta á hverjum degi í Laugaskóla eða á starfsstöðina á Vopnafirði og 92 búa á heimavistinni. Boðið er upp á almenna braut, sem er hugsuð fyrir þá sem ekki hafa lokið námsmarkmiðum grunnskólans. Svo eru fjórar brautir til stúdentsprófs, sem er 200 einingar eða 3,4 ár, en það eru félagsvísindabraut, íþróttabraut, kjörsviðsbraut þar sem nemandinn getur sett saman sitt eigið kjörsvið til stúdentsprófs og náttúruvísindabraut.

60% nemenda eru stúlkur

Sigurbjörn Árni segir að í dag séu 60% nemenda við skólann stúlkur og 40% drengir. „Þau koma alls staðar að af landinu og algengt er að við höfum nemendur úr um 45 póstnúmerum. Tiltölulega hefðbundin skipting er helmingur af svæðinu Eyjafjörður til Vopnafjörður, þriðjungur kemur af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og afgangurinn annars staðar af landinu, þó fæstir af Suðurlandi, enda er þar sterkur heimavistarskóli í sveit, Menntaskólinn á Laugarvatni. Samt má til gamans geta að einn nemandi frá Laugarvatni stundar nám við skólann í dag,“ segir Sigurbjörn Árni.

Öflugt og gott félagslíf

Mjög gott og öflugt félagslíf er í skólanum. „Já, já, þar sem svo mikið af ungu fólki býr saman verður óhjákvæmilega gott félagslíf, bæði það formlega, sem stýrt er af nemendafélaginu eða undirfélögum, sem og hið óformlega sem skapast á heimavistinni. Stærsti viðburðurinn ár hvert er „Tónkvíslin“, sem er söngkeppni Framhaldsskólans á Laugum og grunnskólanna í kring en hún er framleidd fyrir sjónvarp og hefur m.a. verið send beint út á N4 sjónvarpsstöðinni sálugu. Aðrir stórir viðburðir eru árshátíðin, menningarferð, skíðaferð og „Laugadraumurinn“, sem er tveggja vikna keppni í þrautum þar sem heimavistirnar keppa hver við aðra í stigasöfnun í anda Ameríska draumsins,“ segir Sigurbjörn Árni og bætir við að það sé einnig mikið félagslíf í kringum íþróttirnar og aðeins af afreksíþróttafólki sé í skólanum.

Hvetur alla til að mæta í afmælið

Þegar Sigurbjörn Árni er spurður út í framtíð skólans og hvernig staða hans verði eftir önnur hundrað ár er hann fljótur til svars. „Já, stórt er spurt. Ég vona að hér verði skóli í einhverri mynd og stjórnvöld hafi þá framsýni að reka hér skóla með sérstöðu. Hvernig menntamálin á Íslandi munu þróast er erfitt að segja en auðvelt væri að reka hér eitthvað sem er líkt lýðháskóla í dag sé ekki vilji til að reka framhaldsskóla. Ungt fólk í dag er afar gott og skynsamt og mun betra en mín kynslóð var, svo ég get ekki tekið undir þá umræðu, sem virðist tröllríða samfélaginu, að í dag sé allt á leið til helvítis í menntamálum og hjá ungu fólki. Að lokum hvet ég bara alla til að koma á 100 ára afmæli skólans fyrsta vetrardag núna í október,“ segir Sigurbjörn Árni fullur tilhlökkunar til afmælisins. Í dag starfa 32 við skólann í 25 stöðugildum.



BLEIKUR OKTÓBER !

OKTÓBERSTJARNAN ER NÚ KOMIN Í ALLAR HELSTU BLÓMAVERSLANIR.

RÆKTUÐ AF BIRGI GARÐYRKJUBÓNDA Í HVERAGERÐI. HLUTI SÖLUVERÐS RENNUR TIL VERKEFNIS KRABBAMEINSFÉLAGSINS „BLEIKA SLAUFAN“



BLEIKA SLAUFAN

Blóm gera kraftaverk

íslensk blóm



DEILDARFORSETI VIÐ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS

Laus er til umsóknar staða deildarforseta við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Um er að ræða nýja stöðu við háskólann sem verður til vegna sameiningar þriggja fagdeilda LbhÍ. Um er að ræða krefjandi starf við ört vaxandi alþjóðlega menntastofnun sem krefst m.a. hæfni í breytingastjórnun og faglegri stjórnun í akademísku umhverfi.

Landbúnaðarháskóli Íslands er mennta- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar, landnýtingar, umhverfisvísinda, landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða. LbhÍ veitir BSc, MSc og PhD gráður ásamt því að bjóða upp á starfsmenntanám í búfræði á framhaldsskólastigi.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Yfirumsjón með stjórnun og rekstri fagdeildar
- Stefnumörkun og framþróun fagdeildar
- Umsjón með málum sem snerta rannsóknir og alþjóðlega starfsemi í samstarfi við alþjóða- og rannsóknafulltrúa
- Gerð fjárhagsáætlunar fagdeildar í samvinnu við kennsluforseta og rekstrarstjóra
- Frumkvæði að samstarfi milli námsbrauta og við aðra háskóla, stofnanir og hagaðila innanlands sem utan
- Ábyrgð á framkvæmd gæða- og mannauðsmála í samráði við mannauðs- og gæðastjóra
- Virk þátttaka í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan háskólans

HÆFNISKRÖFUR

- Doktorspróf sem tengjast sérsviðum háskólans og akademískt hæfi
- Samskiptahæfni, jákvæðni, drifkraftur og geta til að takast á við breytingar
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Hæfni til að móta og miðla framtíðarsýn
- Hæfni til að byggja upp og leiða teymi akademískra starfsmanna
- Reynsla af rekstri og stjórnun skilyrði
- Reynsla af starfi innan háskóla skilyrði
- Reynsla af rannsóknum og starfi sem tengjast sérsviðum háskólans

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Rektor ræður deildarforseta til fimm ára samkvæmt verklagsreglum sem háskólaráð LbhÍ setur og starfar deildarforseti í umboði hans. Deildarforseti getur að hámarki starfað í tvö ráðningartímabil.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni kynningarbréf auk vottorðs um námsferil sinn og störf, ritaskrá, skýrslu um vísindastörf og önnur störf sem þeir hafa unnið.

Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Auglýsing getur gilt í allt að sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 03.10.2025

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Ragnheiður I Þórarinsdóttir, ragnheidur@lbhi.is

Sími: 433 5000

Guðmunda Smáradóttir, gudmunda@lbhi.is
Sími: 433 5000



VERKEFNASTJÓRI FJÁRMÁLA

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) er að auka og styrkja rannsóknaþjónustu háskólans og leitar að reynslumiklum og metnaðarfullum verkefnastjóra fjármála til að ganga til liðs við rannsókna- og alþjóðateymi háskólans. Um er að ræða mikilvægt hlutverk í rannsóknasamfélagi háskólans, þar sem nýr starfsmaður mun gegna lykilhlutverki við að veita stuðning og leiðsögn til að tryggja fjármögnun, uppgjör og stjórnun rannsóknaverkefna.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Vinna með rannsóknahópum LbhÍ við að þróa, samræma og leggja fram samkeppnishæfar styrkumsóknir innanlands sem erlendis
- Veita sérfræðiráðgjöf og leiðsögn við undirbúning rannsóknaumsókna, með sérstaka áherslu á fjármál og áætlanagerð
- Eftirfylgni með rannsóknaverkefnum, tryggja skilvirka umsýslu, rekstur og uppgjör verkefna og að kröfur um skýrslugerð séu uppfylltar
- Náin samvinna með rannsókna- og alþjóðafulltrúa, og deildarforseta við að ná rannsóknamarkmiðum deildar
- Samvinna við rekstrarsvið og fjármálastjóra um fjárhagslegt uppgjör og eftirfylgni verkefna.
- Þátttaka í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan háskólans

HÆFNISKRÖFUR

- MSc í verkefnastjórnun eða sambærilegum greinum
- Umfangsmikil reynsla af stjórnun alþjóðlegra rannsóknaverkefna með áherslu á Horizon
- Umfangsmikil reynsla af áætlanagerð og fjárhagslegu uppgjöri verkefna
- Framúrskarandi færni ritaðri og munnlegri ensku
- Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Með umsókn þarf að fylgja:

- Ferilskrá
- Afrit af prófskírteinum
- Upplýsingar um umsagnaraðila

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 03.10.2025

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Christian Schultze, christian@lbhi.is
Sími: 433 5000

Guðmunda Smáradóttir, gudmunda@lbhi.is
Sími: 433 5000

Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

NÁNAR Á LBHI.IS OG STARFATORG.IS

Bóndinn á Kúludalsá:

Gerir upp langa baráttu gegn Norðuráli með bókarútgáfu

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Ragnheiður Þorgrímsdóttir, bóndi á Kúludalsá í Hvalfirði og kennari, hefur skrifað og nýlega gefið út bók um langa baráttu sína og málaferli vegna meintrar flúormengunar frá Norðuráli, sem hún telur að hafi orsakað viðvarandi og alvarlegan heilsubrest hrossa sinna.

Í bókinni sem heitir „Barist fyrir veik hross“ rekur Ragnheiður alla málavexti, allt frá því að hrossin hennar byrjuðu að veikjast eitt af öðru um vorið 2007. „Enginn gat sagt mér hvað væri að þeim en ég reyndi að hjúkra þeim og fékk hjálp við það. Tveimur árum síðar frétti ég af mengunarslysi hjá Norðuráli, sem er um fimm kílómetra austan við beitarhaga hrossanna. Reykhreinsivirki fór úr sambandi og mikill flúor slapp út. Austanáttir eru ríkjandi á svæðinu. Á þessum tíma fór fram veruleg stækkun verksmiðjunnar en gangsetning nýrra kerja eykur einnig losun flúors þannig að mikið flúorálag var frá rekstrinum allt árið 2006 og fram á 2007 og svo bættist mengunarslysið við,“ útskýrir hún.

Ragnheiði kennt um veikindin

„Ég reyndi að fá veikindi hrossanna rannsökuð hjá opinberum stofnunum, þannig að upplýst yrði hvað væri að þeim. Sú þrautaganga er rakin í bókinni. Ég byggi frásögnina á heimildum en þær hef ég varðveitt,“ heldur Ragnheiður áfram.

„Fyrst leitaði ég til Matvælastofnunar sem vísaði erindinu til Umhverfisstofnunar sem hélt málinu hjá sér í tvö ár en ákvað svo að hafast ekki að. Þá leitaði ég aftur til Matvælastofnunar þar sem yfirdýralæknir eftir þrábeiðni mína samþykkti einhvers konar athugun sem reyndist svo hvorki fugl né fiskur. Stofnunin sendi frá sér skýrslu eftir þessa furðulegu athugun sína þar sem mér var blátt áfram kennt um veikindi hrossanna. Þetta mat var ekki byggt á niðurstöðum flúormælinga í hrossunum en þær mælingar hafði ég þó lagt mikla áherslu á.“

Röng umhirða útilokuð

Ragnheiður leitaði í kjölfarið til Steingríms J. Sigfússonar atvinnuvegaráðherra og bað um alvöru rannsókn. Hún segir að hann hafi tekið á málinu af festu og í framhaldinu voru tveir sérfræðingar ráðnir til að rannsaka veikindi hrossanna, þeir Sigurður Sigurðarson dýralæknir og Jakob Kristinsson, prófessor emeritus í eiturefnafræði við Háskóla Íslands. „Þeir voru að í þrjú ár með hléum og komust að þeirri niðurstöðu í skýrslu til atvinnuvegaráðuneytisins að nánast útilokað væri að rekja veikindin til rangrar umhirðu hrossanna. Töldu þeir líklegt að orsök veikindanna væri flúor frá álveri Norðuráls og vildu að rannsókninni yrði haldið áfram,“ segir hún.

Matvælastofnun hafi í kjölfarið ráðist á skýrslu atvinnuvegaráðuneytisins með offorsi en skýrsluhöfundar hröktu gagnrýnina sem að mestu leyti var komin frá einum starfsmanni stofnunarinnar. Ragnheiður telur ljóst að árásin frá Matvælastofnun hafi haft afgerandi neikvæð áhrif á framgang málsins. Rannsókninni var ekki haldið áfram.

Málinu ekki lokið

„Með skýrslu atvinnnuvegaráðuneytisins í höndum fór ég í mál við Norðurál og íslenska ríkið en tapaði þeirri viðureign. Henni er lýst í stórum dráttum í lokakafla bókarinnar,“ segir Ragnheiður.

Hún er ákveðin í því að þessu máli sé ekki lokið. „Það verður að endurskoða starfsleyfi Norðuráls. Mengandi verksmiðja á ekki að hafa eftirlit með sjálfri sér. Eftirlitið þarf að vera stöðugt og koma frá aðilum sem eru ótengdir mengunarvaldinum. Helst þyrftu það að vera virtir erlendir aðilar.

Endurskoða þarf losunarheimildir fyrir flúor í starfsleyfinu og lækka þær. Þá þarf einnig að gera nágrönnnum kleift að fylgjast með útsleppi flúors frá verksmiðjunni á rauntíma. Eins og málum er háttað núna þá fáum við upplýsingar um losunina mörgum mánuðum síðar.

Það bráðvantar rannsóknir á skaðleysismörkum ýmissa þátta í umhverfinu, til dæmis eru þau ekki til fyrir hross. Of mikið er um ágiskanir og velferð dýranna er ekki höfð að leiðarljósi.“

Mikilvæg heimild fyrir framtíðina

Ragnheiður segir að tilgangurinn með bókaskrifunum sé að vekja athygli á helstu málavöxtum þessa umfangsmikla en dapurlega máls, með því að draga fram málsskjöl og myndefni sem því tengjast þannig að til sé heimild um það fyrir framtíðina. Efnið geti líka nýst á margan hátt í vísindasamfélaginu, sérstaklega varðandi rannsóknir á þoli hrossa fyrir flúori, en einnig í umhverfisfræði, eiturefnafræði og fleiri greinum, svo sem stjórnsýslufræðum.

Spurð um hvort áhrifa hafi orðið vart á öðrum nágrannabæjum hennar, segir hún að engin hross hafi verið haldin á bæjunum milli Kúludalsár og Grundartanga þegar mengunarslysið átti sér stað. „Við og við hafa verið þar hross síðan. Það skiptir mestu máli varðandi áhrif flúors á hross, hvort um langtíma, stöðugt flúorálag er að ræða.

Hrossin mín sem veiktust voru allan tímann hér heima og þau voru undir langtíma og stöðugu flúorálagi. Líffæri þeirra höfðu ekki möguleika á að hreinsast inn á milli eins og getur gerst hjá sauðfé sem fer um stór svæði þar sem flúorálag er mismikið. Sauðféð er líka á húsi fimm til sex mánuði á ári og sleppur því við mikið af mengunartoppunum sem útigangshross lenda í.“

Mest af flúormenguninni lendir vestan við Grundartanga

Til staðfestingar á almennum áhrifum mengunarinnar á búfé í Hvalfirði, vísar Ragnheiður á rannsókn sem gerð var af Gyðu S. Björnsdóttur, umhverfisfræðingi og fyrrum íbúa í Kjós. Hún vann lokaverkefni sitt við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands árið 2014 sem bar heitið: Sýnir sauðfé við Hvalfjörð merki um líffræðilegt álag af völdum mengunar? „Rannsóknin leiddi í ljós marktækt minni frjósemi sauðfjár vestan við iðjuverin á Grundartanga miðað við önnur svæði í grennd við Norðurál, einnig að heilsa sauðfjár var verri og gæði ullar rýrari vestan við iðjuverin. Þessi atriði bera vott um álag



Ragnheiður með tvö af þremur eftirlifandi hrossum frá Kúludalsá, Feng 24 vetra og Sprett 10 vetra. Myndir / Aðsendar



Bókarkápan.

sem sauðfé vestan iðjuveranna verður fyrir, enda mælist mest flúormengun á því svæði miðað við allan Hvalfjörð.

Auðvitað lenda hrossin líka í menguninni, mest þó hrossin sem ganga úti," segir Ragnheiður.

Enn eru haldin hross á bænum

Þegar spurt er hvort halda eigi hross á Kúludalsá miðað við ástand undanfarinna ára, segir Ragnheiður að eðlilega sé spurt, þar sem um fjórfalt meiri flúor mælist í hrossum frá bænum miðað við hross frá ómenguðum svæðum. „Ef ég ætti hrossahóp núna eins og var 2007 og hefði þá reynslu sem ég hef núna, þá myndi ég koma flestum þeirra fyrir annars staðar en hafa aðeins örfá hérna á bænum og gera eins og núna, hýsa þau á nóttunni og takmarka aðgang að hagabeit því mengunin er í haganum.

En ég var ekki fróð um áhrif flúors vorið 2007 þegar veikindin byrjuðu. Hrossin urðu stirð og sum gátu ekki staðið. Lengi vel hélt ég að ég gæti hjúkrað hrossunum til bata. Einnig trúði ég því að yfirvöld myndu standa með hrossunum og skikka Norðurál til að hemja flúorlosunina eftir að upp komst um mengunarslysið. Hvorugt hefur gengið eftir.

Nú hafa öll veiku hrossin sem veiktust á bænum verið felld. Tuttugu og fimm talsins. Þeim var hjúkrað eins vel og kostur var og þegar ljóst var að bati næðist ekki, voru þau ekki látin kveljast heldur felld á mannúðlegan hátt. Ég á þrjú hross eftir af hrossunum frá Kúludalsá. Það er 24 vetra reiðhestur sem ég hef að öllu jöfnu haft á húsi á nóttunni allan ársins hring og tvö systkini 10 og 11 vetra sem eru að miklu leyti alin upp fjarri heimahögum. Þessi hross hafa ekki sýnt einkenni veikinnar."

Hross í gjörgæslu

„Hrossin sem ég á núna hef ég í gjörgæslu þannig að þau eru öll á húsi á nóttunni og er skammtaður aðgangur að grasi yfir daginn. Ég heyja eftir rigningar til að sem minnst sé af flúor í heyinu og einnig kaupi ég dálítið af heyi frá ómenguðum svæðum," útskýrir Ragnheiður.

„Þetta er auðvitað fáránlega dýrt og mikil vinna miðað við venjulegt hrossahald, en mig dreymir um umhverfi eins og það var fyrir tíma Norðuráls. Ég á skýlausan rétt á slíku umhverfi á mínu landi og fyrir mína skjólstæðinga, hrossin, og mun áfram kalla eftir að sá réttur sé virtur."

Afskipaleysi og þöggun er þungbær

Þegar Ragnheiður horfir til baka þykir henni sárt að horfa upp á hversu illa var staðið að málum hjá þeim stjórnmálamönnum sem komu því til leiðar að Norðurál fékk svo rúm starfsskilyrði að það fær sjálft að halda utan um vöktun vegna eigin mengunar.

„Það svíður einnig að stofnanir innan stjórnsýslunnar létu sér fátt um finnast þó það veiktust hross á bæ nærri Grundartanga, rétt eftir mengunarslys hjá Norðuráli og svo gæti ég líka nefnt undarlega málsmeðferð í dómskerfinu.

En þegar allt er skoðað þá finnst mér afskiptaleysið og þöggunin gagnvart veikindum hrossanna vera sárast. Ég er bæði að tala um yfirvöld og nærsamfélagið, þar með talið Norðurál, sem leggur flúorinn til því þaðan er hann kominn og ekki frá neinum öðrum stað."

Hún vill sjá nágrannana og sveitarstjórn taka við sér. „Besta vörnin er sókn og við sem búum hér eigum ekki að vera fórnarkostnaður stóriðjunnar. Bændur mega gjarnan hugsa til þess að innan skamms munu neytendur kalla eftir upprunamerkingum matvæla. Þá er eins gott að vera búinn að hrista af sér slenið og endurheimta hreint land fyrir búpeninginn."


Bærinn Kúludalsá er í um fimm kílómetra fjarlægð frá stóriðjunni á Grundartanga.


Stóðið að sumri.


Hestanámskeið á hlaðinu á Kúludalsá.

Vatnsdælurefill Jóhönnu Erlu og fjölskyldu afhentur samfélaginu í Húnabyggð:

Fyrstu sporin voru tekin á Húnavöku



Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com

Stórum áfanga var náð hjá Jóhönnu Erlu Pálmadóttur og fjölskyldu á Blönduósi 29. ágúst þegar Vatnsdælurefillinn var afhentur formlega samfélaginu á svæðinu.

Athöfnin fór fram í íþróttahúsinu á Blönduósi. Tæpar 10 þúsund vinnustundir fóru í verkefnið en refillinn er 47 metra langur. Af öllum öðrum ólöstuðum á Jóhanna Erla heiðurinn af reflinum en af því tilefni svaraði hún nokkrum spurningum blaðsins.



Hér eru þær frá vinstri, Helga Gunnarsdóttir, Jóhanna Erla Pálmadóttir og Pálmi Gunnarsson þegar síðustu sporin í refilinn voru tekin 24. nóvember 2024. Myndir / Aðsendar



Glaður hópur búinn að leggja refilinn til þerris í Blönduóskirkju fyrir afhendinguna



Uppsetning á reflinum í íþróttahúsinu var hönnuð af Baldri Haraldssyni arkitekt en hér má sjá hluta refilsins.

Saga Vatnsdælurefilsins, hver er hún?

„Ég varð 50 ára árið 2008 og þá ákvað ég að hér eftir ætlaði ég bara að sinna og vinna í textílverkefnum. Ég er útlærður textílkennari frá Danmörku með sérsvið í útsaumi og sá að nú væri kominn tími til að nýta það nám hér heima og endurvekja refilsaum. Sá útsaumur var mikið notaður í kirkjuklæði hér á Íslandi á miðöldum. Í þessum vangaveltum mundi ég eftir Bayeux-reflinum í Normandí í Frakklandi sem er síðan 1066. Ég kynntist honum í mínu námi og sá að það gæti verið spennandi að sauma út slíkan refil með Vatnsdælu, sögu okkar Húnvetninga. Þar kemur hugmyndin að því að nýta Íslendingasögurnar okkar í útsaumsverkefni. Ég ákvað strax að allt sem gert væri frá byrjun til enda yrði að vera jákvætt. Ef ég svo mikið sem fengi smá efasemdir þá yrði sú hugmynd ekki notuð. Þetta tókst og þvílík upplifun að fara í stórt verkefni með þetta að leiðarljósi. Tóm gleði og væntumþykja frá byrjun til enda," segir Jóhanna alsæl og brosandi.

Fyrstu sporin tekin á Húnavöku 2011

Listaháskólinn valdi refilinn sem verkefni fyrir nemendur á öðru ári í hönnunar- og arkitektúrdeild skólans 2011. Þau voru 22. „Við vorum svo lánsöm að velja Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur teiknara sem kennara. Hún hefur síðan teiknað Njálu- og Eirbyggjurefilinn. Fyrstu sporin voru tekin á Húnavöku 16. júlí 2011 af frú Vigdísi Ágústsdóttur á Hofi í Vatnsdal, ættaróðali Vatnsdæla, og Ingimundi Sigfússyni, fyrrverandi sendiherra, á Þingeyrum þar sem sagan er talin skrifuð 1270. Bæði nöfn þeirra og bæjarnöfn skipta höfuðmáli fyrir Vatnsdælu. Refillinn var til húsa í Kvennaskólanum á Blönduósi frá fyrsta degi og alla tíð á enda," segir Jóhanna.

47 metra refill og 50 sentímetrar á hæð

Jóhanna segir að fyrirtækið Léttitækni hafi smíðað snilldar grind fyrir refilinn þar sem hægt var að rúlla honum fram og til baka eftir þörfum. Hægt var að sauma á þrjá metra í einu.

Allir sem saumuðu skrifuðu nafnið sitt í bók ásamt fæðingarári, hversu lengi var saumað og hvað var saumað. Úr þessum gögnum verða unnar upplýsingar um t.d. hversu margar persónur hafa saumað en skiptin sem hafa farið í refilinn voru 4.536 og klukkustundir 9.809 og 20 mínútur. Full lengd á reflinum er 47 metrar og hæðin 50 sentimetrar. Refillinn lengdist um einn metra í saumaskapnum.

Nemendur frá Danmörku á hverju ári

Hvernig gekk vinnan við gerð refilsins og hver eru viðbrögð samfélagsins við þessu flotta verkefni?



Gísli Einarsson fréttamaður stýrði samkomunni með snilldarbrag í íþróttahúsinu á Blönduósi 29. ágúst.



Eline Schrijver og Jón Gíslason, bændur að Hofi í Vatnsdal, að sauma í refilinn.

„Vinnan gekk nokkuð vel framan af þegar við vorum að byrja og margir komu og sýndu reflinum áhuga og vildu vera þátttakendur í saumaskapnum. Frá fyrsta degi var það markmið mitt að sem flestir kæmu að reflinum og var ég því mjög þakklát fyrir áhugann. Svo var mikil deyfð á árunum fyrir Covid. Þegar það skall á komu konurnar úr samfélaginu af fullum þunga inn og má segja að nærri ⅔ hafi verið saumaður síðan þá. Þökk sé þeim þá kláraðist refillinn á 13 árum. Eline Schrijver og Jón Gíslason, bændur á Hofi, tóku síðustu sporin, 24. nóvember 2024. Jón var sonur Vigdísar á Hofi. „København s Professionskole" í Danmörku hefur sent nemendur til okkar á hverju ári síðan 2012 og hefur aldeilis munað um þá. Margir erlendir gestir komu til Íslands gagngert til að sauma og þótti mér það alltaf jafnskemmtilegt. Sannarlega fann ég það við afhendingu Vatnsdælurefilsins að fólk er þakklátt og stolt yfir að hann hafi verið gerður. Þetta var mikill kærleiksdagur," segir Jóhanna.

Lést úr krabbameini 2021

Maðurinn þinn, Gunnar Rúnar heitinn, hann tengist verkefninu á einhvern hátt, eða hvað?

„Já, Gunnar var minn allra helsti stuðningsmaður í mínum verkefnum í tengslum við textílinn. Hann lést úr krabbameini 2021 og hann sagði oft að honum þætti leitt að hann sæi ekki fram á að sjá refilinn fullkláraðan. Þess vegna valdi ég 29. ágúst til að afhenda refilinn, en Gunnar Rúnar hefði orðið 68 ára þann dag. Það var vel við hæfi að minnast hans við það tilefni," segir Jóhanna og bætir við: „Föstudagurinn 29. ágúst var dýrðar- og hamingjudagur. Við erum svo heppin hér að hjá sveitarfélaginu er Baldur Haraldsson arkitekt farinn að vinna og Alissa Lopez textílhönnuður, kærasta hans, er að vinna hjá TextílLabi Textílmiðstöðinni. Baldur hannaði og Alissa aðstoðaði við uppsetningu á reflinum inn í Íþróttamiðstöðinni og það var ekki hægt að gera betur. Refillinn sómdi sér mjög vel og gestir sátu innan í reflinum á meðan athöfn stóð. Gísli Einarsson fréttamaður stýrði samkomunni og uppboði. Ráðherra menningarmála, Logi Einarsson, flutti ávarp, Bára Grímsdóttir og Chris Foster kváðu vísur úr Vatnsdal. Ása Ketilsdóttir skáld flutti líka dásamlegt kvæði til refilsins og svo sagði ég frá sögu refilsins. Gestir áttu kost á að taka til máls og svo fór afhending fram og undirskrift á samningi sem við fjölskyldan gerðum við Húnabyggð sem nú ber ábyrgð á reflinum. Pétur Arason sveitarstjóri flutti ávarp og þakkaði fyrir hönd samfélagsins," segir Jóhanna stolt og glöð.

Húnabyggð ber nú ábyrgð á reflinum

En hvar verður framtíðarheimili refilsins?

„Við fjölskyldan gáfum Vatnsdælurefilinn til samfélagsins, sem þökk fyrir uppfóstrið á okkur og fjölskyldu okkar í gegnum aldirnar og til minningar um Gunnar okkar. Húnabyggð tók við og ber ábyrgð á reflinum. Það verður því ekki í mínum höndum að ákveða staðsetningu á reflinum. Ég hef alltaf séð hann fyrir mér uppsettan í tengslum við Klausturstofu við Þingeyrakirkju þar sem sagan er talin skrifuð og staðurinn er í miðju sögusviði Vatnsdælu. Aftur á móti er ekki alltaf hægt að tryggja auðvelt aðgengi að honum þar svo það verður kannski að velja annan stað og treysti ég sveitarstjórn til að finna út úr því. Eina skilyrðið sem ég setti í samninginn er að hann verði ekki settur niður þar sem hann er ekki í samhengi við söguna," segir Jóhanna.

Vinna sem verður aldrei fullþökkuð

Að lokum þetta frá Jóhönnu Erlu: „Ég vil þakka innilega öllum þeim sem komu að verkefninu, með einum eða öðrum hætti. Ég er ekki bara að hugsa um þá sem saumuðu heldur líka þá sem voru í kringum verkefnið, hvöttu mig áfram, studdu á ýmsan hátt, komu með hugmyndir, keyrðu norður ef vantaði hendur, sem og allir þeir sem lögðu hönd á plóginn. Saumakonurnar mínar duglegu eiga stóran þátt í reflinum og verður sú vinna aldrei fullþökkuð.

Sumir gestir tóku eitt spor og aðrir óteljandi spor en öll eru þau jafnmikilvæg fyrir Vatnsdælu á refli. Takk."



Nýsköpunarsjóðurinn Kría:

Opið fyrir umsóknir í nýtt fjárfestingaátak

– Félög af landsbyggðinni hvött til að sækja um

Nýsköpunarsjóðurinn Kría (NSK) hefur opnað fyrir umsóknir í nýtt fjárfestingaátak sem miðar að því að fjárfesta í sprotafyrirtækjum snemma á þróunarferli þeirra.

Félög sem hyggjast sækjast eftir fjárfestingu þurfa búa yfir viðskiptahugmynd sem sé vænleg til vaxtar og útflutnings, félagið þarf jafnframt að vera íslenskt og með starfsemi á Íslandi. Þá telst það félaginu til framdráttar að lykilteymi félagsins skipti fjölbreyttur hópur með bakgrunn, reynslu og þekkingu sem nýtist vel við framgang félagsins. Félög af landsbyggðinni eru sérstaklega hvött til að sækja um fjárfestingu.

Fjárfest verður í 10–12 félögum

NSK varð til við samruna Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóðs. Markmið nýja fjárfestingaátaksins er að flýta mótunarskeiði nýsköpunarfélaga og efla stjórnarhætti þeirra, laða aðra fjárfesta að, auka englafjárfestingar, efla hugvitsgreinar og þekkingariðnað sem fjórðu stoðina í íslensku atvinnulífi alls staðar á landinu.

Stefnt er að fjárfestingu í 10 – 12 félögum og verður fjárfesting í hverju félagi á bilinu 20 – 30 milljónir króna. Ófrávíkjanlegt skilyrði er mótframlagsfjárfesting frá öðrum fjárfestum fyrir að lágmarki sömu fjárhæð og upphæð NSK nemur.

Trygg fjölbreytt atvinnustarfsemi



Hrönn Greipsdóttir.

Í tilkynningu frá NSK er haft eftir Hrönn Greipsdóttur framkvæmdastjóra að fjárfestingar á frumstigi hafi átt undir högg að sækja og NSK hafi fundið fyrir mikilli slíkri eftirspurn enda veruleg gróska á þessu stigi nýsköpunar. „Á síðasta ári voru fjárfestingar á frumstigi með minnsta móti á meðan metþátttaka var í viðskiptahröðlum og styrkumsóknum til Tækniþróunarsjóðs. Til að tryggja fjölbreytta atvinnustarfsemi er mikilvægt að hér verði til öflug nýsköpunarfyrirtæki og það gerist ekki nema þau hafi aðgang að fjárfestum.

Eitt af hlutverkum NSK er að byggja brú yfir til fjárfesta, bæði englafjárfesta og sjóða. Með átakinu mun NSK fjárfesta í félögum með kröfu um að á móti komi að lágmarki jafnhátt mótframlag frá öðrum fjárfestum og þannig efla vitund fjárfestaumhverfisins fyrir frumstigsfjárfestingum (pre-seed). Átakið mun því skila að lágmarki tvöfaldri þeirri fjárfestingu sem sjóðurinn leggur til," segir Hrönn.

Umsóknarfrestur er til 20. október, en nánari upplýsingar um átakið má finna í gegnum vef NSK, nyskopun.is/atak.





Fonterra í frjálsu falli



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Alþjóðlegi bankinn Rabobank, sem er hollenskur að uppruna og samvinnufélag, er líklega með einhverja bestu fjármáladeild heims þegar kemur að málefnum landbúnaðar og matvælaframleiðslu almennt.

Eitt af því sem bankinn gerir árlega er að gefa út skýrslu um stöðu helstu afurðafyrirtækja heimsins í mjólkuriðnaði og í lok ágúst kom einmitt út skýrslan fyrir árið 2024. Þar kemur eitt og annað áhugavert fram og einna athyglisverðast er að sjá þar hvar hið fornfræga samvinnufélag nýsjálenskra kúabænda, sem hér í eina tíð bar höfuð og herðar yfir önnur sambærileg fyrirtæki í heiminum, er nánast í frjálsu falli þessi árin og má muna sinn fífil fegurri. Félagið er nú það sjöunda stærsta í heiminum og þrátt fyrir að árið 2023 hafi raunar verið nokkuð gott hjá því, þá hallaði aftur undan fæti árið 2024. Spá skýrsluhöfundar því meira að segja að félagið haldi áfram á þessari för sinni á þessu og næsta ári!

Lactalis langstærst

Samkvæmt yfirliti Rabobank, sjá meðfylgjandi töflu, var árið 2024 annars almennt gott ár fyrir mjólkuriðnað og juku 20 stærstu fyrirtækin í heiminum á þessu sviði veltu sína um 0,6% frá fyrra ári. Auðvitað var gangur fyrirtækjanna nokkuð ólíkur en flest stærstu fyrirtækin sóttu fram og urðu litlar sviptingar á listanum, en þó urðu nokkrar breytingar á honum með sætaskiptum átta fyrirtækja. Líkt og verið hefur undanfarin ár þá er franski risinn Lactalis langstærsta fyrirtæki heims í mjólkuriðnaði og með algjöra yfirburði á önnur fyrirtæki í þessari atvinnugrein. Áætluð velta Lactalis árið 2024 nam alls 31,9 milljörðum, sem eru í kringum 3.900 milljarðar íslenskra króna!

Röð árið 2025	Breyting á milli ára	Röð árið 2024	Nafn	Höfuðstöðvar
1		1	Lactalis	Frakkland
2		2	Nestlé	Sviss
3		3	Dairy Farmers of America	Bandaríkin
4		4	Danone	Frakkland
5		5	Yili	Kína
6	↑	7	Arla Foods	Danmörk
7	↓	6	Fonterra	Nýja-Sjáland
8		8	FrieslandCampina	Holland
9	↑	10	Saputo	Kanada
10	↓	9	Mengniu	Kína
11		11	Unilever	Holland/Bretland
12	↑	13	Savencia	Frakkland
13	↓	12	Schreiber Foods	Bandaríkin
14		14	Gujarat Cooperative MMF	Indland
15		15	Müller Milk	Þýskaland
16		16	Sodiaal	Frakkland
17		17	Agropur	Kanada
18	↑	19	Froneri	Bretland
19	↓	18	DMK	Þýskaland
20		20	Grupo Lala	Mexíkó

* Veltutölur fyrirtækjanna eru oft byggðar á áætlun Rabobank

** Miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 9. september 2025

Engar breytingar á topp 5

Fimm stærstu fyrirtækin héldu öll sætum sínum á milli ára en sem fyrr er það svissneska Nestlé sem er í öðru sæti. Fyrirtækið á þó í einhverjum vanda enda hefur velta þess staðið í stað þrjú ár í röð. Þá er hið bandaríska félag Dairy Farmers of America það þriðja sem er í raun góð niðurstaða enda var bandaríkjadalur ekki mjög stöðugur síðasta ár og afurðastöðvaverð nokkuð sveiflukennt í Bandaríkjunum. Hið franska Danone er svo í fjórða sæti og siglir nokkuð lygnan sjó. Kínverska fyrirtækið Yili er sem fyrr í fimmta sæti, sem er í raun góður árangur þar sem staðan á kínverska markaðinum var mjög erfið allt síðasta ár og dróst velta Yili saman um 9,7% á milli ára. Á hæla þess kemur svo norður-evrópska félagið Arla í sjötta sæti, en félagið hafði sætaskipti við framangreint Fonterra árið 2024.

Fonterra út af topp 10?

Eins og áður segir þá hafa undanfarin ár verið afar erfið fyrir nýsjálenska félagið Fonterra í kjölfar ótal undarlegra fjárfestinga í mismunandi löndum. Þannig byggði félagið t.d. upp risastórt kúabú og þróunarsetur mjólkuriðnaðarins í Kína fyrir nokkrum árum, en þetta fór allt lóðbeint á hausinn á örfáum árum og skildi eftir gríðarlegt tap hjá Fonterra. Þá stóð félagið í margs konar óvenjulegum fjárfestingum á liðnum árum sem í dag hafa meira eða minna verið seldar frá félaginu eða verið lokað. Eins og gefur að skilja hafa bændurnir í stjórn Fonterra nú hreinsað út í framkvæmdastjórn þess og gæti verið að nýjar áherslur muni skila sér í sterkari stöðu á komandi árum. Til skemmri tíma litið er þó ljóst að umsvif Fonterra mun dragast enn frekar saman og er því spáð að þegar á næsta ári verði það fallið niður í tíunda sæti listans eða jafnvel neðar. Það breytir því ekki að reksturinn gæti verið ágætur og skilað bændum arðsemi umfram það sem hann gerir í dag, enda segir heildarveltan ekki mikið um arðsemina sem slíka.

Kanadíska Saputo í mestum vexti

Í áttunda sæti listans situr hollenska afurðafélagið FrieslandCampina, í sama sæti og árið 2023. Félagið fór í gegnum töluverðar breytingar á rekstri árið 2023 og 2024 og má telja alllíklegt að það muni styrkja sig á komandi árum. Einna áhugaverðustu fréttirnar í þessu yfirliti Rabobank eru tíðindin af kanadíska fjölskyldufyrirtækinu Saputo, en velta þess á milli ára jókst mest allra fyrirtækjanna á topp 20 lista Rabobank. Alls jókst veltan um 8,4% á milli ára og dugði það til þess að ýta hinu kínverska Mengniu niður í níunda sæti listans, en það líkt og hið kínverska Yili átti í töluverðum erfiðleikum árið 2024 vegna samdráttar á kínverska markaðinum og minnkaði heildarvelta Mengniu um alls 11,5% frá árinu 2023. Munar um minna!

Samrunar og uppkaup

Það eru spennandi tímar fram undan þegar horft er til alþjóðlegrar starfsemi í mjólkuriðnaði þar sem meginstraumurinn liggur í átt að stærri og stærri rekstrareiningum. Í farvatninu eru bæði áhugaverðir samrunar og fyrirhuguð uppkaup eða sérhæfing. Þar ber helst að nefna tilkynntan samruna hins hollenska samvinnufélags FrieslandCampina og hins belgíska samvinnufélags Milcobel og í raun helsta keppinautar FrieslandCampina á heimamarkaðssvæðinu. Milcobel mun renna inn í FrieslandCampina væntanlega síðar á þessu ári eða í byrjun þess næsta. Eftir samrunann verður hið nýja félag með árlega veltu í kringum 15 milljarða dollara, með 22 þúsund starfsmenn og í eigu 16 þúsund bænda á 11 þúsund kúabúum. Árleg innvigtun mjólkur verður í kringum 10 milljarðar lítra frá eigendahópnum sem spannar fjögur lönd: Holland, Belgíu, Þýskaland og Frakkland.

Arla og DMK í eina sæng

Þá er ekki síður áhugaverður samruni í vændum hjá Arla og hinu þýska DMK á næsta ári þegar áætlað er að DMK renni inn í Arla. Eftir mun standa samvinnufélag með um 19 milljarða lítra mjólkur árlega, 29 þúsund starfsmenn og í eigu 12 þúsund bænda í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi, Belgíu, Hollandi, Lúxemborg og Englandi. Áætluð árleg velta hins stækkaða samvinnufélags er um 20 milljarðar dollara og mun það mögulega herja á fjórða sæti listans eftir samrunann og hafa möguleg sætaskipti við Danone.

Ný fyrirtæki væntanleg

Fleiri fréttir eru væntanlegar á þessu heimssviði en hið hollenska Unilever er að færa stærstu ísmerki sín í nýtt fyrirtæki, sem fer svo sjálfstætt á markað í haust. Í dag er Unilever ellefta stærsta fyrirtækið á heimslista Rabobank og eftir að Magnum ísdeildin verður skilin frá mun það væntanlega hverfa af honum, en Magnum mun einfaldlega koma í staðinn inn á listann. Enn fremur hefur hið svissneska Emmi verið í mikilli sókn undanfarin ár, m.a. með Emmi Caffè Latte línuna sína.

Lactalis áfram á skriði

Sé horft til framtíðar meta skýrsluhöfundar það svo að franski risinn Lactalis, sem er í eigu einnar fjölskyldu, muni halda áfram að vaxa á komandi árum og raunar telja þeir að fyrirtækið muni vaxa mun hraðar en önnur. Árið 2024 keypti Lactalis t.d. fyrirtækið Cremora í Suður-Afríku en Cremora var áður í eigu Nestlé. Cremora er stórfyrirtæki á sviði framleiðslu á kaffimjólkurbæti. Þá keypti Lactalis einnig fyrirtækið Sequeira í Portúgal á árinu. Í ár hefur það svo haldið áfram og bætt við sig fleiri fyrirtækjum víða um heiminn. Segir í skýrslunni að miðað við framgang Lactalis á þessu ári, í samanburði við önnur fyrirtæki og félög á listanum, þá megi búast við því að Lactalis verði með rekstrartekjulega yfirburði á Nestlé í öðru sætinu sem gæti numið um 10 milljörðum dollara í náinni framtíð. Ef svo verður er harla erfitt að sjá fyrir að nokkurt fyrirtæki eða félag í heiminum geti orðið slegist almennilega við Lactalis ef á reyndi.

Heimild: Rabobank.com





Frá Hamarsdal.

Hernaðurinn gegn Hamarsdal

Góðir lesendur. Heggur sá er hlífa skyldi. Ég fordæmi ákvörðun umhverfisráðherra að færa hugmyndir um virkjun í Hamarsdal í Suður-Múlasýslu úr verndarflokki í biðflokk. Þvert á skýr rök faghópa rammaáætlunar.



Stefán Skafti Steinólfsson.

Eftir áratuga umsátur um náttúru Hamarsdals hillti loks undir friðlýsingu en þá heggur sá er hlífa skyldi. Undarlegt er að ráðast gegn faglegri vinnu faghópa rammaáætlunar sem sett var á fót til meta faglega þá kosti sem eru til umfjöllunar. Engu líkara er en að ráðherra vilji hrifsa völdin og stýra með handafli. Reka flein í þjóðina og skapa ófrið um náttúruvernd. Og í nafni orkuskipta, en fyrir hverja?

Sorglegt er að sjá afgreiðslur meirihluta sveitarstjórna í Múlaþingi, Fjarðabyggð og Sveitarfélaginu Hornafirði. Hafa fulltrúar gert sér grein fyrir því að það er enginn raforkuskortur í fjórðungnum? Þar ríkir einungis dreifingarvandi, líkt og kom vel í ljós liðinn vetur á t.d. Stöðvarfirði. Hvergi á byggðu bóli er framleitt meira af rafmagni pr íbúa en á Austurlandi. Því spyr ég: Hvers vegna ætti að ganga að einstakri náttúru Hamarsdals til að skaffa fyrirhuguðu vindorkuveri í Fljótsdal jöfnunarorku? Og er auk þess erlent fyrirtæki í meirihlutaeigu franskra aðila. Eru kjörnir fulltrúar í meirihluta þessara sveitarfélaga búnir að missa jarðtenginguna? Trúa menn því að fyrirtækið sé að virkja með umhyggju íbúanna að leiðarljósi? Þetta eru óafturkræfar aðgerðir í fallegum dal, að reisa 50 metra háar stíflur og skera dalinn með vegum og uppistöðulónum. Sviðinhornahraun á skilið vernd.

Óbyggð víðerni njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Fyrirhuguð virkjun myndi raska votlendi, stöðuvötnum og tjörnum samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga. Sviðinhornahraun er einstakt víðerni sem ber að vernda. Ísland býr yfir fágætum víðernum í Evrópu. Að eyðileggja ósnortna náttúru, fossaraðir og gróður ásamt því að reisa 50 metra háar stíflur er umhverfishryðjuverk í fallegum dal. Hættan er eins og dæmin sanna að þegar búið er að raska þá er þrýstingur á meira rask og meiri græðgi á kostnað náttúrunnar.

Ísland ber ábyrgð á verndum víðerna og að fylgja Árósasamningnum. Ekki er hægt að taka undir þau rök að betra verði að fara um dalinn. Auðvelt er að komast um dalinn að hluta og slóðar fyrir útbúna jeppa víða. Slóðar hreindýraveiðimanna. En síðast en ekki síst eru um 15 km af dalnum ósnortnir og eru mikill fjársjóður sem slíkur. Enda er helsti vaxtarbroddur okkar ferðaþjónusta á svo margan hátt. Vel er hægt að sjá fyrir sér einstakar gönguleiðir milli Fljótsdals og Hamarsdals sem var samgönguleið fyrr á öldum. Tengingin við Fossárdal og Geithellnadal er heillandi.

Hamarsdalur er margfalt verðmætari fyrir komandi kynslóðir eins og hann er. Fórnum ekki okkar auðæfum í stundargróða með ófyrirséðum skaða á náttúrunni. Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið að verja Hamarsdal og skila inn umsögnum í samráðsgátt. Ferlið er auðvelt inni á island.is.

Virðingarfyllst,
Stefán Skafti Steinólfsson, félagi í Náttaust og ættaður úr Hamarsdal.







Sterkir innviðir – sterkt samfélag

Í nýliðnum ágúst átti ég milliliðalaust samtal við íbúa og sveitarstjórnarfólk á opnum samráðsfundum í öllum landshlutum. Þar var fjallað um þá málaflokka sem eru á mínu borði: samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál, fjarskipti og stafræna innviði.

Fundirnir voru vel sóttir og umræðurnar voru líflegar, hreinskiptar og afar gagnlegar. Þetta voru samtöl um tækifæri og áskoranir eins og þær blasa við íbúum og sveitarstjórnarfólki dags daglega.

Skýrt ákall

Ákallið á fundunum var skýrt. Landsmenn vilja öfluga og áreiðanlega innviði. Þeir eru grunnstoðir nútímasamfélags og nauðsynleg forsenda fyrir búsetu og atvinnuþróun í dreifðum byggðum.

Það kom ekki á óvart að samgöngumál voru ofarlega á baugi. Rætt var um vegakerfið, sem víða er komið til ára sinna. Fólk talaði um slitna vegi sem verða ófærir í leysingum, um einbreiðar brýr sem eru hættulegar og þola ekki þungaflutninga og hamla atvinnulífi, og um nauðsyn þess að fá bundið slitlag á fjölfarna malarvegi. Krafa um áreiðanlega vetrarþjónustu var hávær. Á landsbyggðinni er ekki sjálfgefið að komast á milli staða yfir vetrarmánuðina og það hefur bein áhrif á öryggi íbúa, skólasókn barna, atvinnusókn og rekstur fyrirtækja.

Þá komu fram ýmsar tillögur frá heimamönnum. Ein þeirra fólst í því að hætta alfarið snjómokstri á höfuðborgarsvæðinu í heilan sólarhring, til þess að kanna hvernig borgarbúum líkaði það fyrirkomulag. Þótt hugmyndin hafi verið sett fram á léttu nótunum speglar hún þann aðstöðumun sem fólk upplifir oft á milli landshluta.

Fjarskiptamál voru annað stórt umræðuefni. Nútímasamfélag, og ekki síst nútímalandbúnaður og atvinnulíf, krefst stöðugra háhraða fjarskiptatenginga. Bent var á að ófullnægjandi farsímasamband á vegum þar sem skólabílar aka daglega skapar augljósa öryggisáhættu. Einnig kom fram að íbúar þurfa í einhverjum tilvikum að ferðast á milli staða til að tengjast grunnþjónustu á borð við rafræn skilríki.

Þótt staða Íslands sé góð í alþjóðlegum samanburði dugar það skammt fyrir þá sem búa ekki við tryggt samband. Þess vegna er markmiðið að ljúka fulldekkun farnets á stofnvegum á láglendi á þessu kjörtímabili og tryggja stöðugt samband þar sem það er nú slitrótt. Það er mikilvægt öryggismál.



Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra átti milliliðalaust samtal við íbúa og sveitarstjórnarfólk á opnum samráðsfundum í öllum landshlutum í ágúst. Mynd / Aðsend

Þessir fundir eru dýrmætir. Þeir eru bein tenging við hversdagsleikann sem stefnumótun stjórnvalda þarf að taka mið af. Að heyra reynslusögur og sjónarmið íbúa af eigin raun gefur málum aukið vægi. Ég tók með mér fjölmargar ábendingar og góð ráð sem nú eru til skoðunar í ráðuneytinu.



Frá samráðsfundi innviðaráðherra. Mynd / Aðsend

Áskoranir í innviðamálum

Eins og heimamönnum á samráðsfundunum leiddist ekki að benda mér á, það er ekki nóg að tala um vandamálin. Ríkisstjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins heyrir ákallið og hefur sett fram skýra stefnu um uppbyggingu innviða í landinu.

Í stjórnarsáttmálanum kemur fram að ríkisstjórnin muni auka fjárfestingu í samgöngum og hefja kraftmiklar framkvæmdir um land allt. Fjárfesting í innviðum er öruggasta leiðin til að auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni þjóðarinnar sem er undirstaða íslenska velferðarkerfisins.

John F. Kennedy, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, komst vel að orði þegar hann sagði: „Bandaríkin eru ekki rík þjóð með góða vegi, heldur eru Bandaríkin rík þjóð vegna góðra vega.“

Því miður hefur þessi málaflokkur verið vanræktur hér á landi. Við blasir vegakerfi sem fámenn þjóð í stóru landi byggði af krafti á sínum tíma en er víða komið til ára sinna. Fjárfesting í samgönguinnviðum hefur verið einna minnst meðal OECD-ríkja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Árlegt framlag hefur verið um 0,5–0,6% af VLF en þyrfti að lágmarki að vera 1%.

Í samkeppnishæfnisskýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins voru íslenskir samgönguinnviðir metnir einn veikasti hlekkurinn í samkeppnishæfni landsins. Stöndum við þar öðrum Norðurlandaþjóðum töluvert að baki.

Afleiðingin er uppsöfnuð viðhaldsskuld sem nemur hundruðum milljarða króna. Samkvæmt mati Vegagerðarinnar eru aðeins um 35% burðarlaga og 37% slitlaga í vegakerfinu í góðu ástandi. Á sama tíma hefur álag á vegakerfið stóraukist hin síðari ár, m.a. vegna fjölgunar ferðamanna og stóraukinna þungaflutninga.

Þetta er mikið áhyggjuefni, enda er þjóðvegakerfið ein verðmætasta eign þjóðarinnar og er metið á um 1.200 milljarða króna að endurstofnvirði og endurstofnvirði sveitarfélagaveganna er um 250–310 milljarðar króna. Það er dýrkeypt stefna að fjársvelta og vanrækja viðhald á einni stærstu eign þjóðarinnar, því vandinn vex undir yfirborðinu. Það er eins og að hunsa leka heima hjá sér. Á endanum ertu ekki að fást við leka, heldur fúnar sperrur, ónýta einangrun og myglu. Einfalt viðhaldsverkefni getur allt í einu orðið gríðarlega kostnaðarsamt.

Horft fram á veginn

Ríkisstjórnin samþykkti í sumar að veita strax þriggja milljarða króna viðbótarframlag til viðhalds á vegakerfinu. Það er um 25% aukning miðað við meðalframlög síðustu ára. Framkvæmdir hafa tekist vel og þegar hefur borist jákvæð endurgjöf frá íbúum um land allt.

Samkvæmt gildandi fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 er gert ráð fyrir enn frekari sókn í málaflokknum. Áætlað er að árleg hækkun framlaga til viðhalds muni nema allt að 5,5 milljörðum króna. Þetta jafngildir um 45% aukningu frá því sem verið hefur. Með þessu munum við í fyrsta skipti í langan tíma ná því viðmiði sem Vegagerðin telur nauðsynlegt til að stöðva frekari uppsöfnun viðhaldsskuldar, eða um 20 milljarða króna á ári.

Ég hef skipað starfshóp um strandsiglingar sem mun leggja fram aðgerðaáætlun um leiðir til að efla strandflutninga. Markmiðið er að minnka álag á vegi landsins. Ísland er eyja og mikilvægt að við nýtum þann kost til hins ítrasta.

Við horfum til stærri verkefna sem munu gjörbreyta samgöngum. Framkvæmdir við nýjan veg og brú yfir Hornafjarðarfljót eru á lokametrunum og stytta Hringveginn þar um tólf kílómetra. Undirbúningur nýrrar Ölfusárbrúar er í fullum gangi. Til lengri tíma litið horfum við til risaverkefna sem munu móta framtíð íslensks samfélags. Þar stendur upp úr bygging Sundabrautar sem er þjóðhagslega hagkvæmasta framkvæmd Íslandssögunnar.

Þá hefur ríkisstjórnin sett sér það markmið að rjúfa þá kyrrstöðu sem hefur verið í jarðgangagerð frá því að Dýrafjarðargöng voru opnuð árið 2020. Að öllu óbreyttu er stefnt að því að nýjar jarðgangaframkvæmdir hefjist árið 2027 af fullum þunga. Forgangsröðun þeirra verður kynnt í nýrri og metnaðarfullri samgönguáætlun á haustþingi.

Metnaðarfull markmið kalla einnig á nýja nálgun í fjármögnun og í vor hófst stefnumótunarvinna um mögulega stofnun innviðafélags. Markmiðin með slíku félagi eru skýr. Við viljum tryggja aukna samfellu og fyrirsjáanleika í útgjöldum ríkisins til málaflokksins. Við stefnum að því að lágmarka áhættu og fjárhagskostnað ríkissjóðs og um leið efla gæði í ákvarðanatöku og verkefnaþróun. Og síðast en ekki

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



síst viljum við opna á fjármögnun frá langtímafjárfestum, á borð við lífeyrissjóði, þar sem það er fýsilegt.

Strandveiðar og 5,3% potturinn

Eitt af þeim málum sem snertir byggðarlög víða um land er hið svokallaða byggðakerfi í sjávarútvegi, oft nefnt 5,3% potturinn. Þessi málaflokkur var færður yfir til innviðaráðuneytisins um mitt sumar og við hófum strax vinnu við að taka kerfið til gagngerrar skoðunar.

Markmið mitt er að skapa einfaldara, gagnsærra og skilvirkara kerfi til framtíðar. Eins og Ríkisendurskoðun benti á í skýrslu sinni á síðasta ári hafa markmiðin með pottunum (línuívilnun, rækju- og skelbótum og almennum byggðakvóta) verið óljós. Við þurfum að tryggja að þær aflaheimildir sem ráðstafað er í þessum tilgangi skili raunverulegum árangri í viðkomandi byggðarlögum.

Ég hef átt góða fundi með hagaðilum víðs vegar um land til að skilja betur þeirra stöðu og áhrif kerfisins á rekstur þeirra og samfélögin. Greiningarvinna á kerfinu er í fullum gangi og ég vænti þess að niðurstöður liggi fyrir í síðasta lagi um áramót. Við munum hraða vinnunni eins og kostur er. Ég geri mér fulla grein fyrir því að óvissa er erfið fyrir þau fyrirtæki og það starfsfólk sem treystir á þessar heimildir.

Yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar er að tryggja strandveiðar í 48 daga. Við erum að skoða hvernig hægt er að ná því markmiði samhliða því að tryggja byggðaleg áhrif annarra þátta kerfisins. Þetta er flókið viðfangsefni. Annars vegar er mikilvægi heilsársstarfa og hins vegar er grundvöllur strandveiða sem byggir á jafnræði og atvinnufrelsi, eins og álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna undirstrikar. Við þurfum að greina ábatann af núverandi kerfi og tryggja að nýtt fyrirkomulag þjóni markmiðum um eflingu byggða og strandveiða.

Sterk sveitarfélög og ný byggðaáætlun

Öflug uppbygging innviða er forsenda fyrir jákvæðri byggðaþróun, stærri og sterkari sveitarfélögum og bættum lífskjörum í landinu öllu. Efling sveitarstjórnarstigsins er eitt mikilvægasta byggðamálið.

Ný lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem samþykkt voru í sumar, eru stórt skref í átt að markvissari og réttlátari úthlutun. Á næstu dögum mun ég svo birta í samráðsgátt stjórnvalda frumvarp til endurskoðunar á sveitarstjórnarlögum, með það að markmiði að styrkja sveitarfélögin enn frekar.

Samráðsfundirnir í ágúst mörkuðu einnig upphafið að endurskoðun á byggðaáætlun, einu mikilvægasta stjórntæki okkar til að efla byggðir landsins. Núgildandi byggðaáætlun felur í sér fimmtán ára framtíðarsýn ásamt fimm ára aðgerðaáætlun um hvert skuli stefna í byggðamálum. Allar 44 aðgerðir núgildandi áætlunar eru komnar til framkvæmda og tíu þegar lokið. Ég mun leggja nýja fimmtán ára áætlun fyrir Alþingi haustið 2026. Í þeirri vinnu verður lögð rík áhersla á víðtækt samráð. Hægt er að taka þátt í því samráði á vef Byggðastofnunar og síðar í samráðsgátt stjórnvalda.

Verkefnið er hafið

Ferðalagið um landið í ágúst var upphafið á samtali sem mun halda áfram. Samtali um hvernig við byggjum upp innviði framtíðarinnar, styrkjum byggðir um allt land og tryggjum öllum landsmönnum jöfn tækifæri, óháð búsetu.

Krafan frá þjóðinni er skýr: Þjóðarátak í uppbyggingu innviða. Ríkisstjórnin mun svara því ákalli. Við erum hér til að bretta upp ermar, sýna árangur í verki og fjárfesta til framtíðar í innviðum sem eru ein verðmætasta eign þjóðarinnar.

Ég vonast til þess að landsmenn upplifi að nú sé sleginn nýr tónn í málefnum innviða á Íslandi.

Eyjólfur Ármannsson
innviðaráðherra.







Varðveisla erfðaauðlinda

Búfé og plöntur hafa fylgt manninum í um 10.000 ár, eða frá þeim tíma sem maðurinn hóf að stunda akuryrkju og búfjárrækt. Búfé og plöntur ræktaði maðurinn í margvíslegum tilgangi með mismunandi áherslum eftir landsvæðum, hagsmunum og í félagslegum tilgangi. Í dag byggir landbúnaður á heimsvísu á nýtingu tiltölulega fárra plöntu- og dýrategunda og kröfur um hagræðingu í landbúnaðarframleiðslu á undanförnum árum hefur leitt til líffræðilegrar einsleitni í landbúnaði.


Birna Kristín Baldursdóttir.

Mikilvægi þess að varðveita erfðaefni villtra- og nytjastofna dýra og plantna verður sífellt mikilvægara enda liður í því að tryggja fæðuframboð og velferð mannkyns til lengri tíma. Einsleit ræktun, loftslagsbreytingar, smitsjúkdómar, eyðing búsvæða, mengun og stríðsátök ógna víða fágætum stofnum dýra og plantna sem gætu reynst mikilvægar í framtíðinni.

Við breyttar aðstæður getur verið þörf fyrir aðra eiginleika en nú er og á það við bæði um plöntur og dýr. Auk þess má nefna að kröfur markaðarins eftir landbúnaðarvörum eru sífellt að breytast. Síðast en ekki síst er menningarsögulegt gildi erfðaauðlinda mikilvægt, þar sem ræktun plantna og búfjár er órjúfanlegur hluti af menningarsögunni. Það er því vert að hafa í huga að varðveisla erfðaauðlinda er lykilatriði í varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og tapaðar erfðaauðlindir verða ekki endurheimtar.

Hlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er meðal annars að annast samráð innanlands um varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði og vera umsagnaraðili vegna innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem eru hér fyrir. Einnig að hafa forgöngu um gerð áætlana um verndun og nýtingu búfjárstofna og tryggja viðhald á plöntum sem fjölga sér kynlaust og notaðar eru í landbúnaði. Auk þess að fylgjast með stofnstærð og veita ráðgjöf um ræktun innlendra búfjárkynja sem eru í útrýmingarhættu. Standa að kynningu og fræðslu um gildi erfðaauðlinda og veita ráðgjöf til hagsmunaaðila og stjórnvalda um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Annast samskipti við erlenda aðila á starfssviði sínu í samstarfi við matvælaráðuneytið og tengiliði hjá alþjóðastofnunum. Erfðanefnd landbúnaðarins er einnig ætlað að skapa faglega umgjörð um rannsóknir á erfðaauðlindum landsins og efla og styrkja aðkomu nemenda að rannsóknum.

Til að tryggja varðveislu erfðaefnis til lengri tíma hafa margar þjóðir gripið til þeirra ráðstafana að stofna genabanka. Genabankar hafa því hlutverki að gegna að geyma erfðaefni til lengri tíma og þjóna því sem öryggisnet ef á þarf að halda. Það er því mikilvægt að til sé erfðaefni úr þeim dýra- og plöntustofnum sem við byggjum okkar afkomu á og búa yfir erfðabreytileika sem hægt er að sækja ef á þarf að halda. Ísland er aðili að Norræna genabankanum (Nordgen) sem er samstarfsvettvangur Norðurlandanna á sviði erfðaauðlinda. Norræni genabankinn vinnur að varðveislu og sjálfbærri nýtingu plantna, húsdýra og skóga. Með aðild að Norræna genabankanum hefur Ísland mjög góðan aðgang að varðveislu erfðahópa fræplantna. Er genabankanum falið að varðveita fræ af íslenskum nytjaplöntum og halda utan um upplýsingar vegna varðveislu á klónasöfnum eftir því sem þörf er talin á hverju sinni.

Erfðanefnd landbúnaðarins gefur út á fimm ára fresti landsáætlun um erfðaauðlindir í íslenskri náttúru og landbúnaði þar sem stefnumörkun nefndarinnar er sett fram. Hægt er að nálgast landáætlunina á heimasíðu nefndarinnar, www.agrogen.is, en þar er einnig að finna upplýsingar um íslenskar erfðaauðlindir og verkefni þeim tengd. Búfjárkynin okkar skapa ekki síst sérstöðu landbúnaðar hér á landi og eru þau því áberandi í landsáætluninni hverju sinni. Töluvert hefur áunnist á undanförnum árum og ber þar hæst fjölgun geita á Íslandi og aukin nýting afurða þeirra. Íslenski geitastofninn hefur verið í útrýmingarhættu svo lengi sem elstu menn muna en hættan hefur minnkað og vonandi heldur sú þróun áfram.

Starf erfðanefndar landbúnaðarins er skilgreint í 16. grein búnaðarlaga nr. 70/ 1998 og 5. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990. Um starf nefndarinnar gildir reglugerð 151/2005 um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Reglugerðin er sett með skírskotun til samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda þjóðir heimsins sig til að vernda og viðhalda erfðaauðlindum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum. Litið er á líffræðilega fjölbreytni sem sameiginlega auðlind alls mannkyns. Jafnframt er lögð áhersla á umráðarétt þjóða yfir eigin erfðaauðlindum og þar með ábyrgð á verndun þeirra.

Þar sem eitt af verkefnum nefndarinnar er miðlun þekkingar um erfðaauðlindir og gildi þeirra er nú boðað til málþings um stöðu okkar helstu búfjárkynja og vernd villta laxastofnsins í Öskju, Sturlugötu 7, 102 Reykjavík, 3. október kl. 13–16.

Höfundur er umsjónarmaður erfðalindaseturs LbhÍ og fulltrúi LbhÍ í erfðanefnd landbúnaðarins.


Hlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er meðal annars að annast samráð innanlands um varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.
Mynd / smh



Mikil hávaðamengun frá starfsemi RARIK í Vík í Mýrdal

Á síðasta fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var meðal annars tekið fyrir erindi frá skipulags- og umhverfisráði sveitarfélagsins þar sem ráðið lagði til að heimiluð verði uppsetning á hleðslugám í samræmi við hugmynd Rarik norðvestan við aðveitustöðina í Vík.


Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkti erindið en bókaði síðan eftirfarandi: „Sveitarstjórn krefst þess að RARIK ráðist þegar í úrbætur á mikilli hljóðmengun sem hlýst af keyrslu varaafls í bænum, sem veldur miklu ónæði fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.“

En út á hvað gengur málið? Einar Freyr Elínarson er sveitarstjóri Mýrdalshrepps. „Þetta er annars vegar hávaði frá dísilvaraaflsstöðvum sem þarf að keyra þegar við missum rafmagnið vegna bilana og hins vegar hefur líka komið upp að frágangur á lofttúðum á húsnæði RARIK var þannig að það ómuðu skellir af því þegar þær opnuðust og lokuðust. Þetta er ekkert viðvarandi ónæði sem sagt, en bagalegt fyrir íbúa í nærumhverfinu þegar þetta gerist,“ segir Einar Freyr. */mhh*

Bændablaðið kemur næst út 9. október



Sitkagrenið í Jórukletti blasir við íbúum á Selfossi og vegfarendum sem fara um Ölfusárbrú. Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson

Tré ársins í Jórukletti

Á laugardaginn var sitkatré í Jórukletti í Ölfusá formlega útnefnt Tré ársins af Skógræktarfélagi Íslands á sérstökum viðburði.

Tréð blasir við íbúum á Selfossi og vegfarendum sem fara um Ölfusárbrú. Það mældist 9,4 metrar að hæð og er talið að minnsta kosti 40 ára gamalt.

Í tilkynningu Skógræktarfélags Íslands segir að ekki sé vitað hvernig tréð tók sér bólfestu á þessum merkilega stað en Jóruklettur er í eigu Árborgar og tók fulltrúi bæjarfélagsins á móti viðurkenningarskjali á laugardaginn. */smh*



Málþing erfðanefndar landbúnaðarins um varðveislu erfðaauðlinda

Haldið í Öskju, Sturlugötu 7, 102 Reykjavík

3. október kl. 13 -16

Með aðild sinni að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni hafa Íslendingar skuldbundið sig til þess að vernda og viðhalda erfðaauðlindum sínum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum.

Erfðanefnd landbúnaðarins, sem starfar í umboði matvælaráðuneytisins, hefur verið falin ábyrgð á ræktarplöntum og húsdýrum, þar með talið fiski í ám og vötnum. Þar sem eitt af verkefnum nefndarinnar er miðlun þekkingar um erfðaauðlindir og gildi þeirra er nú boðað til málþings um stöðu okkar helstu búfjárkynja og vernd villta laxastofnsins.

Dagskrá:

13:00 - 13:10 Dr. Árni Bragason formaður erfðanefndar landbúnaðarins opnar málþingið.

13:10 - 13:30 Erfðabreytileiki og stofngerð íslenska hestsins: Þróun yfir tíma. Dr. Heiðrún Sigurðardóttir, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

13:35 - 13:55 Barátta gegn riðu í íslensku sauðfé – verndun erfðabreytileika, Dr. Jón Hjalti Eiríksson lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

14:00 – 14:20 Verndun og kynbætur íslenska kúakynsins. Dr. Egill Gautason lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

14:25 – 14:50 Kaffihlé

14:50 - 15:10 Experiences from targeted removal of farmed Atlantic salmon from Norwegian river. Dr. Helge Skoglund rannsóknaprófessor við NORCE Research AS.

15:15 – 15:35 Old Norwegian Cattle breeds: A Journey of Conservation. Dr. Nina Svartedal sérfræðingur við Norsk genressurssenter.

15:40 – 16:00 Pallborð.

Fundarstjóri verður Dr. Jón Hallsteinn Hallsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Erfðanefnd landbúnaðarins

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS



Veitulausnir

MÁLMSTEYPA Þorgríms Jónssonar ehf.

MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900

Réttarfréttir:

Ósýnilegi burðarásinn í öryggismálum þjóðarinnar

Við hugsum oft um almannavarnir sem viðbragð við náttúruhamförum, farsóttum eða öðrum skyndilegum áföllum. Hins vegar er einn þáttur sem fær of lítið vægi í þeirri umræðu: hvernig tryggjum við að allir hafi aðgang að nægum og öruggum mat?



Katrín Pétursdóttir.

Lög um almannavarnir miða að því að bregðast við ástandi sem ógnar eða kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum. Þau kveða á um undirbúning, skipulag og ráðstafanir til að koma í veg fyrir og takmarka tjón sem og að tryggja viðnámsþrótt samfélagsins. Án öruggrar innlendrar matvælaframleiðslu getur það markmið ekki náðst og því ætti fæðuöryggi ekki að vera aukaatriði í umræðunni um almannavarnir.

Drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um almannavarnir liggja nú fyrir í samráðsgátt stjórnvalda. Bændasamtök Íslands skrifuðu í umsögn sinni um drögin að telja verður að án öruggrar innlendrar matvælaframleiðslu kann lífi og heilsu almennings að vera ógnað, enda er fæðuöryggi grundvallarþáttur í almannavörnum og ómissandi þáttur í því að tryggja viðnámsþrótt samfélagsins gagnvart hvers konar vá, ófyrirséðum röskunum á aðfangakeðjum og öðrum alvarlegum samfélagsáföllum.

Matvæli spretta ekki úr tómarúmi

Fæðuöryggi ætti ekki að vera lúxus. Það er lífsnauðsyn og án þess stöndum við berskjölduð gagnvart áföllum. Matvæli verða til með vinnu bænda og annarra sem rækta jörðina, annast dýrin og umbreyta hráefnum í afurðir. Ef þessi keðja rofnar, rofnar líka grunnur viðnámsþróttar þjóðarinnar.



Norskar kindur, en ríkisstjórn Noregs hefur viðurkennt landbúnað sem einn af lykilþáttum í viðbúnaði landsins. Mynd / Bbl

Þetta sjónarmið er í samræmi við stefnu stjórnvalda, sem leggja áherslu á að viðhalda innlendri framleiðslu sem tryggir fæðuöryggi þjóðarinnar. Í skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins um neyðarbirgðir (ágúst 2022) kemur fram að fjölbreytt og öflug framleiðsla, ásamt neyðarbirgðum, er lykilforsenda fyrir því að þjóð geti staðið af sér áföll í aðfangakeðjum.

Landbúnaður er viðbúnaður

Í byrjun þessa árs kynnti norska ríkisstjórnin skýrslu um viðbúnað þjóðarinnar. Niðurstaðan var skýr og var viðurkennt að landbúnaður sé einn af lykilþáttum í viðbúnaði landsins. Tvær af sjö stefnumótandi tillögum tengjast beint landbúnaði, þ.e., a) tryggja byggðafestu, góðan grunnviðbúnað landsins og öflugt byggðarlag um allt land, og b) efla framboðsöryggi, þar á meðal fæðuöryggi. Nefndin sem vann skýrsluna lagði til að auka framleiðslu landbúnaðarafurða með því að nýta innlendar auðlindir og efla sjálfbærni. Hún hvatti jafnframt til þess að forysta bænda fengi fast sæti í viðbúnaðarráðum á öllum stjórnsýslustigum.

Bændasamtökin í Noregi tóku virkan þátt í þessu starfi og lýstu því yfir að niðurstöðurnar væru tímamót í opinberri umræðu um öryggismál. Ísland stendur frammi fyrir svipuðum áskorunum og Noregur. Við þurfum að horfast í augu við að án öflugrar og fjölbreyttrar innlendrar matvælaframleiðslu erum við háð sveiflum á alþjóðlegum mörkuðum og viðkvæmum aðfangakeðjum. Það er ekki aðeins efnahagsmál, það er þjóðaröryggismál.

Matvælaframleiðsla hluti af almannavörnum

Ef við viljum tryggja viðnámsþrótt þjóðarinnar gagnvart ófyrirséðum áföllum verðum við að líta á landbúnað sem hluta af almannavörnum. Það þýðir að styðja íslenska bændur, standa vörð um landbúnaðarland, fjölbreytta framleiðslu og byggja upp neyðarbirgðir.

Þegar allt kemur til alls er spurningin einföld: Viljum við treysta á að aðrir þjóðir hafi afgang til að deila, eða viljum við vera sjálfbær og tryggja okkar eigið öryggi?

Höfundur er lögfræðingur BÍ.





Kristján Oddsson, kúabóndi á Neðra-Hálsi, og Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobús, með viðurkenningu atvinnuvegaráðuneytisins.

Lífræni dagurinn

– Viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur

Lífræni dagurinn var haldinn hátíðlegur um allt land á laugardaginn.

Þetta er fjórða árið í röð sem blásið er til slíkra hátíðarhalda hérlendis, en tilgangurinn er fyrst og fremst að vekja athygli á lífrænni ræktun og framleiðslu á Íslandi, minna á lífræna hugsjón og mikilvægi hennar og skapa vettvang til þess að færa lífræna framleiðendur nær neytendum.

Áfram stutt við Lífrænt Ísland

Það var Lífrænt Ísland sem stóð fyrir Lífræna deginum, sá um skipulagningu og framkvæmd hans. Lífrænt Ísland er samstarfsverkefni stjórnvalda, VOR, félags um lífræna ræktun og framleiðslu, og Bændasamtaka Íslands. Lífrænt Ísland hefur þann tilgang að auka sýnileika lífrænna málefna, miðla fræðslu og fréttum til neytenda og stuðla þannig að aukinni lífrænni framleiðslu á Íslandi. Eitt af markmiðum í aðgerðaáætlun stjórnvalda til eflingar lífrænnar framleiðslu er einmitt að styðja við verkefnið Lífrænt Ísland og sjá til þess að því verði viðhaldið og að haldinn verði lífrænn dagur árlega.

Að sögn Elínborgar Erlu Ásgeirsdóttur, formanns VOR, var stærsti viðburður Lífræna dagsins haldinn í Norræna húsinu. „Þar var meðal annars fjölbreyttur lífrænn markaður framleiðenda, fræðslu- og skemmtidagskrá fyrir börn og lífrænt spjall þar sem gestum gafst færi á að ræða við lífræna bændur og fá upplýsingar og ráðleggingar. Starfsmenn Vottunarstofunnar Túns voru einnig á staðnum til skrafs og ráðagerða," segir Elínborg sem flutti ávarp ásamt Önnu Maríu Björnsdóttur, verkefnastjóra hjá Lífrænu Íslandi.

Samstarf við Matland

„Plantan Bistro, veitingastaðurinn í Norræna húsinu, var einnig með sérstakan rétt á matseðli sem gerður var úr lífrænt vottuðum íslenskum hráefnum í tilefni dagsins. Dagskráin endaði síðan á opinni sýningu á heimildamyndinni GRÓA, sem fjallar um lífræna ræktun á Íslandi og í framhaldinu voru umræður um efni myndarinnar. Fyrir áhugasöm er myndin einnig aðgengileg í Sjónvarpi Símans.

Fjögur lífræn býli voru með opið hús þennan dag, kynntu starfsemi sína og framleiðslu fyrir gestum og gangandi auk þess sem hægt var að kaupa lífrænar afurðir beint frá framleiðslustað. Þetta voru Akur organics á Þórshöfn, Móðir Jörð í Vallanesi á Fljótsdalshéraði, Búland í Austur-Landeyjum og Yrkja, Syðra Holti í Svarfaðardal. Það má því með sanni segja að Lífræni dagurinn hafi verið haldinn hátíðlegur um land allt," segir Elínborg enn fremur.

Hún segir að skipulag Lífræna dagsins hafi verið í þróun frá ári til árs þessi fjögur ár – og þetta árið varð sú nýbreytni að Matland var



Svava Rafnsdóttir hjá Bjarkarási er hér á lífræna markaðnum í Norræna húsinu. Myndir / Aðsendar



Elínborg Erla Ásgeirsdóttir.

fengið í samstarf með Lífrænu Íslandi. „Það má í raun segja að Matland hafi tekið forskot á sæluna því fyrir Lífræna daginn innihélt grænmetiskassi vikunnar hjá því einungis lífrænt vottað grænmeti. Þannig gat fólk pantað fullan kassa af lífrænt vottuðu íslensku grænmeti og fengið hann sendan hvert á land sem er. Vert er að nefna að Matland á einnig oft til sölu bæði lífrænt lambakjöt og nautakjöt."

Framúrskarandi árangur

„Það er síðan sérstaklega ánægjulegt að segja frá því að á Lífræna deginum í ár afhenti atvinnuvegaráðuneytið í fyrsta skipti viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í lífrænni framleiðslu," heldur Elínborg áfram. „Þar er um að ræða eitt af markmiðum úr aðgerðaáætlun stjórnvalda sem er komið til framkvæmda, en ráðgert er að afhending slíkrar viðurkenningar verði árviss héðan í frá á Lífræna deginum.

Það voru Kristján Oddsson og Dóra Ruf, lífrænir kúabændur að Neðra-Hálsi í Kjós og stofnendur lífrænu mjólkurvinnslunnar Biobú, sem hlutu viðurkenninguna í ár, auk mjólkurvinnslunnar sjálfrar, Biobú ehf."

Afhending verðlaunanna fór fram í Norræna húsinu og veitti Bryndís Eiríksdóttir frá atvinnuvegaráðuneytinu viðurkenningar. Dóra var stödd erlendis en Kristján veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd þeirra hjóna og Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobú, fyrir hönd Biobú ehf. */smh*



Frá síðastu hátíð í Grasagarðinum. Dóra Svavarsdóttir, formaður Slow Food Reykjavík, er hér með matreiðslunemum úr Menntaskólanum í Kópavogi.

BragðaGarður

– Hátíð bragðs, menningar og sjálfbærni

BragðaGarður, tveggja daga Slow Food hátíð, verður haldin í Grasagarði Reykjavíkur dagana 26. og 27. september. Hátíðin er tileinkuð matarmenningu, sjálfbærni og líffræðilegri fjölbreytni.

Á föstudeginum verður sérstök áhersla lögð á ungt fólk og tengsl þess við mat og umhverfi. Dagskráin hefst kl. 11.00 með skynmatsvinnustofum þar sem þátttakendur fá að kynnast lykt, áferð og bragði mismunandi matvæla. Nemendur í matreiðslu við Menntaskólann í Kópavogi verða með sýnikennslu á réttum sem henta ungu fólki, auk þess sem boðið verður upp á jurtakokteilabar og kynningu á súrdeigsbrauði og áleggi, allt unnið úr íslensku hráefni.

Fjölbreytt fræðsla verður í boði, meðal annars um uppruna matarins, lífræn matvæli, líffræðilega fjölbreytni og ullarvinnslu. Meðal fyrirlesara eru Sigrún Indriðadóttir frá Stórhól, Benjamin Henning, prófessor í landfræði, Anna María Björnsdóttir frá Lífrænu Íslandi og sérfræðingar frá Biodice. Ungir umhverfissinnar munu einnig fjalla um tengsl ungs fólks, matar og umhverfis.

Þá verða fjölbreyttir leikir og þrautir, svo sem sjálfbærni-escape þraut og ratleikur um Grasagarðinn, og skrautlegustu kýrnar verða í sviðsljósinu.

Smáframleiðendur kynna afurðir sínar

Á laugardeginum verður líflegur markaður frá kl. 11.00 til 17.00 þar sem smáframleiðendur kynna fjölbreyttar afurðir. Þar má meðal annars finna geitaafurðir, þaravörur, vegan osta, sinnep, súkkulaði, rabarbaravörur, reykt og grafið kjöt, súpur og sósur úr eigin ræktun, mjólkurafurðir og kryddsölt. Sorpa verður á staðnum með fræðslu og pokar fyrir lífrænt sorp verða í boði.

Samhliða markaðnum verða fræðsluerindi þar sem Nanna Rögnvaldar fjallar um rabarbara um víða veröld, Bjarki Þór Sólmundarson talar um hvernig minni sóun leiðir af sér meiri gæði, og Sigurbjörg Árnadóttir veltir upp spurningunni hvað sé eiginlega Súðbyrðingur. Einnig verður boðið upp á fræðslugöngu um Grasagarðinn með Borgarnáttúru, sem fer fram á ensku.

Skipuleggjendur hvetja alla til að koma og upplifa hvernig hægt er að tengja saman mat, menningu og umhverfisvitund – fyrir bragðmeiri framtíð. Viðburðurinn er ókeypis og öllum opinn. BragðaGarður er samstarfsverkefni Slow Food á Íslandi, Grasagarðs Reykjavíkur, Menntaskólans í Kópavogi, Beint frá býli og Samtaka smáframleiðenda matvæla.



Öll dagskráin fyrir hátíð Slow Food hreyfingarinnar um næstu helgi.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

RANGÁRÞING EYSTRA

Samkvæmt 43. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi:

Bergþórugerði, fjölgun rað- og parhúsa – deiliskipulagsbreyting
Með tillögunni er verið að fjölga par- og raðhúsum við Bergþórugerði.

Samkvæmt 41. gr. og 31. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst aðalskipulagsbreyting samhliða tillögu að deiliskipulagi:

Vindás og Litli-Moshvoll, frístundalóðir – nýtt deiliskipulag
Tillagan tekur til fimm frístundalóða úr landeignunum Litla-Moshvoll og Vindás.
Heimilt verður að byggja allt að 300 m² eða eitt frístundarhús, gestahús, geymslu og gróðurhús.
Mænishæð er frjáls en skal vera sú sama á hverri lóð en hámarkshæð húsa er 5,5 m.

Vindás og Litli-Moshvoll – aðalskipulagsbreyting
Með aðalskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir 7 frístundalóðum á 15 ha svæði.
Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland (L1) og nær til Vindásar, Sunnutúns og Litla-Moshvols Hólar.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur frá 15. september til og með 27. október 2025.
Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 30. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi aðalskipulagslýsing:
Ytri-Skógar, fjölgun íbúða – aðalskipulagslýsing
Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að fjölga íbúðum úr fimm í 16 á íbúðasvæði ÍB23 í Skógum.

Ofangreinda lýsingu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, miðvikudaginn 24. september 2025 kl. 10:00 til 12:00.
Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 12. september til og með 30. september 2025.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

Kregðubólusetningar:

Val eða vitleysa?

Kregða þýðir sá sem étur lítið. Kregðusýkillinn telst til s.k. berfryminga (Mycoplasma ovipneumoniae, hér eftir nefndur Movi). Berfrymingar valda sjúkdómum í fólki, dýrum, fiskum, skordýrum og plöntum. Þeir eru út um allt í náttúinni og eru minnsta bakterían sem greinst hefur án frumuveggjar. Líkleg er, að Movi hafi borist hingað með landnámsfénu. Hann getur valdið skyndilegum dauða en oftar þrálátum sýkingum í sauðfé á öllum aldri. Einkennin í byrjun eru hósti (lambahósti), slappleiki (vægur sótthiti) og útferð úr nös. Lömbin minnka átið og þrífast illa. Síktir einstaklingar þroskast hægar en heilbrigðir, verða minni eða leggja af og ullarvöxtur raskast (snöggir á mjóhrygg). Sjókdómurinn orsakar afurðartjón hjá sauðfjárbændum sem kemur fram í minni sláturvigt, brjósthimnubólgum, ígerðum í barka, lungum, brjótholi og liðabólgum. Síktar fullorðnar ær geta drepast skyndilega yfir vetrartímann eða lömb vantað af fjalli. Ær endast illa, verða ekki gamlar. Movi veldur bælingu ónæmiskerfisins og ryður brautina fyrir ýmsa afleidda sjúkdóma (t.d. lungnapestarsjúkdóma o. fl.).



Dr. Björn Steinbjörnsson.

Movi var fyrst greindur á Nýja-Sjálandi1974. Rannsóknir NF. Friis, Páls A. Pálssonar og Guðmundar Péturssonar 1976 staðfestu tilvist Movi í íslensku sauðfé. Kind sem smitast af kregðu, verður hýsill sýkilsins ævilangt og smitar eftir það út frá öndunarveginum aðra einstaklinga svo lengi sem hún tórir. Þannig berst smitið frá móður til afkvæmis strax eftir fæðingu. Hún er smitberi alla sína ævi.

Útbreiðsla

Kregða er útbreidd út um allt land og finnst í öllum sauðfjárveikivarnarhólfum nema í Grímseyjarhólfi og Vestmanneyjarhólfi þaðan sem engin sýni bárust. Fjöldi býla í varnarhólfum sem sýnt er á mynd 1, segir ekkert til um sýkingarhættu í umræddu hólfi, heldur hvaðan og hve mörg sýni voru skoðuð í rannsók sem framkvæmd var 2016. .

Ráðist var í þessa rannsókn í sláturtíð 2016 eftir að sýni voru tekin úr öndunarfærum lambhrúts í hjörð bændanna að Höfnum á Skaga. Hjörðin sýndi einkenni kregðusmits eins og fyrr hefur verið lýst. Hrúturinn drapst á milli jóla og nýárs 2015 er undirritaður var staddur í jólafríi á Sauðárkróki. Sýni voru tekin úr lunga, barka og nefholum samkv. sjóngreiningu, sett í Friis-lausn og næsta flug tekið til Dýralæknaháskólans í Hannover, Þýskalandi. Þar voru sýnin afhent vísindamönnum við örverufræðideild skólans til greiningar. Niðustöður bárust 2 vikum seinna. Þær leiddu í ljós kregðusýkingu á háu stigi með þremur mismunandi stofnum.

Áður, eða haustð 2013, skoðaði ég kerfisbundið lungu í sláturhúsunum á Hvammstanga, Blönduósi og á Sauðárkróki (var þá hérðasdýralæknir í Norðvesturumdæmi) ásamt aðstoðarfólki mínu vegna gruns um kregðusýkingu. Þetta var gert samfara almennri heilbrigðisskoðun sláturafurða í haustslátrun. Grunur um kregðusýkingu í sláturhjörðum (aðallega lömbum en einnig í fullorðnum ám) var skráður hjá 252 búum í varnarhólfunum 1-10, 13 og 21.



Niðurstöður kregðuskimunar í sláturhúsum 2016.

Eftir að sýklaræktun við Dýralæknaháskólann í Hannover staðfesti sjóngreiningu dýralæknis, varð mönnum ljóst, að hægt væri að kortleggja útbreiðslu sjúkdómsins á landsvísu. Var þessi hugmynd borin undir þáverandi yfirdýralækni Sigurborgu Daðadóttur, Halldór Runólfsson fyrrverandi yfirdýralækni og Sigurgeir Þorgeirsson fyrrverandi formann Bændasamtaka Íslands. Þeir Halldór og Sigurgeir störfuðu þá báðir í Matvælaráðueytinu. Þetta heiðursfólk tók hugmyndinni vel og úr varð, að gengið var til samninga við örverufræðdeild Dýralæknaháskólans í Hannover um að sjá um rannsóknarþáttinn. Send voru 77 sýni til rannsóknar. 15 sýni misfórust í flutningi. Úr 62 sýnum ræktuðust lifandi kregðubakteríur. Jákvæð sýni voru síðan áframsend í stofngreiningu til örverufæðideildar Dýralæknaháskólans í Vín . Sú rannsókn leiddi í ljós, að fjölbreytileiki stofna var mikill. Stofnarnir greindust í tvær ættkvíslir sem voru út af sömu ætt. Þeir voru því skyldir. Nú var kominn efniviður til að búa til kregðubóluefni. Galdurinn var, að velja réttu stofnana í bóluefnið sem átti að nota.

Kregðubóluefnið

Líkleg ástæða fyrir því, að yfirvöld samþykktu að leggja útí kosnað við söfnun og rannsókn lungnasýna til greiningar á Movi, var væntanlega ákall sauðfjárbænda um úrbætur vegna vöntunar fjár af fjalli og afurðartjóns í sláturhúsi. Þar sem Movi-bakterían er án frumuveggjar, er meðhödlun sjúkra einstaklinga með sýklalyfjum erfið. Því var bólusetning talin fýsilegur kostur. Sumarið 2016 var þýska fyrirtækið VAXXINOVA fengið til að útbúa tilraunabóluefni gegn kregðusýkingu. Síðar tók bóluefnisframleiðandinn ANICON við að framleiða bóluefni gegn kregðusýkingu. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum var fengin til að framkvæma tilraunabólusetningu. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var sú, að vegna margra vafaatriða væri ekki tímabært að halda tilraunabólusetningum áfram að sinni. Það að niðurstöður þessarar rannsóknar skiluðu ekki árangri má rekja til óvenjulegrar aðferðafræði við bólusetningu og skorts á mælingu þeirra þátta (mótefnamælingar) sem segja til um hvort bóluefnið virkar eða ekki. Til þess að mæla virkni bóluefnis þarf s.k. elísupróf sem greinir mótefni eða vaka í líkamsvökvum með mótefnatengdu ensími sem breytir litlausu hvarfefni í litað myndefni. Þessi mæling fór aldrei fram. Ef til vill hefði þær mælingar, ef þær hefðu verið framkvæmdar, ekki breytt niðurstöðu rannsóknarinnar því bólusetningin sjálf var framkvæmd á óhefðbundinn hátt. Fullorðnar ær voru bólusettar einu sinni þremur vikum fyrir burð og lömb tvisvar sinnum með þriggja vikna millibili. Þegar bólusett er í fyrsta skipti, þ.e. grunnbólusett, skal bólusetja tvisvar sinnum með 4-6 vikna millibili eða jafnvel lengur. Það er vegna þess, að við bólusetningu (ónæmisræsingu) örvast s.k. B-eitilfrumur sem er undirtegund eitilfrumna. Þær má finna í blóði og eru forstig plasmafrumna sem mynda mótefnin. Plamafrumurnar tjá á yfirborði sínu mótefni, sem bindast aðkomnum mótefnavökum (sjúkdómsvöldum) og hemja þá. Þessar B-eitilfrumur þurfa vissan tíma til að þroskast og umbreytast þá við áreyti í plasmafrumur sem framleiða mótefni. Fjórar vikur eru taldar lámarkstími áður en gefa skal seinni bólusetningarsprautu í grunnbólusetningu. Fyrr eru ekki nægilega margar þroskaðar B-eitilfrumur til staðar í blóði sem geta umbreytt sér í plasmafrumur. Til að viðhalda þessari vörn sem grunnbólusetningin gefur, þarf að gefa örvunarsprautu eftir vissan tíma, oftast árlega. Til þess að övunarsprauta virki nægilega vel, þarf grunnbólusetning að vera framkvæmd samkvæmt viðurkenndri aðferð. Ég teldi ráðlegt, að hefja umræðu um framkvæmd bólusetninga almennt á sauðfjárbúum. Hugsanlega eru víða brestir í framkvæmd grunnbólusetningar.

Virkar bóluefnið?

Movi-1: 3 kregðustofnar, bólusett til 2020 / Movi-2: 6 kregðustofnar, bólusett 2021+2 / Movi Plus: 6 kregðustofnar og 2 lungnapestarstofnar, 2023

Bjarni bóndi í Hlíð í Lóni sendi mér þessar vigtartölur. Hann er þrautreyndur rúningsmaður og skólaður frá tilraunabúinu á Hesti. Hann vigtar fé sitt árlega í október, janúar og í apríl. Það hefur hann gert í áratugi. Hann vigtar féð alltaf á sama mánaðardegi, segir að annars sé það ekki marktækt (gæti hafa haft þetta eftir Halldóri Pálssyni). Ég treysti þessum tölum. Þær sýna þyngdaraukningu hjá ánum í hjörðinni á sjö ára tímabili frá því að þær voru grunnbólusettar í janúar/mars 2019. Að sögn Bjarna mældist meðalþynd 228 kinda 10. janúar 2003, 69,9 kg. Eftir það fór hún lækkandi ár frá ári, mest á árunum 2009-2019. Samkvæmt þessum upplýsingum má áætla, að kregðusýkingin hafi hægt og bítandi verið að koma sér fyrir í hjörðinni hjá honum. Eftir því sem fleiri kindur sýktust (Movi er bráðsmitandi), þá lækkaði meðalvigt hjarðarinnar. Ég hef tekið eftir batnandi heilsufari sauðfjárhjarða sem ég bóluset árlega. Gott heilsufar er undirstaða góðra afurða í sauðfjárbúskap.

Elísuprófið og PCR-próf

Elísupróf mælir mótefni í blóði bólusettra einstaklinga sem hemja virkni smitandi sjúkdómsvalda. Það hefur verið ófánlegt hingað til. Nú þegar elísuprófið er að verða tilbúið útí Hannover ásamt s.k. PCR-prófi, þá verður hægt að mæla hvort bólusettar hjarðir hafi náð hjarðónæmi eða ekki. Það er grundvöllur þess, að það megi fara að vinda ofan af bólusetningu hjá elstu ánum.

Rannsóknarsjóður sauðfjárræktarinnar hefur síðan 2018 stutt íslenskar kregðurannsóknir við sauðfjársjúkdómadeild Dýralæknaháskólans í Hannover.

Höfundur er dýralæknir og stundar kregðurannsóknir við Dýralæknaháskólann í Hannover, Þýskalandi.

Vigtartölur í tengslum við kregðubólusetningu 2019–2025

ár	bú	Búsnúmer	fjöldi	vigt/dags/kg	bólusetning	bóluefni	athugasemd
				10. janúar	tímabil	kregðubóluefni	
2019	Brekka/Hlíð	9Z1	118	62.1	jan-mars	Movi-1	grunn-bólusetning
2020	Brekka/Hlíð	9Z1	107	65.5	nóv/apríl grunn/ örvunarból.	Movi-1	bólusett lömb/fullorðið
2021	Brekka/Hlíð	9Z1	112	65.7	nóv/apríl	Movi-2	bólusett lömb/fullorðið
					grunn/ örvunarból.		
2022	Brekka/Hlíð	9Z1	119	68.5	nóv/apríl grunn/ örvunarból.	Movi-2	bólusett lömb/fullorðið
2023	Brekka/Hlíð	9Z1	152	69	nóv/apríl grunn/ örvunarból.	Movi Plus	bólusett lömb/fullorðið
2024	Brekka/Hlíð	9Z1	109	69.6	nóv/apríl grunn/ örvunarból.	Movi Plus	bólusett ömb/fullorðið
2025	Brekka/Hlíð	9Z1	112	71.1	nóv/apríl grunn/ örvunarból.	Movi Plus	bólusett lömb/fullorðið

Movi-1: 3 kregðustofnar, bólusett til 2020 / Movi-2: 6 kregðustofnar, bólusett 2021+2 / Movi Plus: 6 kregðustofnar og 2 lungnapestarstofnar, 2023

Vigtartölur sauðfjár Bjarna Bjarnasonar, Brekku/Hlíð, 781 Höfn í Hornafirði, árin 2019–2025. Vigtaðar voru tveggja vetra ær og eldri. Á tímabilinu var tvisvar sinnum gerð breyting á bóluefninu, 2021 og 2023.





Skógarsveifa að éta birkiblaðlús.

Náttúrulegir óvinir meindýra

– Hetjur skógarins?

Brynja Hrafnkelsdóttir.

Helga Ösp Jónsdóttir.

Rúmlega 80 tegundir skordýra lifa á trjágróðri á Íslandi. Þeim fer þó hratt fjölgandi en nokkur meindýr á trjám og runnum sem hafa numið hér land á undanförnum árum hafa valdið miklu tjóni í skógum landsins. Sum þeirra valda ekki jafnmiklu tjóni í nágrannalöndum okkar þar sem þau hafa verið lengur. Þetta skýrist að hluta til af því að hér eru ekki bara fá meindýr heldur líka fáir náttúrulegir óvinir sömu meindýra.

Náttúrulegir óvinir meindýra eru hópur lífvera sem eiga það sameiginlegt að nærast á meindýrum og minnka um leið getu meindýra til að fjölga sér hratt. Þessi hópur getur verið mjög fjölbreyttur, allt frá örverum upp í stór spendýr. Mörg skordýr eru náttúrulegir óvinir annarra skordýra og gegna mikilvægu hlutverki í að halda alvarlegum meindýrum sem lifa á plöntum niðri þannig að skaðinn verður minni fyrir plöntuna. Þannig kemur náttúrulegi óvinurinn oft á ákveðnu jafnvægi, hann heldur niðri meindýrastofninum þannig að plantan verður ekki fyrir eins miklum skaða en útrýmir honum ekki alveg úr vistkerfinu. Hér verða nefnd nokkur dæmi um skordýr sem eru náttúrulegir óvinir meindýra á trjám sem finnast á Íslandi.

Æðvængjur (vespur): Sníkjuvespur eru einn algengasti hópur skordýra sem lifa sníkjulífi á öðrum skordýrum. Fullorðna dýrið verpir í meindýrið eða púpu þess og vespulirfan lifir innan í því þangað til hún verður fullþroska (og dregur meindýrið til dauða). Dæmi um slíkt eru kjarrnálvespur sem verpa í fiðrildalirfur og sníkjuvesputegund sem lifir á lirfum birkiþélu. Geitungar gera líka gagn en þeir veiða stundum meindýr til að gefa afkvæmum sínum.

Tvívængjur: Ýmsar flugutegundir lifa sníkjulífi og ránlífi á meindýrum. Sumar sveifflugutegundir eru til að mynda mjög mikilvægar í landbúnaði en ein lirfa getur étið allt að 400 blaðlýs á þroskaskeiði sínu. Á Íslandi eru nokkrar sveifflugu-tegundir sem gera mikið gagn við að halda blaðlúsum á trjágróðri niðri.

Bjöllur: Bjöllur geta verið öflug rándýr á meindýrum en eitt frægasta dæmið um notkun náttúrulegra óvina gegn meindýrum í landbúnaði eru maríubjöllur (maríuhænur). Bæði fullorðnar bjöllur og lirfur maríubjöllurnar innbyrða gríðarlegt magn af blaðlúsum á lífskeiði sínu. Dæmi um önnur rándýr eru bjöllur af járnsmiðaætt og jötunuxaætt. Nýlegur landnemi, varmasmiðurinn, étur til að mynda bæði snigla og sniglaegg.

Skortítur og net-vængjur: Ýmsar tegundir skortíta og netvængja eru mikið notaðar í gróðurhúsum og víðar til að halda alvarlegum meindýrum niðri. Trjónutíta er til að mynda nýlegur landnemi á Íslandi sem sýgur vessann úr blaðlúsum og fleiri skordýrum auk þess að éta skordýraegg. Birkiglyrna er netvængja sem lifir á lirfustigi á blaðlúsum á birki á Íslandi.

Hér hefur verið fjallað um þann fjölbreytta hóp skordýra sem eru náttúrulegir óvinir meindýra á trjágróðri. Þegar við notum eiturefni drepum við ekki bara meindýrin sjálf heldur líka náttúrulega óvini. Þetta getur leitt til þess að kerfið verði háð reglubundinni úðun þar sem jafnvægið raskast. Því er mikilvægt að úða ekki með skordýraeyðum nema í sérstökum tilfellum þegar fullvisst er að þörf sé á úðun. Æskilegri kostur er að leyfa náttúrunni að vinna sitt verk.

Höfundar eru sérfræðingar hjá Landi og skógi.







Sýningarárið 2025

Sýningarárið 2025 gekk að flestu leyti vel með mikilli þátttöku hrossa og áhuga á sýningarhaldinu. Alls var felldur 1.331 dómur en fleiri dómar hafa ekki verið felldir á ári á milli Landsmóta síðan 2013. Alls komu 1.093 hross til dóms. Haldnar voru 16 sýningar um landið en sýning var á Vesturlandi í aðdraganda Fjórðungsmóts en ekki hefur verið haldin sýning þar síðan 2019. Miðsumarssýningar voru vinsælar en alls var sýnt 371 hross á þeim sýningum; á Hellu og Akureyri. Fjórðungsmót var haldið í Borgarnesi fyrstu vikuna í júlí. Alls máttu 86 kynbótahross mæta á mótið en nokkuð var um afskráningar og 50 hross voru dæmd á mótinu. Mörg úrvalshross mættu þar til leiks og gekk mótið vel. Heimsmeistaramót var haldið í Sviss í ár. Ísland sendi eins og vant er eitt hross í flokka fimm, sex og sjö vetra og eldri hryssna og stóðhesta. Hrossin sem tóku þátt fyrir Íslands hönd stóðu sig afar vel. Hljómur frá Auðsholtshjáleigu var efstur í elsta flokki stóðhesta, Drangur frá Ketilsstöðum var efstur í sex vetra flokki og Sörli frá Lyngási var efstur í fimm vetra flokki. Þá var Eind frá Grafarkoti þriðja í elsta flokki hryssna, Ólga frá Lækjamóti var önnur í sex vetra flokki og Óskastund frá Steinnesi var efst í fimm vetra flokki hryssna.



Þorvaldur Kristjánsson

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá meðaltöl og breytileika í einkunnagjöf allra eiginleika í sköpulagi og hæfileikum á Íslandi á árinu:

Meðaltöl eru nánast þau sömu samanborið við síðasta ár og engin breyting sem talandi er um. Einnig er breytileiki í einkunnagjöf afar svipaður og á síðasta ári sem segir að notkun skalans er ekki að dragast saman og skalinn var aðeins betur notaður á þessu ári ef litið er til hæstu og lægstu einkunna. Meðalaldur sýndra hrossa í ár var 6 ár (5,97) sem er nánast sami meðalaldur og í fyrra. Þetta er heldur lægri meðalaldur ef þetta er borið saman við fyrri ár þar sem ekki var Landsmót en yfirleitt er meðalaldur sýndra hrossa heldur lægri á Landsmótsárum. Í meðfylgjandi töflu er fjöldi hrossa sem kom til dóms í hverjum aldurs- og kynflokki:

Staða skeiðsins

Klárhross voru 34% sýndra hrossa í ár en það er heldur hærra hlutfall en undanfarin ár (var 31% í fyrra). Þetta hlutfall hefur farið hækkandi á síðastliðnum árum en lengi vel var þetta um fjórðungur sýndra hrossa sem voru klárhross. Þó hlutfall klárhrossa fari hækkandi er staða skeiðsins afar sterk um þessar mundir og aðalskýringin er líklega sú að fleiri ákveða að sýna ekki skeið í hrossum sem hafa takmarkaða skeiðgetu enda fer einkunnum 5,5 til 6,5 heldur fækkandi. Afar mörg flugvökur hross voru sýnd á árinu og 210 hross fóru í 8,5 eða hærra, eða 21% sýndra hrossa, en þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra. Þá voru 94 hross sem fengu 9,0 eða hærra í einkunn fyrir skeið.



Dögg frá Kvistum hlaut 10 fyrir hægt stökk á árinu. Hún er dóttir Kveiks frá Stangarlæk 1 sem skilaði mörgum frábærum hrossum til dóms á árinu.

Knapar og dómarar

Það voru 178 manns sem sýndu hross á árinu og 156 knapar sem sýndu hross í reiðdómi, þar af voru 105 knapar sem sýndu 2 eða fleiri sýningar, 57 knapar sem sýndu 5 eða fleiri sýningar og 26 sem sýndu 10 sýningar eða fleiri. Þetta er því töluverður hópur knapa sem sýna kynbótahross á Íslandi þessi misserin og árlega mæta öflugir ungir knapar til leiks sem er afar verðmæt staða. Þá komu 19 dómarar að dómum á Íslandi í ár en þeir dæmdu frá 89 upp í 423 hross en meðaltalið var um 320 hross. Það er mikilvægt að fremur fámennur hópur dómara komi að dómstörfum árlega og fá nægilega þjálfun þannig að samræmi sé sem mest í dómsstörfunum og náðist það ágætlega í ár.

Feður sýndra hrossa

Alls 272 feður voru á bak við sýnd hross í ár og í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir þá stóðhesta sem skiluðu átta eða fleiri hrossum til dóms en flest hrossin voru undan Skýr frá Skálakoti. Ef þeir stóðhestar eru skoðaðir sem skiluðu flestum fjögurra vetra hrossum til dóms í ár, þá var það Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum með 13 fjögurra vetra afkvæmi. Næstur kemur Þráinn frá Flagbjarnarholti með 10 afkvæmi, Skýr frá Skálakoti með átta og Hannibal frá Þúfum með fimm afkvæmi. Þetta sýnir sterka stöðu þessara heiðursverðlaunahesta en Þráinn náði lágmörkum til þeirra verðlauna á árinu. Þá mættu fyrstu afkvæmi Hannibals til dóms í ár og lofar það góðu með framhaldið.

Tíur ársins

Þegar breytileiki í einkunnagjöf er skoðaður má sjá að nokkrar tíur voru gefnar á árinu fyrir einstaka eiginleika. Náttfari frá Tölthólum fékk 10 fyrir bak og lend og er hann einungis fjórða hrossið í sögunni til að hljóta þessa einkunn. Hann er undan Náttþrafni frá Varmalæk og Sneglu frá Reykjavík. Þá hlutu tveir hestar 10 fyrir hófa; þeir Púls frá Lækjamóti og Kjarni frá Korpu. Púls er undan Útherja frá Blesastöðum 1A og Nútíð frá Leysingjastöðum II. Púls er skyldleikaræktaður út af Orra frá Þúfu en magnað er að Orri er enn með 117 stig í kynbótamati fyrir hófa sem endurspeglar hans miklu og jákvæðu áhrif á hófa í stofninum. Þá er Kjarni undan Arion frá Eystra-Fróðholti og Eldingu frá Haukholtum og er því albróðir Apollos frá Haukholtum. Átta hross fengu 10 fyrir prúðleika. Tveir hestar fengu 10 fyrir brokk á árinu; þeir Miðill frá Hrafnagili og Fálki frá Traðarlandi. Fálki er undan Kveik frá Stangarlæk 1 og Freyju frá Traðarlandi, afar léttstígur, skrefmikill, taktviss og rúmur á brokki. Þá er Miðill undan Auði frá Lundum II og Gígju frá Búlandi en hún er undan Hrym frá Hofi og gæðingamóðurinni Heklu frá Efri-Rauðalæk. Miðill er óvanalega framhár og svifmikill á brokki með afar volduga framgöngu. Þrjú hross fengu 10 fyrir skeið á árinu; þau Ramóna frá Heljardal, Elma frá Staðarhofi og Andvari frá Kerhóli. Ramóna er undan Draupni frá Stuðlum og Auði frá Hofi, Hróðursdóttur. Elma er undan Spaða frá Stuðlum og Spes frá Ingólfshvoli, Stáladóttur og Andvari frá Kerhóli er undan Braga frá Skriðu og Ösp frá Ytri-Bægisá I. Bragi er undan Óskasteini frá Íbishóli og Ösp er undan Blæ frá Torfunesi og er því mikið rými og teygja á bak við Andvara. Þá var eitt hross sem hlaut 10 fyrir hægt tölt á árinu en það var Upplyfting frá Reykjavík, undan Austra frá Úlfsstöðum og Valhöll frá Reykjavík, en hún býr yfir miklu jafnvægi á hægu tölti og eðlisfótaburði. Dögg frá Kvistum hlaut 10 fyrir hægt stökk en hún er undan Kveik frá Stangarlæk 1 og Dögun frá Kvistum en sú er undan Þyt frá Neðra-Seli og Orku frá Hvammi. Dögg er einstaklega framhá og jafnvægisgóð á hægu stökki og býr yfir miklu fjaðurmagni. Dögg er einungis áttunda hrossið í sögunni til að hljóta 10 fyrir hægt stökk. Skemmtilegt er að nefna að tvö af þessum hrossum í upptalningunni að ofan eru undan Kveik frá Stangarlæk 1 en hann skilaði mörgum úrvals hrossum til dóms í ár. Fjögur af tólf hrossum sem fengu 9,5 fyrir fegurð í reið á árinu voru undan honum svo dæmi sé nefnt og meðaltal sýndra afkvæma í ár fyrir tölt var 8,67 sem er afar hátt. Kveikur hefur verið afar öflugur að skila sínum góðu kostum til afkvæma sinna; miklum léttleika, mýkt og fjaðurmagni.

Heilbrigðisskoðanir kynbótahrossa

Heilbrigði kynbótahrossa var skoðað eins og undanfarin ár, bæði fyrir og eftir dóm. Allir áverkar sem hrossin hlutu í dómi voru stigaðir í þrjá flokka og átti þetta við bæði særindi í munni og ágrip á fótum. Fyrsta stigs athugasemdir teljast ekki vera eiginlegir áverkar en eru t.d. særindi í munni sem ná ekki í gegnum slímhúð eða strokur á fótum sem ná ekki í gegnum húð og eru án eymsla eða bólgu. Annars stigs athugasemdir eru áverkar, s.s. lítil sár í munni eða á ágrip á fótum sem ná þó ekki einum cm. Þriðja stigs athugasemdir eru alvarlegir áverkar og á þá lund að hrossið hlýtur ekki reiðdóm og getur

	Höfuð	Háls, h. og bógar	Bak og lend	Samræmi	Fótagerð	Réttleiki	Hófar	Prúðleiki	Sköpulag
Meðaltal	7,99	8,39	8,20	8,35	8,04	7,73	8,28	7,77	8,21
Staðalfrávik	0,49	0,36	0,52	0,44	0,46	0,46	0,45	0,75	0,24
Lægsta gildi	6,5	7,0	6,5	6,5	7,0	6,5	6,5	5,5	7,36
Hæsta gildi	9,5	9,5	10	9,5	9,5	9,5	10	10	9,01

	Tölt	Brokk	Skeið	Stökk	Samstarfsvilji	Fegurð í reið	Fet	Hægt tölt	Hægt stökk	Hæfileikar	Aðaleinkunn
Meðaltal	8,37	8,16	6,80	8,18	8,54	8,29	7,82	8,09	8,01	8,02	8,09
Staðalfrávik	0,43	0,53	1,52	0,50	0,40	0,44	0,68	0,47	0,51	0,34	0,26
Lægsta gildi	6,5	6,0	5,0	6,5	7,0	7,0	5,5	6,5	6,0	6,89	7,27
Hæsta gildi	9,5	10	10	9,5	9,5	9,5	9,5	10	10	9,04	8,99

	Stóðhestar	Hryssur
4 vetra	87	75
5 vetra	117	192
6 vetra	83	232
7+ vetra	43	263





Skýr frá Skálakoti átti flest afkvæmi í kynbótadómi í ár, eða 50 talsins, en alls voru 272 feður á bak við sýnd kynbótahross í ár.

ekki mætt til yfirlitssýningar. Skráð voru ágrip á fótum í 13% tilfella sem er svipað og var í fyrra en þá var tíðni ágripa 14% og hefur þetta hlutfall farið heldur lækkandi undanfarin ár. Megnið af þessum athugasemdum, eða 70%, voru í flokki 1, tíðni eiginlegra áverka á fótum (flokkar 2 og 3) var því 4,0% þar sem áverkar af þriðja stigi voru afar fáir (4 hross). Þá voru skráð særindi eða blóð í munni í 3% tilfella og var í öllum tilfellum um 1. stigs særindi að ræða. Það má því segja að staðan á þessum málum sé ásættanleg og hefur verið árleg minnkun í tíðni alvarlegra áverka á síðastliðnum árum. Þetta skýrist væntanlega fyrst og fremst af hestvænni sýningum og betri undirbúningi hrossa til dóms. Það er reynt að taka á grófri reiðmennsku á hverju ári en alls voru tveir knapar sem hlutu áminningu fyrir grófa reiðmennsku á árinu.

Eistnaskoðun var framkvæmd á öllum stóðhestum sem komu til dóms þar sem mæld er stærð eistnanna, stinnleiki þeirra metin og kannað með frávik svo sem snúninga. Mikill meirihluti stóðhestanna er með þétt og eðlileg eistu, eða tæplega 90% hestanna. Merkt var við eistnagalla hjá 3 stóðhestum á árinu, samanborið við 6 hesta í fyrra og var þá um of mikla smæð að ræða (heildarbreidd beggja eistna undir 8,0 cm) í tveimur tilfellum og misstór eistu að ræða í einu tilfelli. Enginn hestur var með eineistni. Ef meðaltal á heildarbreidd eistna er skoðað, þá kemur í ljós að það er 10,03 cm í ár og staðalfrávikið er um 1 cm. Það er því ljóst að krafan um að heildarbreiddin sé að lágmarki 8,0 cm eru ekki miklar kröfur en líklega alveg nægar kröfur þar sem stærð eistna hjá íslenskum stóðhestum er heldur að aukast sem er vel.

Starfsfólk og staðarhaldarar

Að lokum vil ég þakka öllu starfsfólki kynbótasýninganna í ár fyrir vel unnin störf. Mikið til er þetta sama fólkið ár frá ári og hópurinn orðinn samhentur og góður; hvort sem það eru dómarar, sýningarstjórar eða ritarar. Einnig vil ég þakka gott samstarf við staðarhaldara á hverjum sýningarstað, en verkefninu er tekið af áhuga og metnaði og reynt að hafa alla þætti sýninganna sem besta. Þá vil ég að þakka sýnendum, ræktendum og eigendum hrossanna fyrir skemmtilega viðkynningu og gott samstarf á árinu.

Höfundur er ráðunautur hjá RML

Stóðhestur	Fjöldi afkvæma
Skýr frá Skálakoti	50
Kveikur frá Stangarlæk 1	43
Þráinn frá Flagbjarnarholti	29
Hrannar frá Flugumýri	25
Draupnir frá Stuðlum	25
Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum	23
Skaginn frá Skipaskaga	21
Adrían frá Garðshorni á Þelamörk	19
Óskasteinn frá Íbishóli	18
Apollo frá Haukholtum	17
Kiljan frá Steinnesi	16
Hringur frá Gunnarsstöðum	14
Gaumur frá Auðsholtshjáleigu	13
Útherji frá Blesastöðum 1A	13
Brimnir frá Efri-Fitjum	12
Pensill frá Hvolsvelli	12
Trymbill frá Stóra-Ási	11
Hreyfill frá Vorsabæ	11
Dofri frá Sauðárkróki	11
Stáli frá Kjarri	10
Ómur frá Kvistum	10
Arion frá Eystra-Fróðholti	10
Konsert frá Hofi	10
Forkur frá Breiðabólsstað	10
Loki frá Selfossi	9
Ljósvaki frá Valstrýtu	9
Þór frá Torfunesi	9
Spaði frá Stuðlum	9
Blakkur frá Þykkvabæ	9
Fenrir frá Feti	9
Sjóður frá Kirkjubæ	8
Glúmur frá Dallandi	8
Viðar frá Skör	8
Styrkur frá Leysingjastöðum	8



Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum átti flest afkvæmi sem voru sýnd fjögurra vetra í kynbótadómi á árinu, eða 13 talsins.

GÁMATJÖLD

GÁMATJÖLD

EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20“ eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707

Gámatjöld

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2024-2044

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 11. september 2025 að auglýsa tillögu að nýju Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2024- 2044, ásamt umhverfisskýrslu, í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skipulagssvæðið er allt land innan Þingeyjarsveitar sem varð til við sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar árið 2022. Flatarmál sveitarfélagsins er 12.027 km2 að meðtöldum strandsjó innan netlaga.

Margvíslegar breytingar á opinberri stefnumörkun og regluverki hafa orðið frá því að gildandi aðalskipulagsáætlanir voru samþykktar, t.d. landsskipulagsstefna, ýmsar framkvæmdaáætlanir, skipulagsreglugerð o.fl. Síðast en ekki síst má nefna aukna áherslu á sameiginlegt átak jarðarbúa til að bregðast við hnattrænum áskorunum.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma sem er frá 22. september til 4. nóvember 2025. Tillagan er aðgengileg útprentuð á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingey á Laugum og í skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is mál nr. 881/2023 og skal athugasemdum skilað í gegnum gáttina. Kortasjá fyrir aðalskipulagið má nálgast hér: https://geo.alta.is/thing/ask24ask/

Haldnir verða íbúafundir til kynningar á tillögunni og verða þeir auglýstir síðar.

Vegir í náttúru Íslands

Við gerð aðalskipulags ber sveitarfélögum að skila tillögu að skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Tillaga sveitarstjórnar er kynnt samhliða aðalskipulagstillögunni í skipulagsgátt, en er ekki hluti af henni. Tillagan er lögð fram með fyrirvara.

Kortasjá fyrir tillögu sveitarstjórnar um vegi í náttúru Íslands innan Þingeyjarsveitar má nálgast hér: https://geo.alta.is/thing/vini/

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar



Bændablaðið á Instagram & Facebook

Kyngreint sæði komið í notkun

Kyngreint sæði er nú komið í almenna dreifingu í fyrsta skipti á Íslandi, þ.e. án þess að verið sé að prófa tæknina. Tilraunin sem gerð var sl. vetur sýndi að íslenskt nautsæði þolir vel kyngreiningu og árangur í tilrauninni var vel ásættanlegur.


Guðmundur Jóhannesson.

Munur á 56 daga ekki uppbeiðsli milli venjulegs og kyngreinds sæðis reyndist í heildina vera nálægt 6% sem er vel innan ásættanlegra marka. Á þeim grunni var færanlega rannsóknastofan frá STgenetics fengin hingað til lands öðru sinni í nýliðnum ágúst. Sæði úr þrettán íslenskum nautum og tveimur Angus-nautum var kyngreint að þessu sinni og er nú komið í dreifingu. Úr íslensku nautunum er eingöngu um að ræða X-sæði, þ.e. sæði sem gefur kvígur, en úr Angus-nautunum er bæði fáanlegt Y-sæði, sæði sem gefur naut, og X-sæði. Magn X-sæðis úr holdanautunum er þó í mjög takmörkuðu magni og fyrst fremst hugsað fyrir þá bændur sem halda holdakýr til þess að hraða endurnýjun yfir í hreinræktaðar Angus-kýr.

Kyngreint sæði er dýr vara og því rétt að vanda til verka við notkun á því. Sæðið er meira meðhöndlað fyrir frystingu en venjulegt sæði og má því segja „þreyttara“ þegar að notkun kemur. Tímasetning sæðingar er því vandasamari og þarf að vera nær egglosi en með venjulegu sæði svo sami árangur náist. Þá er það þekkt, jafnframt því sem tilraunin sl. vetur gaf vísbendingar um, að kvígur og yngri og frjósamari kýr halda betur við kyngreindu sæði en eldri kýr. Þarna er þó ekki um mikinn mun að ræða en forðast skal að nota kyngreint sæði á þekktar vandamálakýr, þ.e. kýr sem halda að öllu jöfnu illa. Á nautaskra.is er að finna stuttar leiðbeiningar um vinnubrögð og val á gripum til sæðinga með kyngreindu sæði sem gott er að kynna sér. Til þess að mæta þeim kostnaði sem kyngreiningin hefur í för með sér verða innheimtar 3.000 kr. á hvern skammt af kyngreindu sæði.

Í fyrstu umferð var sent sæði úr þremur íslenskum nautum og holdanautunum tveimur um land allt en nú er þeim nautum sem kyngreindu sæði er dreift úr að fjölga hægt og bítandi eftir því sem útsendingu á sæði vindur fram. Úr öllum þeim nautum sem fóru í kyngreiningu er einnig venjulegt sæði í dreifingu. Þau naut sem komu til notkunar um síðustu mánaðamót eru:


Draupnir 23040 **er frá Fagurhlíð í Landbroti, svartskjöldóttur, sokkóttur, kollóttur og er ræktandi Félagsbúið í Fagurhlíð. Draupnir er undan Marmara 20011 og Dimmalimm 625 Steradóttur 13057. Erfðamat Draupnis gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk í meðallagi. Þetta ættu að verða meðalkýr á skrokkinn og í meðallagi háfættar. Júgurgerðin allgóð, meðalvel borin júgur með meðalfestu og mjög greinilegt og gott júgurband. Spenar aðeins stuttir og grannir en vel settir. Mjaltir góðar sem og skapið. Arfhreinn kollóttur.**
Sæði: **Venjulegt, Spermvital og X-sæði (kvígur).**


Meistari 23038 **er frá Litla-Dunhaga í Hörgársveit, dökkbrandhuppóttur, sokkóttur, með lauf í enni, kollóttur og eru ræktendur hans þau Róbert og Elsa. Hann er undan Óðni 21002 og Maddý 855 Jörfadóttur 13011. Erfðamat Meistara segir okkur að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða frekar bolléttar og í meðallagi háfættar kýr. Júgurgerðin meðalgóð og spenar hæfilegir að lengd, aðeins þykkir og meðalvel settir. Mjaltir góðar og skapið mjög gott. Arfhreinn kollóttur.**
Sæði: **Venjulegt, Spermvital og X-sæði (kvígur).**


Bolli 24002 **er frá Miðskógi í Miðdölum, svartskjöldóttur, kollóttur og ræktandi er Skúli Hreinn Guðbjörnsson. Bolli er undan Keili 20031 og Rakel 872 Búkkadóttur 17031. Erfðamat Bolla gefur fyrirheit um að dætur hans verði í meðallagi mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins nokkru lægra. Þetta ættu að verða frekar bolmiklar og háfættar kýr með frábæra júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar aðeins stuttir en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið frábært. Arfhreinn kollóttur.**
Sæði: **Venjulegt og X-sæði (kvígur).**


Stjóri 23041 **er frá Dæli í Fnjóskadal, dökkkolóttur, kollóttur, ræktendur Geir og Margrét. Draupnir er sonur Kvóta 19042 og 1009 Piparsdóttur 12007. Erfðamat Stjóra segir að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk í góðu meðallagi og hlutfall próteins mjög hátt. Þetta ættu að verða frekar bolmiklar og háfættar kýr. Júgurgerðin góð og spenar hæfilegir að lengd, aðeins þykkir og mjög vel settir. Mjaltir í meðallagi og skapið úrvalsgott. Arfhreinn kollóttur.**
Sæði: **Venjulegt.**


Valens 24003 **er frá Lyngbrekku á Fellsströnd, dökkbröndóttur, kollóttur og eru ræktendur Sigrún og Ármann. Valens er undan Banana 20017 og Skessu 340 Hálfmánadóttur 13022. Erfðamat Valens segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða fremur bolléttar og nokkuð háfættar kýr með góða júgurgerð. Ágætlega borin júgur með góða festu og gott júgurband. Spenar aðeins stuttir og þykkir og meðalvel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið gott. Arfhreinn kollóttur.**
Sæði: **Venjulegt og X-sæði (kvígur).**


Biggi 24004 **er frá Flatey í Hornafirði, ræktendur eru þau Birgir Freyr og Vilborð Rún. Biggi er dökkkolskjöldóttur og kollóttur sonur Skálda 19036 og Gyðu 3272 Gyrðisdóttur 17039. Erfðamat Bigga gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk rétt um eða undir meðallagi. Þetta ættu verða í meðallagi bolmiklar og meðalháfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og meðalgott júgurband. Spenar aðeins stuttir og grannir og frábærlega vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið frábært. Arfhreinn kollóttur.**
Sæði: **Venjulegt og X-sæði (kvígur).**





Hálsi 24006 **er frá Signýjarstöðum í Hálsasveit, sægrár, kollóttur, ræktendur eru Arnþór og Birna. Hálsi er undan Kvóta 19042 og 922 Óberonsdóttur 17046. Erfðamat Hálsa segir að dætur hans verði í góðu meðallagi mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk undir meðallagi en próteinhlutfall nokkru hærra en meðallag. Þetta ættu að verða bolmiklar og í meðallagi háfættar kýr með mjög góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og mjög greinilegu júgurbandi. Spenar nokkuð hæfilegir að lengd og þykkt og frábærlega settir. Mjaltir meðalgóðar og skapið frábært. Arfhreinn kollóttur.**
Sæði: **Venjulegt og X-sæði (kvígur).**



Kládíus 24011 **er frá Ósabakka á Skeiðum, bröndóttur, kollóttur og ræktandi er Ósabakki ehf. Kládíus er undan Garpi 20044 og Lilju 984 Sjarmadóttur 12090. Erfðamat Kládíusar segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða bolléttar og nokkuð háfættar kýr með meðalgóða júgurgerð. Ágætlega borin júgur með meðalgóða festu og mjög greinilegt júgurband. Spenar stuttir og grannir og mjög vel settir. Mjaltir frábærar og skapið úrvalsgott. Arfhreinn kollóttur.**
Sæði: **Venjulegt og X-sæði (kvígur).**

Frekari upplýsingar um þessi naut er að finna á nautaskra.is.

Þau naut sem áfram verða í notkun samhliða þessum eru Smali 23034, Brími 23025, Brúsi 23026, Kuldi 23027, Snær 23028, Flóki 23031, Markaður 23034 og Farsæll 23035. Af þeim verður X-sæði (kvígur) úr Bríma 23035 í dreifingu i vetur og Spermvital-sæði er fáanlegt úr þeim öllum nema Flóka 23031 og Markaði 23034.

Þau naut sem fóru úr notkun eru Snáði 23017, Stimpill 23020, Seimur 23021, Maddi 23022, Sokkur 23023 og Abraham 23030.

Við val á þeim nautum sem í notkun eru ræður erfðamatið mestu en einnig er horft til þess að dreifa faðerni sem verða má þannig að í boði séu gripir með sem dreifðast ætterni. Nú, þegar kyngreint sæði er komið í notkun, þurfa menn að horfa til framtíðar og haga sæðingum með aðeins öðrum hætti en áður. Mikilvægt er að haga notkun m.t.t. þess hversu mikil endurnýjunarþörf búsins er og velja kyngreint sæði á kvígur og góðar, ungar kýr ásamt þeim kúm sem menn vilja gjarnan fá ásetningskvígu undan. Þá er ákaflega brýnt að nota venjulegt sæði á allra bestu kýrnar og efnilegar kvígur til þess að fá nautkálfa til þess að bjóða á stöð. Höfum í huga að helmingur kálfanna undan þeim verða kvígur til ásetnings en helmingur nautkálfar. Úr þeim hópi fáum við kynbótanaut framtíðarinnar, feður næstu kynslóðar.

Höfundur er ráðunautur hjá RML.

Trésmiðjan Akur

AKURShús - íbúðarhús og frístundahús

Afhent óuppsett í einingum eða uppsett á byggingarstað

– Allt eftir þínum óskum



65 ára
1959-2024

Kynntu þér húsabæklinginn okkar á akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt

Sendu okkur línu á akur@akur.is



Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144

Hydral kálfadrykkur 3kg

Notist við skitu, bæði meðan á henni stendur og við endurheimt eftir skitu, fyrir kálfa og annað ungviði.



KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA
KB
STOFNAÐ 1904

9.790 kr. m/vsk

WWW.KB.IS

Kaupfélag Borgfirðinga / Egilsholti 1 / 310 Borgarnesi / S: 430 5500 / verslun@kb.is



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður helgi@lr.is Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík Austurvegi 4, Hvolsvelli Sími 515-7400

Hannyrðir á heimsmælikvarða



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Núverandi Kvennabrekkukirkja var vígð árið 1925. Mynd / dalakirkjur.is

„Sárasóttin viðhélst þennan vetur í Eyjafirði," ritaði Tómas Tómasson Víðdælingur í annál sínum um atburði ársins 1775. En mestar áhyggjur hafði hann þó ekki af kynheilbrigði Eyfirðinga, heldur af fjárkláðanum sem hægt gekk að uppræta með skipulegum niðurskurði. Sýktu svæðunum var raðað í niðurskurðarhólf sem afmörkuð voru náttúrulegum farartálmum. Hvert ár voru nokkur þeirra rýmd og þannig haldið áfram koll af kolli í von um að hreinsa upp kláðann. Eitthvað var um borgaralega óhlýðni í niðurskurðarmálum. Til voru bændur sem sáu svo eftir sínum kindum að þeir földu skepnurnar og byrgðu inni. Vigfús Jónsson á Héðinshöfða, sýslumaður Þingeyinga, sem raunar virðist hafa verið óstabíll til geðsins almennt, var orðinn svo pirraður á þvermóðskunni í sveitungum sínum haustið 1775 að hann braut sér leið inn í einn fjárhúskofann með „nakinn korða" og „rak í hvörja skepnu er var þar inni". Var kláðafénu milli Skjálfandafljóts og Fnjóskár þannig loks útrýmt með sverði.

Miðdalir sameinist!

Þetta sama ár, 1775, fékk Þórunn Ólafsdóttir í Snóksdal einstaklega fallega sendingu með Stykkishólmsfari frá Kaupmannahöfn, viðurkenningu á hæfileikum hennar og listfengi. Þórunn var prestsfrú í Miðdalaþingum, eiginkona séra Benedikts Hannessonar, og höfðu þau hjón nýverið sest að í Snóksdal, höfðu áður verið á Bæ í Miðdölum. Hannes, faðir Benedikts, var prestur í Kvennabrekku og sóttist Benedikt fast að komast þangað og aðstoða föður sinn aldurhniginn. Benedikt starfaði í anda vorra daga, vildi sameina söknirnar í Kvennabrekku og Miðdölum í eitt prestakall og taldi nóg að hafa einn prest á svæðinu. Eitthvað stóð það þó í yfirvöldum en að endingu leyfðu þau Benedikt að fara að Kvennabrekku og taka þar við andlegum taumum en halda um leið Miðdalabrauðinu. Árið 1777 fluttu þau Þórunn því í Kvennabrekku og eru oft kennd við bæinn þótt þau hafi ekki búið þar nema fáein ár, voru komin að Hamraendum í Miðdölum strax 1783 þar sem þau bjuggu til æviloka. Benedikt hélt héðan úr heimi í júníbyrjun 1816 en Þórunn lifði mann sinn og var í skjóli Ólafs, sonar síns, á Hamraendum uns hún lést í febrúar 1830, að öllum líkindum rétt tæplega níræð.

Veganesti gott og vont

Þau Benedikt og Þórunn voru gefin saman í Gaulverjabæjarkirkju í Flóa árið 1763. Þar var þá prestur Jón Teitsson, móðurbróðir Þórunnar, en hún hafði farið til frænda síns ung að árum. Í Gaulverjabæ nam hún hannyrðir og saumaskap af æðri sort af seinni eiginkonu Jóns, Margréti Finnsdóttur, dóttur Finns Jónssonar Skálholtsbiskups. Jón gegndi prestsstörfum víða um ævina, varð prófastur Árnesinga uns hann var vígður til biskups á Hólum í Hjaltadal 1780 og fluttist þá norður með konu og börnum, en dó eftir aðeins eitt ár í embætti. Margrét kona hans bjó áfram í Hjaltadal til æviloka

Ekki voru foreldrar Þórunnar ófrægari uppalendum hennar en þeir rötuðu hins vegar í þjóðarsöguna af öðrum ástæðum. Þannig er föður hennar, Ólafi Árnasyni, sýslumanni Barðstrendinga, og eiginkonu hans, Halldóru Teitsdóttur, sem lengst bjuggu í Haga á Barðaströnd, jafnan getið fyrir drykkjuskap og ágirnd. Þær einkunnir eru þó líka settar á vogarskálar á móti ósviknum mannkostum. Sagan segir að Halldóra hafi jafnan gefið hverju fátæku barni sem skírt var í kirkjunni í Haga alklæðnað. Í sama orðinu er svo líka sagt að hún hafi numið bestu kýr landseta sinna á brott og fært í Haga bótalítið eða bótalaust í samræmi við mottóið: „Ég á þetta, ég má þetta."

Ólafur og Halldóra áttu bæði í vandræðum með vín. Faðir Ólafs, Árni Jónsson, prestur á Staðarhóli í Saurbæ, lengst búandi í Hvítadal, var sömuleiðis fræg fyllibytta og skandalíseraði að endingu svo stórkostlega að hann var sviptur kjól og kalli og „ærðist" í kjölfarið. Hann var svo útúrfullur í messu á jólanótt að hann þreif tvær vínflöskur upp úr vösum sínum, sló þeim saman í loftinu svo glerbrot og brennivín spýttust um alla kirkju, streittist á móti þegar meðhjálpari reyndi að koma honum út undir bert loft og barði svo sóknarbörnin, fimm gamlar konur, frávita af drykkju. Að sama skapi var Teitur, eldri bróðir Þórunnar, langpæklaður drykkjubolsi. Hann hafði það af að komast til Kaupmannahafnar í háskólanám en „lagði þar litla stund við lærdóm en gaf sig við ölföngum", eins og segir í einni heimild. Varð svo djákni á þeim mektarstað Hítardal í Mýrasýslu og þótti „hrakorðasamur drykkjumaður", dó ókvæntur og barnlaus.

Kóngaglenna í Kaupmannahöfn

Þórunn Ólafsdóttir lét hins vegar vímuefnin vera. Í staðinn einbeitti hún sér að saumaskap. Annar frændi hennar, upplýsingafrömuðurinn Ólafur Ólafsson, vissi af þessum hæfileikum og heilsaði því upp á frænku sína og fékk að kíkja á handavinnuna hjá henni (þau voru systkinabörn, Guðrún Árnadóttir, móðir Ólafs, var systir Ólafs Árnasonar sýslumanns). Ólafur dvaldi við Hvammsfjörð frá 1773 til 1774 við að koma upp prentsmiðju í Hrappsey. Hann hafði átt frumglóðina að þessu fyrirtæki og flutti búnaðinn til landsins en Bogi Benediktsson í Hrappsey fjármagnaði dæmið. Það var hins vegar æðiber í rassinum á Ólafi og hann dreif sig því á skipsfjöl haustið 1774 og sigldi aftur til Hafnar.

Með sér hafði hann eitt af listaverkum Þórunnar í Snóksdal, útsaumaða sessu. Þessum púða kom hann síðan með krókaleiðum í hendurnar á þeirri konu sem öllu réði í danska ríkinu um þessar mundir, Júlíönu Maríu, ekkjudrottningu Friðriks fimmta. Kristján sjöundi, stjúpsonur hennar, hafði reynst of galinn til að geta stjórnað ríkinu og í andlegri fjarveru hans hafði læknirinn Struensee hrifsað til sín öll völd studdur bæði leynt og ljóst af Karólínu Matthildi drottningu. Embættismannaklíka í samkrulli við Júlíönu Maríu ekkjufrú hafði hins vegar fengið Kristján til að samþykkja árið 1772 að handtaka Struensee og félaga hans, dæma þá til dauða og senda Karólínu drottningu í ævilanga útlegð. Nú stjórnaði ekkjudrottningin kónginum eins og strengjabrúðu og hin konungsholla embættismannaklíka fitnaði á fjósbitum Kaupmannahafnar. Hér sá Ólafur, sem nú nefndi sig Olaus Olavius, tækifæri til að fá sínu fram: Að komast í gott sérverkefni.

Æruskenkur ekkjufrúar

Allt gekk þetta eftir. Ólafur mætti í Stykkishólm strax vorið 1775 með bréf upp á vasann um að hann væri nú fullmektugur útsendari stjórnarinnar við að rannsaka hafnarskilyrði á Vestfjörðum. En jafnframt var hann með sérlega gjöf til Þórunnar frænku sinnar. Það var þakklætisvottur frá Júlíönu Maríu af Braunschweig-Wolfenbüttel fyrir hina fallegu sendingu sem henni hafði borist frá hannyrðakonunni íslensku. „Var það krossmyndað nisti með ísettum 5 eðalsteinum saffranóttum, rauðum, himinbláum, ljósgrænum og gulum og 8 dýrmætum perlum silfurhvítum," segir Tómas annálaritari.

Krossnisti ekkjufrúarinnar sýndi og sannaði það sem annars var á vitorði almennings: Að Þórunn Ólafsdóttir var einstök hannyrðakona.

Ólafur var um sína daga stöðugt stritandi við að útbreiða fagnaðarerindi upplýsingarinnar, að kenna og benda og uppfræða. Í einu af þeim fjölmörgu kverum sem hann sendi frá sér, „Fáeinar skýringargreinar um smjör- og ostabúnað á Íslandi", sem gefið var út í Kaupmannahöfn 1780, ritar hann ávarp á dönsku sem beint er til ekkjufrúarinnar Júlíönu Maríu. Þar minnist hann á gjöfina, æruskenkinn, eða það sem hann kallar á dönsku „ærestegn", og segir hana skýra sönnun fyrir hve fallegan hug ekkjudrottningin beri til íslenskra kvenna. Þar hafi hennar hávelborinheit sýnt einni af „landets døttre" – Þórunni Ólafsdóttur sum sé – einstakan heiður.

Þetta kver um „ostabúnað" varð hinum íslensku gárungum efni í sprell. Ólafur Ólafsson frá Eyri við Seyðisfjörð vestra, sem kallaði sig að lærðra manna hætti Olaus Olavius, var þaðan í frá jafnan nefndur Óli ostur upplýsingunni til háðungar en heimskunni til dýrðar.



Rexton Premium
- Nýskráður: 2024
- Ekinn: 64.000 km
- 4x4 læstur millikassi
- Dísel
- Sjálfskiptur 8 gíra
- Farþegfjöldi: 7
- Hestöfl: 203

Verð: 8.690.000 kr.

Ísland vill sjá þig í haust.
Eigum gott úrval 4x4 bíla fyrir allar aðstæður.



Rexton HLX
- Nýskráður: 2019
- Ekinn: 96.000 km
- Dísel
- 4x4 læstur millikassi
- Sjálfskiptur 7 gíra
- Farþegfjöldi: 7
- Hestöfl: 181

Verð: 6.790.000 kr.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.



Meira úrval á
notadir.benni.is

Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
590 2035

Bílabúð Benna
Í fimmtíu ár

Vísnahornið

Um tíma bjó Kristinn Bjarnason í Borgarholti í Biskupstungum. Hann var kunnur hagyrðingur og orti margar snilldar hringhendur.

Heilsar seggjum hrörleg þúst,
holts úr eggjum dregin.
Moldarveggja rauðleit rúst,
rís þar beggja megin.

Önfirðingurinn Jón Jens er einn af allra hnyttnustu hagyrðingum sem nú eru uppi og snýr oft upp sínum kveðskap í glens eins og hér, um vorverk sauðfjárbóndans.

Með töng sem var goggur álft af
Ólafur markaði hálftaf,
með ólagni tærri
enda lá nærri,
að eyrað það færi sjálft af

Og um riðuverndargen hrútsins segir Jón Jens Kristjánsson:

Hrútlamb ég hefi til sö-
lu horn sem að prýða 2
þó hálfljótur c
hann er með T
137

Þórdís Sigurbjörnsdóttir er frá Hrísum í Flókadal, nokkrar vísur fékk ég hjá henni og sumar beittar. Veit ekki hver fékk þessa lýsingu.

Heit er þrá í huga manns
himni og jörð að ráða.
En vinarorð af vörum hans,
valda eyrnakláða.

Hálfgerð öfugmælavísa um forvera minn, Árna Geirhjört, sem lengi ritaði vísnaþáttinn:

Árna er margt til lista lagt
lepur sjálfsagt fleira en mjólk
Enn mér hefur enginn sagt
að hann tali vel um fólk.

Þórdís leggur þessa limru til í vegan-umræðuna eilífu:

Skítt með þó einhverjir eti,
allskonar hveitilímsmeti.
En ég vil fá frið
til að fylgja þeim sið
og lífsstíl að lifa á keti.

Dagbjartur mótpartur Þórdísar, sendi mér þessa sem ort var á sínum tíma af Vigfúsi Péturssyni, bónda í Hægindi, sem innlegg í umræðu um klónun:

Til að spara spenatog,
spörk og marðar litlutær,
þyrfti að klóna kýrnar og
kerlingar sem mjólka þær.

Dagbjartur sendi mér þessa vísu eftir Jakob á Varmalæk, um flokk sem stöðugt er í umræðunni:

Framsókn iðkar fánýtt puð
fer á grunnum vöðum
nægir þar að nefna Guð-
na frá Brúnastöðum.

Um sjálfan sig segir Dagbjartur:

Þó að flestum þyki leitt
þetta skollans blaður,
yrki ég svona yfirleitt
eins og vitlaus maður.

Ekki skortir lítillæti hjá Dagbjarti:

Hagyrðinga brask og breim
er broslegt oft í leyni,
en aldrei get ég einn af þeim,
orðið – þótt ég reyni.

Sigrún Haraldsdóttir er snilldar hagyrðingur og hestakona góð eins og þessi vísa gefur til kynna:

Hófaljónið treður tröð
tuldrar blær í greinum.
Fótaslögin hrynja hröð
hrekkur glit af steinum.

Haustblær í þessu hjá Sigrúnu:

Stillist fugla stagl og tíst,
stráin falla á grúfu,
bleika haustið blundar víst
bak við næstu þúfu.

Ef að Sigrún yrði hross í næsta lífi, þá er hennar lýsing svona.

Myndi ég verða meri grá,
mjög svo knapann svekkja,
bjánann skyldi ég berja og slá
bíta, lulla og hrekkja.

Björn Ingólfsson á Grenivík er kunnur hagyrðingur og gamansamur oft. Hér er landbúnaðartengd limra frá Birni:

Þegar kýrnar á Útsynningsöldu
komu arkandi á síðdegi köldu
sagði Hyrna: „Mér gremst
þegar Grána er fremst
því þá gengur hún fram fyrir Skjöldu.“

Og um haustverkin segir Björn:

Nú er haust og horfinn lóusöngur,
hýsa verður garðáhöld og slöngur,
bátar fiska blágómur og löngur
og bændur eru farnir í afturgöngur.

Um kunnugleg haustverk segir Björn:

Er á haustin basl og stríð hjá bændum
blóð og gor og fjallaleitaglíma.
Annað betra eiga þeir í vændum,
unaðslega jólafengitíma.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

Markaðskönnun

BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTOFA ÓSKAR EFTIR ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL LEIGU FYRIR BÖRN MEÐ FJÖLÞÆTTAN VANDA

FSRE f.h. Ríkiseigna óska eftir að taka á leigu íbúðarhúsnæði fyrir Barna- og fjölskyldustofu.

Miðað er við að leiga geti verið 2-5 ár, með möguleika á framlengingu.

Óskað er eftir þremur til sex leigueiningum sem geta verið í einbýli og/eða fjölbýli. Leitað er eftir 5-10 herbergja íbúðarhúsnæði, einkum nýlegu eða viðhaldslitlu húsnæði í góðu ástandi.

Til greina koma bæði íbúðir og/eða sérbýli. Hver leigueining þarf að vera 180-320 fm. (samtals allt að 1.200 fm.). Æskilegt er að fleiri en ein eining séu saman í þyrpingu en ekki fleiri en þrjár í sömu byggingu. Leigusali mun sjá um viðhald skv. húsaleigulögum.

Óskað er eftir húsnæði sem er ekki lengra en u.þ.b. 100 km. frá höfuðborgarsvæðinu eða u.þ.b. 50 km. frá Akureyri.
Afhendingartími húsnæðis er að hámarki 3-6 mánuðir frá undirritun leigusamnings eða fyrr.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs íbúðarhúsnæðisins, ástands, stærð þess, skipulags, afhendingartíma, staðsetningu og aðkomu.

Um markaðskönnun er að ræða og áskilinn réttur til að hafna öllum tilboðum. Allar nánari upplýsingar um þessa markaðskönnun eru að finna á opinberum útboðsvef sem er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða og á heimasíðu FSRE.

Upplýsingum skal skila eigi síðar en
kl. 13:00 fimmtudaginn 9. október 2025.

Framkvæmdasýslan Ríkiseignir

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurðir o.fl.
Yfir 20 ára reynsla

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020,
bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg





Þingborgar-sokkar

Góðir ullarsokkar eru algjör nauðsyn nú þegar vetur er ekki langt undan. Þessir sokkar eru úr Þingborgarlopa og Þingborgar-einbandi. Stroffið er prjónað með tvöföldum lopa svo það sé aðeins þynnra og liprara, auk þess að veita mýkt og svo er einbandi bætt við þegar því lýkur, það gerir sokkinn aðeins þykkari og styrkir prjónið. Leistinn er aðeins þæfður í höndunum til að auka á endingu sokkanna. Það er gert með því að nudda sokkana aðeins þegar þeir eru blautir, en athugið að þæfa ekki stroffið. Auðvelt er að lengja sokkana einfaldlega með því að prjóna lengra áður en tekið er úr í lokin.

Ein stærð, 40-43.

Efni: Tvöfaldur Þingborgarlopi 150 g, Þingborgar einband 50 g. Smá spotti af lituðu bandi eða lopa til að skreyta stroffið, er þó valkvætt. Sokkar af þessari stærð sem gefin er upp vigtast 150 g, þar af er einband u.þ.b. 25 g. Ein dokka af einbandi dugar því í tvenna sokka. Hægt er að nota annan lopa eða band, en gæta verður að prjónfestu. Gagnlegt er að prjóna prufu, hvaða efni sem notað er.

Prjónfesta: 18 lykkjur og 22 umferðir mælast 10X10 sm.

Áhöld: Sokkaprjónar stærð 4 mm og 4.5 mm, heklunál 4.5 mm, saumnál.

Fitjið upp 39 lykkjur á 4 mm prjóna með tvöföldum lopanum. Prjónið stroff 2 sléttar og 1 brugðna 20 sm, eða eins hátt og óskað er. Skiptið yfir á 4.5 mm prjóna og bætið nú einbandinu við, takið úr þrjár lykkjur jafnt yfir og prjónið síðan 10 umferðir sléttar. Þá er komið að hæl. Prjónið nú annan helminginn af lykkjunum á sokknum, eða 18 talsins, 10 umferðir fram og til baka. Skiptið þessum 18 lykkjum síðan á þrjá prjóna, 6 lykkjur á hvern og prjónið fyrstu tvo prjónana, talið frá vinstri til hægri. Tekið er úr fyrir hæl með því að prjóna saman síðustu lykkju af prjóni 2 og fyrstu lykkju af prjóni 3. Svo er prjónað til baka og fremsta lykkja af prjóni 2 og síðasta lykkja af prjóni 1 eru prjónaðar saman. Farið til baka og endurtakið þetta þar til 6 lykkjur í miðju eru eftir. Þá er komin hæll. Nú er haldið áfram og teknar upp lykkjur þvert á prjónið sem prjónað var fram og til baka. Fínt er að nota heklunál til að krækja í bandið með því að fara ofan í kantlykkjuna. Takið upp 6 lykkjur á prjóninu og 1 lykkju í kverkinni, prjónið þar til komið er hinum megin, takið upp 1 lykkju í kverkinni og 6 lykkjur á prjóninu. Þá er aftur kominn hringur og prjónið leistinn nú áfram. Takið úr í báðum kverkum einu sinni á hvorum stað og þá eiga lykkjurnar að vera aftur orðnar 36. Prjónið slétt 21 sm mælt frá stroffi.

Þá er komið að úrtöku á tánni. Úrtakan verður að standast á við kverkina á sokknum. Prjónið 1 lykkju, takið 1 lykkju óprjónaða, prjónið 1 lykkju og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir. Prjónið 13 lykkjur, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 1 lykkju, takið 1 lykkju óprjónaða, prjónið 1 lykkju, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir. Prjónið 13 lykkjur og prjónið 2 lykkjur saman. Prjónið eina umferð án úrtöku. Endurtakið þetta tvisvar sinnum. Takið síðan úr með sama hætti í hverri umferð þar til 8 lykkjur eru eftir á prjónunum. Slítið frá og notið nál til að þræða spottann í gegnum allar lykkjurnar. Gangið vel frá endanum á röngunni, sem og öðrum endum á sokknum.

Þvoið sokkinn í höndunum í volgu vatni með góðri sápu eða mildu þvottaefni, skolið vel og kreistið vatnið vel úr, leggið til þerris.

Hönnun: Guðbjörg Kolbeinsdóttir
Uppskrift: Margrét Jónsdóttir









Þingborgarlopinn er úr sérvalinni alíslenskri ull af haustlömbum í fallegum litum sauðkindarinnar. Ullin í lopann er mildilega þvegin og heldur þannig sínum náttúrulegu eiginleikum. Lopinn er sérlega mjúkur og þægilegur í prjóni. Hann kemur í sex sauðalitum; hvítu, svörtu, ljósgráu, dökkgráu, dökkmórauðu og ljósmórauðu. Lopinn fæst í Ullarverslun-inni Þingborg sem er 8 km austan við Selfoss.

Ullarverslunin Þingborg. Opið mánudaga-laugardaga kl. 10-17

www.thingborg.is facebook/thingborgull

s. 482 1027, 846 9287 gamlathingborg@gmail.com

Upp úr Gröndal

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



„... hér eru flestir háðir einhverri „smaalighed“ og persónulegu krakileríi, og ég er þar að auki „upp á kant“ við blaðamenn hér í Reykjavík, bæði af því ég hef haldið á móti emigratióninni, því alltaf gengur daðrið við Ameríkumenn, eins og Matthías excellerar í, og svo hafa þeir kannske heyrt eftir mér, að mér þyki ekki mikið í þá varið. Þeir eru bæði partískir og fanatískir. Ég er ekki talinn með íslenskum rithöfundum, þó allir aðrir séu nefndir.“

Þannig kemst Benedikt Gröndal að orði í bréfi til Eiríks Magnússonar, bókavarðar í Cambridge, 18. október aldamótaárið 1900. Hann sendir Eiríki nýja kvæðabók sína með og biður hann að skrifa eitthvað um hana en heima sé fáum að treysta til slíkra verka enda „allt logandi í fjandskap og „personligheder“,“ eins og Gröndal tekur til orða. Hann segist vona að Eiríkur sjái að þótt hann hafi gefið út bókina hafi hann „ekkert kært [s]ig um að spekúlera í, hvort mönnum muni líka eða ekki líka“. En auðvitað tekst skáldinu ekki að tala sig frá þeirri skoðun að útskúfun og ranglæti dynji harðar á því en öðrum mönnum í samfélaginu, enda fáir höfundar sem höfðu jafnmörg orð um fámennisbrag þjóðarinnar og Gröndal á sínum tíma. Í Dægradvöl, ævisögu sinni, segir skáldið tuttugu til þrjátíu menn á eftir sér í blöðunum með „meiðyrðum, skömmum, hnútum og ónotum“ þótt hann segist ekki hafa lagt persónulega til nokkurs manns. Kauðar þessir höfðu af honum skáldastyrkinn og garðinn fyrir framan húsið hans á Vesturgötu 16 „með refjum og lygum og yfirgangi“ en þar var byggt stórt hús og öll dagsbirta frá skáldinu tekin. Nú stendur Gröndalshús á horni Fichersunds og Mjóstrætis.

Hugarfarið á Íslandi aldamótin 1900 var vafalaust með fámennisbrag. Að sumra mati er hann enn helsta mein íslenskrar menningar. Ekkert breytist, segja sumir. Aðrir sjá stöðuga framþróun, alltaf ný undarleg tákn á tímans bárum. Sumir hafa atvinnu af því að finna þessi stórmerki. Þeir voru kallaðir „trendoids“ í amerísku pressunni á níunda áratugnum og leituðust við að koma orðum yfir allt hið „nýja“ í menningu samtímans, en slík iðja er kannski ekki síður skapandi en leitandi.

Það verður hlutverk sagnfræðinga framtíðarinnar að róta upp úr botni hugarfarsins því sem máli skiptir í samtímahugsun en hitt er skemmtileg dægradvöl að róta í yfirborðinu og sjálfum sér eins og Gröndal gerði. Samtíminn er ómögulegur tími, nema í sögulegum skilningi, það er að segja sem viðfangsefni hennar – og afurð. Það vill kannski gleymast að samtíminn er afurð sögunnar. Umræðan þarf alltaf eitthvað nýtt til þess að halda sér við, stórmerki og opinberanir eru í hverju orði en hvort tveggja eru gjaldfallnar tilfinningar.









Bændablaðið kemur næst út 9. október

Leitar litbrigða og sérkenna í réttunum

Páll Imsland jarðfræðingur hefur í marga áratugi fengist við að skoða búfé Íslendinga og beint sjónum aðallega að litum og litamynstrum, en einnig öðrum sérkennum í útliti og háttum.

Hann fór á dögunum í Reykjarétt á Skeiðum með myndavélina til að leita fanga og bæta áhugaverðum myndum við sitt stóra myndasafn. „Ég á þúsundir mynda sem sýna þessi einkenni og oft hef ég birt greinar í tengslum við umræður um þessi málefni og það á ýmsum vettvangi.

Langmest hefur myndefnið þó nýst í persónulegum samskiptum við bændur og aðra eigendur dýranna. Ég hef kennt þeim ýmislegt og ég hef líka lært ekki minna af þeim í staðinn. Gamlar greinargerðir fyrir ýmsum sérkennum íslenskra húsdýra eru allt of gamlar og einfaldar miðað við nútímaþekkingu. Ég hef reynt að öðlast víðtæk yfirlit yfir fjölbreytileikann í litum og einkennum dýrastofnanna með því að fara sem víðast um og skoða sem mest af gripum. Það hefur framkallað víðtækari vitneskju um málin en áður var til staðar og framkallað spurningar um erfðir og einkenni, sem ekki lágu fyrir," segir Páll.


Páll Imsland.

Páll segist hafa nálgast leitina að litafjölbreytninni, litbrigðunum og samspili í litflórunni á annan hátt en tíðkaðist áður. „Ég hef bæði ræktað hross og fé í þeim tilgangi að viðhalda fjölbreytninni innan stofnsins og að koma í veg fyrir að sérkenni hyrfu úr stofninum og gert ræktunartilraunir til að komast að ákveðnum hlutum sem sóttu á mig í formi spurninga. Þegar litamálunum sleppir hef ég sérstaklega rýnt mikið í hornagerð sauðfjár og myndaserían sem ég náði í Skeiðarétt er mjög fókuseruð á höfuð og horn. Eitt af skemmtilegri sérkennum sauðfjárins í þessu sambandi er svokallað brúskfé. Það eru kindur sem hafa mikinn og áberandi ullarbrúsk ofan á höfðinu. Hann næst fyrst og fremst fram með því að rækta saman ferhyrnt fé og kollótt.

Ullarmikið ferhyrnt fé er góður útgangspunktur í þessu sambandi. En þar sem mikið pláss fer í hornastæðið á ferhyrndum kindum er best að framkalla myndarlegan brúsk með því að rækta efnilegt ferhyrnt fé í þessu samhengi á móti kollóttu fé. Þá kemur slatti af kollóttu fé, afbrigði sem kallast ferukollótt, en það er kollótt með ferhyrndar erfðir. Þá er pláss fyrir brúskinn og hann getur tekið á sig glæsimynd."

/smh

Botnótt og golsótt


Svartgolsótt mæðgin. Myndir / Páll Imsland


Grábotnótt og svartbotnótt.

Ferukollótt brúskfé


Morbotnóttur ferukollóttur lambhrútur með brúsk.


Snjóhvítur ferukollóttur lambhrútur með brúsk og lokk á augnalokinu.


Morgolsóttur ferukollóttur lambhrútur með brúsk.


Morbotnóttur ferukollóttur lambhrútur með brúsk.


Snjóhvítur ferukollóttur lambhrútur með brúsk og lokk á augnalokinu.

Ferhyrnt á misjafnan hátt


Svartbotnóttur ferhyrndur, klashyrndur lambhrútur.


Ferhyrnd, krókhyrnd, fullorðin ær, grá-jakobsbíldótt, bíldóttu litblettirnir mjög smáir.


Svartflekkótt ferhyrnd ær, klashyrnd vinstra megin.


Hvítur ferhyrndur, spjóthyrndur, lambhrútur.


Þrjár ferhyrndar kindur, svartflekkótt upphyrnd ær, önnur krókhyrnd ær og hvít lambgimbur.

Forystufé


Fjórar forystukindur, allar mórauðar en með nokkuð ólíkt hvítt skraut.


Morblesóttur forystusauður.

Annað


Tvær fullorðnar ær, írauðar.


Mórauð hyrnd ær með krullubrúsk í enni.



Hvar er myndin tekin?



Á þessum stað bjuggu um 200 manns þegar mest var. Þar starfaði síldarverksmiðja um miðja 20. öld en starfsemin lagðist af árið 1952. Í dag standa aðeins minjarnar eftir. Svar mun birtast á vefsíðu Bændablaðsins bbl.is mánudaginn 29. september.

Mynd / Loftmyndir ehf.

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is









VERKVAL EHF.

Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:

- Holræsahreinsun/lagnahreinsun
- Rotþróarhreinsun
- Götu- og gangstéttasópun
- Lagnamyndun
- Stíflulosun

Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.
í síma: 892-3762
eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is



Matarkrókurinn:

Kjötsúpa

Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is



Allar fjölskyldur eiga sína uppáhaldskjötsúpu og uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Enda er hin eina hárrétta uppskrift að kjötsúpu til á hverju einasta heimili og aðrar útfærslur dæmdar sjálfkrafa úr leik í oft hádramatískum umræðum í hreintrúarstíl um rétt og rangt. Nú að hausti þegar sláturtíð og uppskera íslenska grænmetisins mætast á kjötsúpan sviðið og ég hvet lesendur til að elda, bjóða og borða íslenska kjötsúpu í fjölbreyttum útfærslum. En gætið þess samt að uppskriftin sé sú rétta! Ég leik mér reglulega með uppskriftir að kjötsúpunni þó að grunnurinn sé oftast svipaður og læt eina slíka sem er bæði fljótgerð og góð fylgja.

Næringarríkar súpur og pottrétti með feitu kjöti á beini og haustgrænmeti má finna í matarmenningu margra þjóða, kjötsúpan íslenska á sér marga ættingja. Þessir réttir eiga það allir sameiginlegt að þurfa hægeldun og þolinmæði við eldamennskuna og eiga sinn uppruna í þeim hráefnum sem finnast í sveitum viðkomandi landa.

Sjálfur kann ég betur við að nota ríkulega af fersku grænmeti heldur en að notast við þurrkaðar súpujurtir sem fyrir mörgum er dauðasynd. En súpujurtir notum við samt stundum, allt eftir efnum og aðstæðum hverju sinni. Á þessum árstíma er flest íslenskt útiræktað grænmeti til í verslunum og við nýtum þann lúxus til fulls á meðan birgðir endast.



Kjötsúpa með fersku grænmeti

1 kg súpukjöt
2,5 l vatn
50 g bygg
4 stk. nýjar kartöflur
3 stk. gulrætur
1 rófa
½ haus toppkál eða hvítkál
1 laukur
½ blaðlaukur
3 stönglar sellerí
1 hvítlauksrif
2 blöð grænkál
íslenskt sjávarsalt
pipar

Byrjið á að skola lambakjötið vel og nuddið af beinasag sem stundum er fast við, setjið síðan í rúman pott og hellið vatninu yfir, stillið á miðlungshita og bíðið eftir suðu.

Á meðan að suðan er að koma upp er grænmetið skorið, skerið nýjar kartöflur og gulrætur í hæfilega munnbita. Pillið blöðin af selleríinu og saxið í fína strimla og geymið til hliðar í skál. Skerið sellerístönglana svo í grófa bita. Saxið hvítlauk fínt og lauk, blaðlauk, grænkál og toppkál í grófa bita. Þegar suðan er komin upp og hefur soðið í nokkrar mínútur, fleytið þá froðuna sem kemur á yfirborðið af. Saltið og sjóðið í 20 mínútur og bætið við kartöflum, perlubyggi, hvítlauk, lauk, sellerístönglum og gulrótum. Sjóðið í 30 mín. Bætið grænkáli, toppkáli og blaðlauk við og sjóðið í 10 mínútur þar til grænmetið er eldað í gegn. Smakkið súpuna til með salti og pipar og stráið í lokin sellerí blöðum yfir áður en þið berið súpuna fram.

Marokkósk kjötsúpa á 30 mínútum

500 g lambagúllas
2 msk. ólífuolía
2 laukar
3 hvítlauksrif
1 l vatn
3 stk. gulrætur
3 stönglar sellerí
1 msk. broddkúmen (e. Cummin)
1 msk. paprikuduft
1 tsk. kanill
1 tsk. turmeric
2 dósir tómatar
½ l vatn
1 dós kjúklingabaunir
pipar

Þessi útgáfa er fljótelduð, bragðmikil og ilmandi og auðvelt að útbúa. Byrjið á að hita víðan pott og brúnið kjötið á meðalhita ásamt þurrkryddunum, skrælið og saxið grænmetið í hæfilega munnbita á meðan, bætið grænmetinu út í pottinn og svitið í 3–4 mínútur. Bætið tómötum og vatni við og sjóðið í 15 mínútur. Bætið kjúklingabaunum við og smakkið til með salti, pipar og sítrónusafa eða ediki.

KROSSGÁTA



HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

249	NAUMUR	DÚKUR	STAFUR	PJATLA	■	KRAFTI	LOK	STUND	■
SKVETTAST									KRYDD
ÖGN					FAT				
UMHUGAÐ / DEILA					KVISTA / ÖGRA				
■	↓	→ SMÁNA / GRÖM	ÖFUG RÖÐ			DROLL	RANNSÓKNIN / KÍKTU		
BLEKKTI / FORIR					HÖGG			TUNGUMÁL	ÞJÁNING	ÁLPAST
↳			MEINSEMD / GERLEGT					RÍKI				
GRAMUR					ÖFUG RÖÐ / HALD			KRYDDJURT / RÖDD				BLIKK
TVEIR EINS			PJAKKUR / VESEN						BÓNBJARGIR / FUGL			
HEITI					Í RÖÐ / VAÐA			EXTRA / BURT				BYLGJAN
■		EGNDI / FJANDI				TRÉ / NUDDI					SKIMA / SPLÆSTU		
BLÓÐHLAUP				LJÚKAST UPP						FARKOST / LÍTILL			
HRYGGÐ					MÓTBÁRUR / TVEIR EINS								
ÁTT				NÆÐI				FYRIRGEFUR					
GADDAR						HISSA							■

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

248	EINRÆKTA	SKERÐING	SVIF	KRYDDJURT	■	KLÆÐI	NAPUR	SANNUR	UMRÓT	■
SÆLINDÝR	K	R	Á	K	U	S	K	E	L	KUNNGERA
ÓPRÝÐA	L	Ý	T	A	NAFN	J	A	K	O	B
FJARSTÆÐA	Ó	R	A	R	SEMSÉ / FRAMBURÐUR	A	L	T	S	O
TVEIR EINS / VAÐALL	N	N	SIGTA / EFTIRFYLGJANDI	S	Á	L	D	A	ÞRÆLKUN	Ð
↓	NÖÐRU	ÓGÆFA / TVEIR EINS	R	A	U	N	I	R	ÍLÁT	U	SKYLDIR / Á NÝ	Á	A
GLÓA	L	O	G	A	GET / BIRTA	N	Æ	DRASL	S	K	R	A	N	SKJÓTAST
GRAMUR	A	R	G	U	R	RISTIR / ÚRRÆÐALÍTILL	S	K	E	R	VIÐMÓT / RÓT	F	A	S
TVEIR EINS	M	M	TEGUND / VERKFÆRI	S	O	R	T	REFSING / GANGFÆR	T	U	K	T	U	N
STRIT	B	I	S	NOKKRIR / KOSIÐ	F	Á	I	R	TVÍBAKA / EINBLÍNA	K	R	U	Ð	A
■	A	MÆLTI / VAPP	K	V	A	Ð	ÞRÁIR / ÁÐEKK	Ó	S	K	A	R	STIG	R
VAXA	G	R	Ó	A	SÍFELLT	A	L	L	T	A	F	ÁTT / KÚGA	S	A
MÚÐUR	R	Ö	F	L	PLANTA	F	Í	F	A	UM SÍÐIR / TVÍHLJÓÐI	L	O	K	S
GÆLUNAFN	A	L	L	I	STEFNA	Á	K	Æ	R	A	GARÐSHORN	K	O	T
ÞRÁR	S	T	A	Ð	U	R	AÐ VÍSU	R	A	U	N	A	R	■

www.bbl.is

HUGARÍÞRÓTTIR

Grjóthart dobl

Í bikarkeppni Bridgesambands Íslands á dögunum nýtti Reynir Helgason öll vopn sem hann fann í búrinu heima til að skora impa, eins og sá snjalli norðanspilari er þekktur fyrir.

Í spili 16 gegn Grant Thornton meldaði andstaðan sig upp í 7 spaða í mörgum sagnhringjum. Rymir hélt á T8763 QJT QJ6 QJ á eftir sagnhafa sem hafði lýst 6-lit í spaða og tveir spaðar í blindum. Vitað að andstaðan á öll lykilspilin. Fyrir þessa lotu munar aðeins þremur impum á liðunum. Ætlar þú að dobla eða segja pass?



Björn Þorláksson.

Reynir ákvað að dobla en Gunnar Björn Helgason sagði með sömu spil pass á hinu borðinu. Það var ekki hægt að vinna spaða eða 7NT en aðeins þarf að flytja spaðaníuna á milli handa til að doblið myndi hafa gefið upp leguna og 7 spaðar hefðu staðið.



Stöðumynd 1.



Ólafur Sigmarsson-Kristinn Kristinsson unnu öruggan sigur á silfurstigamóti sem jafnframt var lokamót sumarbridge. Örvar Snær Óskarsson-Ómar Freyr tóku silfrið. Myndin er af viðureign paranna í mótinu. Mynd: BÞ

Sigurbjörn Haraldsson hristi víst höfuðið yfir doblinu en það munar um tvo impa í svona tæpum leik, sagði Reynir grjótharður og sagðist ekki sjá að 7NT gætu staðið, þar sem hann var með stopp í öðrum litum.

Nýtt skref

Beinar útsendingar eru hafnar á föstudagskvöldum klukkan 19 af viðureignum íslenskra briddssveita. Hægt er að sjá útsendingarnar í gegnum Sjónvarp Símans - Rafíþróttir, youtube eða Twitch. Viðureignum er lýst í beinni og er fagnaðarefni að þetta nýja framtak bætist við þá þjónustu sem fyrir er og varðar hugaríþróttina. Morgunblaðið er með daglegan briddsdálk, Bændablaðið heldur úti umfjöllun um bridds í hverju tölublaði og annan hvern sunnudag sýnir Samstöðin umræðuþætti um bridds.

Von Bridgesambands Íslands er að ný skref og ný tækni falli unnendum vel í geð og auki enn áhuga á íþróttinni.

Umsjón: Björn Þorláksson,
bjornthorlaksson@gmail.com

Skákþing Norðlendinga

Skákþing Norðlendinga var haldið í Brekkuskóla á Akureyri dagana 5.–7. september. Þetta var í 90. sinn sem mótið fór fram. Ekkert íslenskt skákmót á sér lengri samfellda sögu en Skákþing Norðlendinga. Seinni heimsstyrjöldin og Covid faraldur settu strik í reikning ýmissa annarra móta en aldrei féll Norðurlandsmótið niður. Mótið var að þessu sinni haldið sem 11 umferða atskákmót á þremur dögum. Keppendur voru 24, flestir annaðhvort frá Norðurlandi, eða tengdir Akureyri á einhvern hátt, eins og sá sem hér skrifar. Skákfélögin á Norðurlandi skiptast á að halda mótið og ég hef mætt til leiks á Akureyri, Húsavík, Sauðárkróki og í Aðaldal. Eitt af þessum mótum sem er alltaf gaman að skella sér á.



Gauti Páll Jónsson.

Eftir skemmtilega skákhelgi var það Jón Kristinn Þorgeirsson sem stóð uppi sem sigurvegari með 9,5 vinning. Þeir Davíð Kjartansson, sem fékk 9 vinninga, voru í nokkrum sérflokki í mótinu. Þriðji varð Símon Þórhallsson með 7,5 vinning. Hraðskákmót Norðlendinga fór að þessu sinni fram á laugardagskvöldinu, frekar en að aðalmótinu loknu, og þar varð Símon hlutskarpastur. Greinarhöfundur nældi sér í annað sætið og Jón Kristinn í það þriðja á oddastigum. Ágætis verðlaun voru veitt fyrir mótin en stóru bankarnir þrír og Hafnasamlag Norðurlands voru styrktaraðilar mótsins.



Jón Kristinn Norðurlandsmeistari 2025.

Nú er vetrarstarfið hjá Skákfélagi Akureyrar komið á fullt skrið, en þann 5. október lýkur Haustmóti SA, sem einnig er meistaramót félagsins. Fyrirkomulagið er frumlegt og skemmtilegt, opnar þriggja kvölda undanrásir með frjálsri mætingu, og í framhaldinu úrslitakeppni milli þeirra sex sem fengu flesta vinninga í undankeppninni. Félagið verður aukinheldur meðal keppnisliða frá Íslandi á Evrópumóti taflfélaga sem haldið verður á Ródos dagana 18.–26. október. Þar er metþátttaka íslenskra liða, fimm sveitir í opnum flokki og ein í kvennaflokki, sameiginleg íslensk keppnissveit. Liðin í opnum flokki verða auk SA: Taflfélag Reykjavíkur, Skákdeild Fjölnis, Skákdeild Breiðabliks og Dímon. Sterk hefð er fyrir því að íslenk skákfélög sæki mótið og eru keppendur bæði atvinnu- og áhugamenn í skák. Til eru dæmi um íslenska skákmenn sem hafa sótt mótið sleitulaust árum saman, svo skemmtilegt er það. Stórmeistarinn Jóhann Hjartarson verður á fyrsta borði fyrir Skákfélag Akureyrar.

Umsjón: Gauti Páll Jónsson



Erfinginn:

Guðmundur Ingi Hauksson

Nafn: Guðmundur Ingi Hauksson.

Aldur: 5 ára að verða 6 ára.

Búseta: Akranes.

Skemmtilegast í skólanum: Sproti, stærðfræði.

Áhugamál: Fótbolti og hjóla og skemmta mér.

Tómstundaiðkun: Fótbolti.

Uppáhaldsdýr: Kisa.

Uppáhaldsmatur: Pylsur.

Uppáhaldsþáttur: Dagur Diðrik.

Uppáhaldslitur: Blár, gulur og grænn.

Uppáhaldshlutur: Fótbolti.

Uppáhaldsmynd: Tröllí stal jólunum (The Grinch).

Fyrsta minningin: Þegar ég fór í fyrsta skiptið í flugvél.

Ánægja með í fari mínu: Góður vinur og glaður strákur.

Skemmtilegast að gera: Reikna í stærðfræði og vera í fótbolta.

Hvað langar þig að vinna við: Lögga.

Viltu taka þátt? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

	6	1			2	4		
2		5	9	4	8			
4						2	3	9
6	7		5				9	
	4	3	1	9				
						3	6	8
			7	6		9	5	1
5					1	6		2
7	1	6	2	5				

Miðlungs

	4			2				
					3		9	
					8	6		7
		7					8	
	9		5				4	
3				7		1		
			8	3				
	8	2	4					
		1		9				

Þung

6								
7				5			1	3
1		2		8				7
	2		7		4		5	
			1				3	
						9		
				6		2		
	9							
8	4		3			1		

Þyngst

6								
7				5			1	3
1		2		8				7
	2		7		4		5	
			1				3	
						9		
				6		2		
	9							
8	4		3			1		

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuspá

Vatnsberinn hefur undanfarið velt fyrir sér hvort hann sé á réttri hillu í lífinu. Eitthvað sem hann hafði búist við að gengi upp og yrði honum til góðs á nýrri framabraut hefur ekki reynst sem skyldi. Að sama skapi þyrfti hann að herða sig í ástarlífinu ef vel á að fara. Einhleypir vatnsberar þurfa að taka af skarið, þeir í sambandi brydda upp á nýjungum. Happatölur 11, 45, 2.

Fiskurinn hefur tekið stóra ákvörðun sem er honum á allan hátt til happa. Mál ástarinnar hafa aldrei verið betri og ákvarðanir tengdar flutningi erlendis dýpka og styrkja allar tilfinningar þeirra sem eiga í hlut. Samheldni og einhugur eru lykilorðin hér. Fjármálin eru einnig á góðum stað og mun greiðast úr ýmsum málum sem á hefur staðið.Happatölur 22, 13,4.

Hrúturinn virðist fremur öðru vera í jafnvægi og finnur sjálfur óvænta ró í hjarta. Lífið hefur komið honum á óvart nú síðsumars og um að gera að njóta þess góða sem að honum streymir. Mikilvægt er að opna fyrir hreinskilin tjáskipti á öllum vígstöðvum og ekki láta getgátur stjórna einu eða neinu. Lögð er áhersla á að næra bæði sál og líkama. Happatölur 8, 13, 62.

Nautið hefur komið sjálfu sér á óvart og styrkst í eigin skinni. Sjálfstraust og innri ró veita því hugrekki til að treysta innsæinu þegar kemur að stórum ákvörðunum sem þarf að taka. Leyndur aðdáandi er ekki langt undan og má nautið njóta skjalls og augngota þegar þannig stendur á. Það er þó nautinu í sjálfsvald sett að kynda undir þeim ósköpum. Happatölur 21, 6, 88.

Tvíburinn mun eiga von á viðurkenningum frá hinum ólíklegustu stöðum og má því vera afar ánægður með sjálfan sig. Tvíburinn má vel við una en skal þó gæta þess að fall af háum stalli er ekki þægilegt. Hann hefur það kannski bak við eyrað en má að sama skapi auðvitað njóta þess að vera til. Happatölur 17, 11, 23.

Krabbinn hefur komið sjálfum sér á óvart núna undanfarnar vikur og tekið skref sem hann hélt að yrðu aldrei tekin. Tilhugalífið hefur komið skemmtilega á óvart og krabbinn í stöðu sem gæta þarf vel að. Opin samskipti og hreinskilið spjall er lykillinn að áframhaldandi velliðan, bæði krabbans sjálfs og hans nánasta umhverfi. Happatölur 16, 8, 78.

Ljónið þarf að gæta vel að líkamlegu heilbrigði, en einhver innri eymsl geta rifið sig upp. Gæta skal þess að oft haldast líðan hugar og líkama í hendur. Atvinnumálin munu koma skemmtilega á óvart á næstunni þar sem ljóninu bjóðast ýmsir kostir og gæta þarf þess að velja vel. Happatölur 5, 12, 33.

Meyjan má eiga von á breytingum næstu vikur. Hún þarf að hafa hægt um sig og gæta þess að hafa varan á í samskiptum við aðra. Óvæntir atburðir munu eiga sér stað sem meyjan þarf að geta haft yfirsýn yfir og þarf að hafa bak við eyrað að kapp er best með forsjá. Happatölur 5,23, 77.

Vogin nýtur almennrar hylli þessa dagana, enda eitt yndislegasta og mest sjarmerandi merkið. Hún er á góðum stað í lífinu þessa dagana og mál hjartans traust og innileg í senn. Vogin þarf að vera duglegri að ráðstafa tíma sínum þannig að öll verkefni klárist, en illa getur farið ef ekki er haldið vel á spöðunum. Happatölur 6, 9, 74.

Sporðdrekinn finnur að eitthvað æsilegt á eftir að eiga sér stað á næstunni og þar reynist hann sannspár. Lukkuhjólið stöðvast þegar hann á síst von og þær tölur sem hann veðjar á eru í raun ansi litríkar. Eða í stuttu máli, ævintýri og fjársjóðir eru í kortunum, þær ákvarðanir sem hann hefur tekið undanfarið verða honum til góðs. Happatölur 7, 12, 32.

Bogmaðurinn er eitt þeirra merkja sem eiga von á miklu happi það sem eftir lifir ári. Sú lukka mun leynast undir yfirborðinu og mismunandi hvenær á henni kræla. Bogmenn þurfa þó að gæta að líkamlegu ásigkomulagi sínu og þá jafnvægi á hreyfingu, andlegri örvun og mataræði. Annars getur farið heldur illa. Happatölur 34, 32, 52.

Steingeitin nýtur værðar haustsins og ætti að fara út í ferskt haustloftið að njóta litadýrðarinnar. Hún er rórri í hjarta en oft áður og má trúa því að það sem hefur valdið henni kvíða og vanlíðan mun óðum leysast. Hún þarf þó að gæta þess að ætla sér ekki um of, en treysta því að sumt í lífinu er fyrir fram ákveðið. Happatölur 89, 33, 26.



Brennureið 99 skikkjuklæddra reiðmanna var farin í fótspor Flosa Þórðarsonar og hans manna forðum. Hér er hópurinn við Tungufoss í Eystri-Rangá.
Mynd / Árni Sæberg

Gamall draumur varð að einu stærsta ævintýri lífs míns

– segir Guðni Ágústsson, frumkvöðull og driffjöður Njáluvöku í Rangárþingi

Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra með miklu meiru, gekk með þann draum í maganum – og huganum – í mörg ár að koma Brennu-Njáls sögu á þann stall sem honum þótti bókmenntaafrekið verðskulda í sögu íslenskrar þjóðar.

Kannski gægðist fyrsti sproti þeirrar hugsjónar upp strax í barnæsku þar sem hann ólst upp í hópi sextán systkina á Brúnastöðum í Flóa og sat nánast alla daga undir löngum lestri föður síns þar sem hann fór um víðan völl í Íslendingasögunum og dvaldi þá ekki síst við eina af stærstu perlum þeirra, Brennu-Njáls sögu.

Njáluvaka varð að veruleika

Og Guðni lét drauminn rætast. Hann hélt ótrauður áfram þrátt fyrir að missa eiginkonu sína til ríflegra hálfrar aldar, Margréti Hauksdóttur, með sviplegum hætti á vormánuðum. Fjögurra daga Njáluvaka í Rangárþingi varð að veruleika undir lok ágústmánaðar. Hátt í 700 manns mættu á skemmti- og fræðakvöld í félagsheimilinu á Hvolsvelli á fimmtudegi.

Á meðal atriða þar var ógleymanlegur flutningur leikhóps undir stjórn Svandísar Dóru Einarsdóttur sem skrifað hafði nokkra stutta og dramatíska einþáttunga upp úr völdum köflum í sögunni. Karlakór Rangæinga og Hundur í óskilum fluttu magnaða tónlist og fræðimenn héldu erindi.

Sjö til átta þúsund manns

Á milli sjö og átta þúsund manns mættu svo til þess að upplifa brennu- og skrautreið 99 skikkjuklæddra hestamanna með tvo til reiðar eins og fylgdarmenn Flosa Þórðarsonar forðum sem báru eld að eftirlíkingu Bergþórshvols. Þar stigu m.a. Karlakór Rangæinga og fleiri söngmenn á svið, Hundur í óskilum fór á kostum, víkingar sýndu bardagalistir sínar og brekkusöngur var kyrjaður fram eftir kvöldi á meðan bærinn logaði.

„Þetta mikla fjölmenni og ógleymanlegt framlag fjölmargra listamanna gerði Njáluvöku að einu stærsta ævintýri lífs míns," segir Guðni. „Mér þótti sérstaklega vænt um hve vel tókst til vegna þess að Margrét mín heitin óttaðist að ég væri að færast of mikið í fang, kominn á þann aldur sem ég er. Ég veit hins vegar að hún fylgdist spennt með undirbúningnum og ekki síður þegar á hólminn var komið og hefur ábyggilega verið stolt rétt eins við öll sem að verkinu komum."



Víkingar úr Hafnarfirði sýndu fornar bardagalistir í öllum herklæðum.
Mynd / Árni Sæberg



Arthur Björgvin Bollason og Guðni stýrðu magnaðri Njálubrennu á Rangárbökkum.
Mynd / Árni Sæberg

Stærsti demantur íslenskra bókmennta

„Brennu-Njáls saga er í mínum huga stærsti demantur íslenskra bókmennta og er þó af ýmsum gersemum að taka," segir Guðni, sem er formaður nýstofnaðs Njálufélags sem hyggur á ýmis Njálutengd verkefni undir vígorðunum „Upp með Njálu" á komandi árum. „Njáluvakan gaf okkur fljúgandi start og mikið veganesti. Mæting á viðburðina var gríðarlega góð og staðfesti þann mikla áhuga sem þjóðin hefur á sögulegum arfi sínum. Stuðningur atvinnulífsins við þetta fyrsta verkefni okkar var líka alveg einstakur og án hans hefði Njáluvaka aldrei orðið að veruleika."

Og Guðni er langt í frá að kasta mæðinni og hvíla sig eftir ævintýrið í Rangárþingi. Í byrjun október drepur hann niður fæti í Salnum í Kópavogi ásamt stórtenórnum Gissuri Páli Gissurarsyni. „Ég mun í fyrsta sinn spreyta mig á því að þjappa Brennu-Njáls sögu saman og mæla hana af munni fram. Gissur Páll, sem alla tíð hefur verið mikill áhugamaður um Íslendingasögurnar, mun kallast á við mig í þessari framsögn og krydda hana með því að syngja inn á milli rammíslensk lög við undirleik Matthildar Önnu Gísladóttur. Ég veit að við Gissur Páll eigum eftir að hafa mjög gaman af þesssari tilraun og vonandi fáum við fullan sal af himinlifandi glöðum áheyrendum," segir Guðni sem einnig stefnir á málþing um Njálu í haust með þátttöku ýmissa fræðimanna. */smh*



Gissur Páll og Guðni setja Njálu í nýjan búning í Salnum í byrjun október.
Mynd / Gígja Skjaldardóttir



EIGNAR HYLKI

Gas og súr, hlífðargas fyrir MIG og TIG suðu, koldíoxíð fyrir gróðurhús, köfnunarefni og fl.

Frá litlum hylkjum upp í 20t tanka

VELDIX

S: 547 5577 - VELDIX.IS
VELDIX@VELDIX.IS

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:

„Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins."

Jóh. 8.12

biblian.is



Íslenskir fjárhundshvolpar eru að leita sér að framtíðarheimili. Hvolparnir eru ættbókarfærðir og tilbúnir til afhendingar. Upplýsingar í s. 774-8778 og 776-8778.



Til sölu Hunnebeck steypumót 717 fm þriggja metra há. Fylgihlutir fyrir um helminginn. Selst allt saman á kr. 24.000.000 m/vsk. jarnavirkid@gmail.com



McCormick X5.110 - 2023 Notkun: 1.420 klst. Ámoksturstæki - skófla - dráttarkrókur. Nýyfirfarin. Verð kr. 8.500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 412-3000.



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.

VÍR OG LYKKJUR EHF

772-3200



Óska eftir Toyota Land Cruiser 60. Skoða dýra/heila bíla og ódýra/lélega. Breytta eða óbreytta. Mynd fylgir athygli. S. 787-2809 eða siggig@hi.is



Gámar til sölu. Lengd 5,8 m. Breidd 2,46 m. Hæð 2,51 m. Verð kr. 500.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 895-2220 og á netfangið: Jarnavirkid@gmail.com



„Willys jeppi - flathead mótor", uppgerður, til sölu. Verð kr. 200.000. Uppl. í s. 898-6033.



Infrarauður klefi,
150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum,
bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.

GODDI.IS
Auðbrekku19,
200 Kópavogi,
S. 544-5550



Eigum til 5 stærðir af lokum á lager, 12 cm. þykk, m/10 cm. svuntu, 4 festingar og 3 styrktarbitar kr. 85.000- fást í tveim litum.



GODDI.IS
Auðbrekku 19, 200 Kópavogi
s. 544-5550.



Þú sem vannst 83 milljónir í Lotto um daginn. Geitin er þín fyrir kr. 47.990,- Rokk & Rómantík, Laugavegi 62. www.goth.is



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Til sölu Ford Transit, árgerð 2019, 7 manna 4x4, 6 gíra. Ekinn 111.000 km. Með blikkljósum og örvaljósum, sæmileg nagladekk fylgja með. Ásett verð kr. 4.600.000 +vsk. Skoðaður til 2026. Upplýsingar í s. 892-0848 og s.hjalta@simnet.is

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Til sölu DANUBE þurrkari 38 kg. (b:102 h: 195 d: 132 cm) Er í fínu standi og tilbúinn í næstu verkefni. Verð kr. 380.000 eða tilboð. Uppl. S. 898-0083 - jon@history.is

BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM Á NETINU

Nám sem gefur rétt til prófs á allar gerðir og stærðir vinnuvéla*

Opið allan sólahringinn

VERÐ 70.000 kr.

*Nema bruktana

VINNUVÉLA SKÓLINN

vinnuvelaskolinn.is

- á íslensku og ensku

Bændablaðið er á Facebook

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE

UNSINN TRAILER

Schmidt FAHRZEUGBAU

Nýtt heimilisfang Desjamýri 14

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3, 4 og 5 hesta.

BRIMCO

DESJAMÝRI 14 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Notuð atvinnutæki til sölu hjá Velti

Ný og notuð tæki til sölu í miklu úrvali.

Kynntu þér enn meira úrval á veltir.is

Komdu í Hádegismóa 8 eða heyrðu í okkur í síma 510 9100



Mercedes Benz Atego 1023
Árgerð: 2016
Akstur: 270.000 km
Hestöfl: 230
Verð: 2.900.000 kr. + vsk.



Komatsu HB215 beltagrafa
Árgerð: 2018
Notkun: 7.200 tímar
Orkugjafi: Hybrid
Verð: 10.900.000 kr. + vsk.



Liebherr A914 hjólagrafa
Árgerð: 2016
Notkun: 9.200 tímar
Verð: 11.900.000 kr. + vsk.



SCHÄFFER 4670
Árgerð: 2023
Notkun: 500 tímar
Verð: 8.500.000 kr. + vsk.

Komdu í Hádegismóa 8 eða heyrðu í okkur í síma 510 9100

Alltaf heitt á könnunni í framúrskarandi aðstöðu fyrir bílstjóra og eigendur atvinnutækja.

VELTIR

Hádegismóum 8
Sími 510 9100

veltir.is



Nýsmíðaður 18 fm kofi (reykkofi). Innréttaður og hannaður sem reykhús. Skiptist í reykhólf, taðgeymslu og lítinn vinnslusal. Klæddur að utan með bárujárni, að innan með hvítum krossvið, þak og gólf einangað. Nánari upplýsingar gefur Kristján í s. 860-5699.

Pantaðu leigubíl í s. 588-5500.



Fjórhjól til sölu. Mrx Cobalt 570cc, árgerð 22. Götuskráð, sjálfskipt, ekið undir 100 km. Rafstart, dráttarbeisli, farangursgrind framan & aftan. Verð kr. 1.650.000. Upplýsingar í s. 769-0313 og á netfanginu: ofvirk1989@gmail.com



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Til sölu 10 manna kaffi/skrifstofuvagn með eldhúsi og wc aðstöðu. Uppl. í S. 868-4539 - Óli Már.



Renault Kangoo, dísil, árg. 2017. Ekinn 87.000 km. Frekari upplýsingar fást hjá Óskari í Bílalind s. 511-0000. (Raðnr. 425822)



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130



Er með mikinn fjölda af margra ára trjám í pottum til sölu. Alpa & koparreynir, garðahlynur, dúntoppur, gljásýrena ásamt mörgum öðrum tegundum. Helst að reyna að selja góðan fjölda í einu. Hafið samband v. ditticeland@gmail.com, eða í s. 820-2221.



Mazda CX-5 Optium, 4x4, dísil, árgerð 2016, sjálfskiptur, ekinn 143.000 km. Verð kr. 2.190.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Náðu þér í sláttuvél á gamla verðinu. þessi er 175 cm breið og hentar 40 –60 hp. Kostar kr 295.000 +vsk. Nýtt blað á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is



Fjárhúsmottur á tilboðsverði út október. Verð kr. 11.610 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu Ford Fiesta Titanium, bensín, árgerð 2016. Sjálfskiptur, ekinn 96.000 km. Verð kr. 1.390.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Uppítökuvél. Solis 26 HST með húsi og ámoksturstækjum. Skrán. 12/22 notuð 35 tíma. Verð 3.200.000 +vsk. Vallarbraut s. 454-0050.



Til sölu Audi A3 Limousine, bensín, árgerð 2017. Sjálfskiptur, ekinn 114.000 km. Verð kr. 2.790.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Tilboð á Weckman sturtuvagni með 7 tonna burðargetu/hlassþyngd. Verð áður kr. 1.890.000 m/vsk. Verð nú kr. 1.700.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI



RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.



ÁSCO

Glerárgata 34b, 600 Akureyri · S4611092 · asco@asco.is BÍLARAFMAGN



Til sölu Iveco Stralis 450 hp árg. 2008, ekinn 448.000 km. Lyfta 1,5t kassi 720 cm. langur. Bíll í góðu ástandi. Nýlegir loftpúðar hringinn. Verð kr. 3.700.000 +vsk. Einhver skipti skoðuð. Uppl. S. 775-1500.



Til sölu Honda CR-V, 4x4, bensín, árgerð 2016, sjálfskiptur, ekinn 170.000 km. Frekari upplýsingar í s. 857-7399.



Kia Sportage 2016, krókur, negld vetrardekk fylgja. Alinn upp í sveit undanfarin ár. Staðsettur hjá Bæjarbílum í Garðabæ. S. 517-1600. Ásett verð kr. 2.190.000, skoða tilboð.



Massey Ferguson 399 árg. 1988 til sölu. Ný kúpling. Verð 3.000.000 +vsk. Staðsett á NA-landi Uppl. s. 863-6646 eða gimbur@gmail.com



Volkswagen Tiguan, dísil, árgerð 2016. Ekinn 190.000 km. Með skoðun og ástandsskoðun. Ný sumardekk. Dráttarkrókur. Ásett verð kr. 2.200.000. Theódór s. 892 9082.



Til sölu Honda CR-V, 4x4, bensín, árgerð 2016. Sjálfskiptur, ekinn 170.000 km. Nýlega skoðaður. Ásett verð kr. 2.300.000. Nánari upplýsingar í s. 857-7399.



Ný Stiga CLH kapal lagningavél (Husqvarna CL400i kapal lagningavél) til sölu. Honda 160cc (4.5Kw mótor) Leggur allt að 6 cm niður í jörðina. Afköst: 36 metrar/mín. Verð kr. 220.000 (hálfvirði) Upplýsingar í s. 896-4494.



Timbur í fjárhúsgólf til sölu með 10% afslætti: Stærð 32 x 100mm. Verð kr. 355 LM m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.





Uppítökuvél. Solis 50 með ámoksturstækjum og skóflu. Skrán. 02/22 notuð 250 tíma. Verð kr. 5.200.000 +vsk. Vallarbraut s. 454-0050.



Rafstöð til sölu af gerðinni Caterpillar 3306. Talin vera árgerð 1997. 145 KW rafall og motor 6 cyl. 209 hestöfl. Var varaaflsstöð eingöngu og notuð alls um 1.000 klst. Vélin er alveg í lagi og nýlega tekin niður. Er á Kjalarnesi. Verð án vsk. kr. 700.000. Upplýsingar í s. 822-8612 Bjarni.



Stórbaggagreip. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 343.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Faðmgreip - Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Steinaskóflur með Eurofestingu. Breidd 140 cm - Verð kr. 214.500 m/vsk. Breidd 170 cm - Verð kr. 258.500 m/vsk. Breidd 210 cm - Verð kr. 313.500 m/vsk. Breidd 250 cm - Verð kr. 379.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Sólarsellur 600w stærð 240x115x3 cm Verð kr. 39.900. Allir aukahlutir til, Orkubondinn. is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Taðklær. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð - 120 cm kr. 220.000 m/vsk. Verð - 140 cm kr. 310.000 m/vsk. Verð - 160 cm kr. 335.000 m/vsk. Verð - 180cm kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130

Braggar og bogahýsi. Verð frá 32.400 +vsk. Vallarbraut s. 454-0050.





Girðingarefni á hausttilboði 5 strengja girðingarnet kr. 14.310 m/vsk. Motto gaddavír kr. 5.310 m/vsk. Iowa gaddavír kr. 8.650 m/vsk. Þanvír/rafmagnsír kr. 10.710 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Nidaplast. Jarðvegsgrindur. Útileiktæki. Gervigras. Járnrimlagirðingar. Gúmmíhellur og drenmottur. Básamottur. Gegnheilt endurunnið plast í fjár- og hesthúsið. Allt fyrir leik- og íþróttasvæðið. jh@johannhelgi.is, s. 565-1048 johannhelgi.is Jóhann Helgi & Co, 588-1130.



Tilboð á rúlluskera með vökvastýrðum plastgrípara. Ásoðnar Eurofestingar. Verð áður kr. 756.400 m/vsk. Verð nú kr. 643.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel. ehf.



Case MXU 100 Maxxus árg. 2007. Notaður 5.500 klst. Quick 45 ámoksturstæki. Verð kr. 4.150.000 Uppl. s. 820-0989.









Þú skráir smáauglýsinguna þína á www.bbl.is





Atvinna

Reyndur fjármálastjóri leitar að óreiðukenndu fyrirtæki fyrir fjögurra mánaða björgunarverkefni. Hafðu samband í gegnum hoobla.is

Dýrahald

Nánast ónotaður hænsnakofi (notaður 2 vikur) fyrir 4 hænur. Frostheldur, keyptur í Líflandi (á kr. 100.000) ásamt stóru búri, 8 fm. Selst saman á kr. 65.000. Upplýsingar í s. 892-8313 (Rúnar).

Vel með farinn notaður hnakkur sem nýr til sölu. Einnig lítið notað karlmannsreiðhjól. Upplýsingar í s. 820-8237.

Einkamál

BARNAFJÖLSKYLDUR ÓSKAST Við leitum að barnafjölskyldum sem vilja verða hluti af okkar litla en kraftmikla samfélagi. Kveðja, Stöðvarfjörður.

Tengdasonur óskast Finnst þér gaman að hlusta? Þá er dóttir mín á lausu. Hún er falleg, traust, sönn og með hjarta úr gulli en ekki alveg gallalaus. Hún getur talað samfleytt og hátt til lengri tíma en það er í góðu lagi. Ef hún hins vegar þagnar er gott ráð til þín, verðandi tengdasonur, að biðjast fyrirgefningar (þú þarft ekkert að vita á hverju nákvæmlega). Hún er líka þrjósk og ákveðin svo ef þögn hennar dregst á langinn og afsakanabeiðnir þínar opna ekki fyrir talandann skal ég lofa að vera vin í eyðimörkinni þar til úr leysist. Sjálfur hef ég yfir 20 ára reynslu af frumgerðinni. Ef þér vegnar vel gæti fylgt henni jörð einn daginn. Menntunarkröfur - iðnmenntun - meirapróf/vinnuvélaréttindi Tromp - búfræðimenntun. Lækna-, lista- og lögfræðimenntaðir umsækjendur eru afþakkaðir. Umsóknir sendist á tengdasonurisveit@gmail.com.

Óska eftir að kynnast glaðlegum náttúruunnanda sem er til í óvissuferð. Ef þú hefur áhuga þá verð ég í ljósbláum kjól á Álfastund í Borgarnesi 4. október (miðasala á tix.is). Huldumey.

Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Skoða og kaupi: Vínylplötur, frímerki gömul póstkort og alls kyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is.

Óska eftir að kaupa muni frá flugfélögum. Óska eftir að kaupa gamla hluti merkta Flugfélagi Íslands, Loftleiðum eða öðrum íslenskum flugfélögum, flugrekendum, þyrlufyrirtækjum eða flugskólum: Einkennismerki á búninga eða galla (málm- eða taumerki), prjónmerki, nafnanælur, húfur, kaskeiti, hlutabréf, vimpla, kveikjara, flögg, umboðsskilti, flugáætlanir og annað merkt eða prentað efni. Allt kemur til greina. Sendið fyrirspurnir á netfangið: heimsti@simnet.is - Eiríkur L.

Bátur óskast. Er að leita mér að bát. Má þarfnast viðgerðar, má vera mótorlaus, skoða allar stærðir. S. 866-1700.

Vantar vetrargeymslu fyrir húsbíl sem er 6,5 m. Helst nálægt höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 690-5300 eða á netfangið: oddbjornstef@gmail.com.

Til leigu

Claas lyftutengd fjögurra hjóla hjólarakstrarvél til sölu. Hefur verið geymd inni síðastliðin 25 ár. „Afturlenging“ fylgir með ásamt fimmta hjólinu. Staðsett í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, s. 846-6763.

Til sölu

Hjólkoppar til sölu, mikið úrval. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmur v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18. S. 865-2717.

Nýtt timbur 2x6 2x8 1x6. Þriggja fasa loftpressa. Ný útihurð. 4 nýir gluggar, 70 cmm x 3m á lengd með oppnanlegt fag. Einangrun. Skipti á landbúnaðarafurðum. S. 892-4624.

Ford 350 Lariat árg. 2007 (12/2006) skoðaður 2026 til sölu. Nýleg dekk, nýir rafgeymar, ryð í skúffu, ekinn 201.000 km. Einn eigandi, Verð kr. 2.500.000. 5 hesta kerra í döpru ástandi getur fylgt í kaupbæti. S. 862-3995.

Landssmiðjublásari af minni gerðinni fæst keyptur, árgerð um 1978, staðsettur í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, upplýsingar í s. 846-6763.

MBenz 4matic árg. 2000 ekinn 368.600 km. Skoðaður 2026. Dráttarkúla (engin bifreiðagjöld) Fæst í skiptum fyrir Zetor 7245 eða tilboð. Er á Vesturlandi. Uppl. í s. 869-9265.

Tilkynningar

Elsku Kata mín. Innilega til hamingju með afmælið. Koss og knús, Addi.

Þjónusta

Steinullarbíllinn. blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við símann, 577-4444.

McHale

Við minnum á forpöntunartilboð!

Síðasta tækifæri til þess að panta er 30. september

Vegna mikillar sölu hjá McHale er pantanafrestur að lengjast



Fáðu vél sem að hentar þínum þörfum!

Nýjungar í aukabúnaði! Hafið samband við sölumann

PROFI FLO

Verð frá: 13.040.465 kr. + vsk.*

Heytætlur



Fáanlegar í þremur stærðum; 7,7m, 10,2m og 12,6m.

Verð frá: 2.398.017 kr. + vsk.*

Sláttuvélar



Sláttuvélafiðrildi
Fiðrildi með stillanlegri vinnslubreidd
B9000 - B9600 - B910; án knosara

Verð frá: 5.263.798 kr. + vsk.*



Framsláttuvélar með knosara
Fáanlegar 3,1m og nú einnig 3,5m

Verð frá: 3.054.515 kr. + vsk.*



Aftursláttuvélar
Fáanlegar 3,1m; með eða án knosara.

Verð frá: 2.329.932 kr. + vsk.*

Rakstrarvélar



NÝTT FRÁ MCHALE

Verð frá: 3.703.149 kr. + vsk.*

Fáanlegar 6,2m-7,2m; 6,8m-7,8m
og **nú einnig 8,0-9,0m!**

*** Verð miða við gengi EUR 145 - Forpöntunarverð gilda aðeins án uppítöku.**

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

GÆÐI | STYRKUR | ENDING

AFLVÉLAR

Bjóðum veturinn velkominn!

A SERIES
75-135 HÖ

G SERIES
105-125 HÖ

N SERIES
135-201 HÖ

T SERIES
155-271 HÖ

Q SERIES
230-305 HÖ

S SERIES
280-425 HÖ

MADE IN FINLAND



Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2025

Upplýsingar um allar Valtra dráttarvélar

Upplýsingar um Aebi - Schimdt tæki

schmidt
a brand of aebi schmidt

Eitt stærsta fyrirtæki heims í snjóruðningstækjum






Upplýsingar & verð vetrartæki

Tokvam®

PRONAR

Öflug snjóruðningstæki frá Tokvam, Pronar & Siljum







Upplýsingar & verð litlir snjóblásarar

solo® by AL-KO

ARIENS

VELTRON HEATERS & COOLERS

Upplýsingar & verð Infrarauðir hitarar







SELFOSSI | AKUREYRI | GARÐABÆ | sími 480-0000 | www.aflvelar.is